SKOÐUN Sveinn Rúnar Hauksson skrifar um stríðsglæpi gegn Palestínu. **13**

MENNING Glæsileg dagskrá á Act Alone einleikshátíðinni á Suðureyri í ágúst. **24**

LÍFIÐ Nazima Kristín og Mikael Ómar taka þátt í föstu í ramadan-mánuðinum. **34**

SPORT Úttekt á uppgangi íslenska landsliðsins á FIFA-listanum undanfarin ár. **30**

FLUGFÉLAG FÓLKSINS
WOW air

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
8. júlí 2015
158. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

MARKAÐURINN

Konur fjárfesti meira

Í níu hagsmunasamtökum í atvinnulífinu er einungis ein kona framkvæmdastjóri og tvær stjórnarformenn. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir fjárfestir vill að konur fjárfesti meira.

FRÉTTIR

Ferðakóngur ráðherra

Gunnar Bragi Sveinsson er ferðakóngur tveggja síðustu ríkistjórna og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur verið helmingi lengur erlendis en Jóhanna Sigurðardóttir. **10**

Bera ekki ábyrgð „Við reynum að gera okkar besta þótt við berum ekki ábyrgð á þeim sem kaupa bara áætlunarakstur," segir forsvarsmaður rútufyrirtækis vegna ferðamanna í ógöngum. **4**

Biðstaða í Grikklandi Forsætisráðherrar ríkja evrusvæðisins funduðu í gær um nýja neyðaraðstoð við Grikki en komust ekki að niðurstöðu. **8**

12

2 SÉRBLÖÐ Markaðurinn | Fólk

FIÐLULEIKUR Systurnar Björney Anna og Þórdís Emilía Aronsdætur skemmtu ferðamönnum á Skólavörðustíg í gær. Margir sem áttu leið hjá laumuðu peningum að fiðluleikurunum. Sannarlega frumleg leið til að fylla sparibaukinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fangelsisyfirvöld vilja opna fyrir netnotkun

Netnotkun er óheimil í fangelsum. Netpungum er þó smyglað inn til fanganna og fangelsismálastjóri og forstöðumaður Litla-Hrauns vilja að fangar fái að nota netið.

SAMFÉLAG „Ég myndi vilja að fangar geti haft aðgang að netinu," segir Páll Winkel fangelsismálastjóri, sem telur að endurskoða eigi lög sem banna föngum að hafa nettengdar tölvur.

„Með tímanum fara samskipti í sífellt meiri mæli í gegnum netið sem leiðir til þess að fangar verða enn þá einangraðri frá samfélaginu. Mér finnst að það megi vel skoða hvort það sé ekki eðlilegur hluti af afplánun að fangar geti haft samband við fjölskyldu og vini á netinu og þannig draga úr neikvæðum afleiðingum frelsissviptingar," segir Páll.

Margrét Frímannsdóttir, yfirmaður í fangelsinu að Litla-Hrauni, tekur í sama streng. Netið sé tækni sem allir noti og nauðsynlegt fyrir alla að kunna á.

„Það er hluti af námi í fangelsi að læra á tölvur og því þætti mér eðlilegt að netnotkun væri heimil, að minnsta kosti í ákveðinn tíma," segir Margrét. Ef fangar misnotuðu netaðgang yrðu refsingar hertar.

„Ég myndi vilja að allir fangar, nema þeir sem sæta agaviðurlögum, hafi aðgang að netinu. Það yrðu þó að vera einhverjar takmarkanir," segir Páll.

> **Það er hluti af námi í fangelsi að læra á tölvur og því þætti mér eðlilegt að netnotkun væri heimil, að minnsta kosti í ákveðinn tíma.**
>
> *Margrét Frímannsdóttir fangelsisstjóri.*

Að undanförnu hefur það aukist að svokölluðum netpungum sé smyglað inn í fangelsið. „Fangaverðir eru sífellt að finna netpunga sem hefur verið smyglað inn. Þá er brugðist við því strax," segir Páll.

Netpungar gera fólki kleift að tengjast netinu hvar sem er.

„Tækninni fleygir fram og eðli málsins samkvæmt hefur það áhrif á að þessu sé smyglað inn í fangelsið," segir Margrét.

> **Mér finnst að það megi vel skoða hvort það sé ekki eðlilegur hluti af afplánun að fangar geti haft samband við fjölskyldu og vini á netinu.**
>
> *Páll Winkel fangelsismálastjóri.*

Páll segir að það fari mikil vinna í að fylgjast með því hvort fangar hafi netpung undir höndum og komist þannig á netið í herbergjum sínum.

„Við erum þó ekki með neinn sem fylgist sérstaklega með því hvort fangar séu á samfélagsmiðlum en ef við fáum ábendingar könnum við málið," segir Páll.

Töluverður fjöldi agaviðurlaga á Litla-Hrauni er vegna netnotkunar. „Þeir missa tölvuna fyrst í mánuð og svo ef það gerist aftur missa þeir tölvuna í tvo mánuði," segir Margrét.

nadine@frettabladid.is

Gagnrýni á brautarskýrslu:

Ekki hugað að sjúkrafluginu

ÖRYGGISMÁL Ekki er hugsað til sjúkraflutninga í mati á lokun flugbrautar Reykjavíkurflugvelli.

„Það getur verið að mannslíf tapist ekki við lokun flugbrautarinnar ef þú telur ekki sjúkraflugið með," segir Njáll Trausti Friðbertsson, einn talsmanna Hjartans í Vatnsmýri. - sa / sjá síðu 6



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

VEÐUR

Í dag verða norðanvindar ríkjandi á landinu og verður sólríkt sunnan- og vestanlands. Skýjað verður á norðausturhorninu og fer að rigna þar eftir hádegi. Það er heldur að kólna hjá okkur, þá sérstaklega fyrir norðan þar sem hiti verður á bilinu 5 til 10 stig.

SJÁ SÍÐU 22

Niðurstaðan kemur á óvart segir framkvæmdastjórinn sem býst við kæru til áfrýjunarnefndar:

Sjálfstæðisflokkurinn braut fjarskiptalög

FJARSKIPTI Sjálfstæðisflokkurinn braut lög um fjarskipti er hann sendi sms-skilaboð fyrir beina markaðssetningu á kjördag 2014.

Að auki braut flokkurinn gegn lögunum með því að hringja í númerið þrátt fyrir að það væri merkt þannig í símaskrá að óskað væri eftir að fá ekki símtöl sem eru liður í markaðssetningu. Þetta kemur fram í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í skilaboðunum stóð meðal annars: „Ertu buin/n ad kjosa? Ef ekki tha verdur kjorstodum lokad kl. 22:00. Setjum X vid D. XD!“

Meðlimur í Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, taldi sig ekki hafa veitt samþykki sitt til að taka á móti slíkum sendingum og kvartaði til Póst- og fjarskiptastofnunar. Hún taldi samskiptin falla undir beina markaðssetningu. Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki sýnt fram á að hafa aflað fyrir fram samþykkis fyrir sendingu rafrænna skilaboða.

Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segir úrskurðinn koma flokknum á óvart.

„Verði úrskurðurinn staðfestur mun það hafa mikil áhrif á starfsemi allra frjálsra félaga í landinu, bæði stjórnmálasamtaka og allra annarra félaga,“ segir Þórður sem kveður Sjálfstæðisflokkinn munu liggja yfir ákvörðuninni með lögfræðingum sínum.

Þórður telur ólíklegt að úrskurðurinn verði kærður til áfrýjunarnefndar. - fbj

BANNAÐ AÐ HRINGJA Póst- og fjarskiptastofnun telur Sjálfstæðisflokkinn hafa brotið fjarskiptalög. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

GRJÓTHLEÐSLA Hafnargarðurinn gamli er heillegur og fallegur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engar ákvarðanir verið teknar um varðveislu fornminjanna:

Gamli hafnargarðurinn í þrívídd

FORNMINJAR Höfuðborgarbúar hafa margir hverjir rekið augun í þennan stæðilega hafnargarð sem verið er að grafa upp við Reykjavíkurhöfn. Fornleifafræðingar undrast mjög hve heillegur garðurinn, sem reistur var á árunum 1913 til 1917, er þrátt fyrir að hafa verið neðanjarðar um áratuga skeið.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um afdrif hafnargarðsins en ómögulegt er að flytja hann. Þó verða kallaðir til sænskir sérfræðingar sem munu skanna garðinn inn og gera úr honum þrívíddarmynd.

- snæ

Yfirvöld í Kenía hafa lokað barnaskóla ABC

Enn deila hjálparsamtök ABC og Þórunn Helgadóttir. Skóla ABC í Kenía var lokað af yfirvöldum sem rannsaka nú fjármál ABC. Tvennum sögum fer af lokuninni.

SAMFÉLAG „Síðustu vikur hafa verið þær erfiðustu sem ég hef upplifað,“ segir Þórunn Helgadóttir, sem stödd er í Kenía þar sem skóla ABC hefur verið lokað.

Fréttablaðið hefur greint frá illvígum deilum ABC á Íslandi og ABC í Kenía. Þórunni var sagt upp störfum en hún er föst á því að staða hennar í Kenía sé óbreytt, enda sé um tvö aðskilin félög að ræða. ABC á Íslandi bendir hins vegar á samþykktir ABC í Kenía og að Þórunn þiggi laun samkvæmt ráðningarsamningi við ABC á Íslandi.

Þá sakar Þórunn ABC á Íslandi um mútur í Kenía og ólögmæta yfirtöku á starfseminni. ABC á Íslandi vísa þeim ásökunum á bug. Þórunn hafi brugðist trausti samtakanna og reynt að sölsa undir sig félagið í Kenía og eignir samtakanna.

Samúel Ingimarsson og Ástríður Júlíusdóttir eru stödd í Kenía á vegum ABC á Íslandi og voru ráðin tímabundið til starfa á vettvangi.

„Eitt af því erfiðasta hafa verið allar lygarnar. Stærsta lygin sem borin er fram fyrir þjóðina er að allt sé í himnalagi í skólanum í Naíróbí,“ segir Þórunn og vísar í kynningarfund ABC á Íslandi fyrir styrktarforeldra um starfsemi samtakanna í Kenía. Á fundinn mættu níutíu manns. Styrktarforeldrar voru látnir vita af því að skólinn væri í góðum málum. Tengt var beint við myndaver í Kenía og nemendur skólans fullvissuðu gesti í salnum um að starfsemi ABC í Kenía gengi eðlilega fyrir sig og að fjármunir rötuðu rétta leið.

„Svo er nú engu að síður ekki,“ segir Þórunn. Í síðustu viku hafi barnaverndarfulltrúi á svæðinu gefið út skipun um að loka heimilinu vegna ástandsins. „Þetta var vitað þegar ABC hélt fundinn en þau ákváðu að segja ekki neitt.“

Á heimasíðu ABC á Íslandi segir að skólanum hafi verið lokað af hreinlætisástæðum. Hafin sé athugun á fjármálahlið starfseminnar af opinberri eftirlitsstofnun í Kenía.

Fulltrúar eftirlitsstofnunarinnar könnuðu skólahúsnæðið og komust að þeirri niðurstöðu að hreinlætisaðstöðu væri mjög ábótavant. Svæðinu var lokað þegar í stað.

„Nýtt húsnæði hefur verið fundið og mun starfsemi hefjast að nýju í vikunni,” segir Fríður Birna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri ABC á Íslandi.

„Einn af nemendunum var handtekinn fyrir líkamsárás og situr nú inni. Væntanlega sá sami og kom fram á fundi ABC til að sannfæra alla um að allt væri í himnalagi,“ segir Þórunn. Þótt lokunin sé sorgleg hafi hún reynst algjörlega nauðsynleg svo byrja mætti upp á nýtt.

Á heimasíðu ABC á Íslandi segir að nú séu peningar frá styrktaraðilum sendir milliliðalaust til Kenía. „Peningarnir berast alltaf. Til dæmis sendum við peninga fyrir mat bara beint til birgja og laun fyrir kennarana fara beint á reikning þeirra,“ segir Fríður Birna.

nadine@frettabladid.is

KENÍA Fimmtán milljón króna styrkur frá utanríkisráðuneytinu verður ekki hreyfður fyrr en leyst er úr deilunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNARSALVARSSON

➜ Ekki ákveðið hvort málið verði rannsakað hér

Ríkisendurskoðun hefur ekki ákveðið hvort kanna eigi ráðstöfun fjármuna ABC barnahjálpar.

„Ríkisendurskoðun hefur takmarkaðar heimildir til að kanna fjárreiður aðila sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Stofnunin getur gengið úr skugga um að ársreikningar slíkra aðila séu formlega réttir,“ segir Óli Jón Jónsson, upplýsingafulltrúi stofnunarinnar.

Húsleit hjá góðgerðarstjóra:

Talsmaður með barnaklám

BANDARÍKIN Alríkislögregla Bandaríkjanna gerði húsleit á heimili Jareds Fogle, talsmanns samlokukeðjunnar Subway, í gær.

Húsleitin er talin tengjast máli þar sem yfir 500 myndbönd af barnaklámi fundust á heimili Russells Taylors, stjórnanda góðgerðarsamtaka sem Fogle stofnaði. Samtökin, The Jared Foundation, berjast gegn offitu hjá börnum í Bandaríkjunum.

Fogle er þekktastur fyrir megrunarkúr sinn, þar sem hann léttist um tugi kílógramma með því að borða einungis samlokur frá Subway. - þea

Hlaupið undan nautunum:

Þrettán slasaðir á fyrsta degi

SPÁNN Naut ristu þrjá menn á hol og slösuðu tíu aðra í nautahlaupi á fyrsta degi hinnar vikulöngu San Fermin-hátíðar í spænsku borginni Pamplona. Hlaupið var undan sex fullvöxnum nautum í rúmlega tvær mínútur. Enginn mannanna er látinn.

Meðlimir dýraverndarsamtakanna PETA hafa málað sig rauða og gengið um borgina.

„PETA krefst þess að Spánverjar bindi enda á hina fordæmdu hefð nautahlaupa og hætti þar með að pynda nautin,“ er haft eftir framkvæmdastjóra PETA, Mimi Bekhechi. - þea

Daktacort krem

Við sveppasýkingum í húð þegar mikill kláði og bólga fylgir

Daktacort krem inniheldur sveppaeyðandi lyf (miconazol) og vægan stera sem er kláðastillandi og bólgueyðandi (hydrocortison).

Daktacort 15 gr fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Daktacort krem (inniheldur miconazolnítrat og hydrocortison) við húðsveppasýkingum (af völdum Trichophyton, Epidermophyton og Microsporum tegunda) og þruskusveppasýkingar í húð þar sem bólga og kláði eru mjög áberandi. **Skammtar:** Berið í þunnu lagi á sýkt húðsvæði 2 á dag. Nuddið varlega inn. Við fótsveppasýkingu á að þvo og þurrka fætur áður en lyfið er borið á. Meðferðartíminn er frá 2 6 vikum, háður staðsetningu sýkingar og alvarleika. Halda skal meðferð áfram í a.m.k. 1 viku eftir að einkenni eru horfin. Nota skal barkstera í hófi og í stuttan tíma hjá öldruðum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virku efnunum, öðrum imidazolafleiðum eða hjálparefnunum. Ablásturssött, kúabóla, allar tegundir af hlaupabólu, húðberklar. **Varnaðarorð:** Lyfið inniheldur benzosýru sem getur valdið vægri ertingu í húð, augum og slímhimnum og bútýlhýdroxýanisol sem getur valdið staðbundnum viðbrögðum í húð (t.d. snertihúðbólgu) eða ertingu í augum og slímhimnum. Greint hefur verið frá alvarlegum ofnæmisviðbrögðum þ.m.t. bráðaofnæmi og ofnæmisbjúg. Komi fram erting eða ofnæmi á að hætta meðferð. Forðast skal að kremið berist í augu. Gæta skal varúðar hjá ungabörnum og börnum þegar kremið er borið á stór svæði eða undir þéttar umbúðir. Einnig skal forðast að bera kremið í andlit. Við langvarandi meðferð við svæsnu exemi á stórum svæðum hjá ungabörnum skal hafa í huga hættu á altækum áhrifum. Bæling á starfsemi nýrnahetta getur orðið jafnvel þó loftþéttar umbúðir séu ekki notaðar. Forðast skal langvarandi meðferð með Daktacort. Lyfið getur skemmt sum gerviefni. Forðast skal snertingu við latexvörur (t.d. getnaðar-varnir) þar sem innihaldsefni lyfsins geta skemmt þær. **Meðganga og brjóstagjöf:** Leita skal ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. Forðast skal að bera kremið á stór svæði eða undir þéttar umbúðir eða á brjóstin. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

Mennirnir sem lentu í sjóskaða fyrir vestan biðu í klukkustund eftir aðstoð:

Lét lífið í sjóslysi á Vestfjörðum

SLYS „Manni líður ekki vel. Aðstæðurnar voru hræðilegar,“ segir Jóhann Sigfússon, sjómaður á Ísafirði sem bjargaði þremur mönnum af kili Jóns Hákons BA-60 sem fórst í gærmorgun.

Jóhann var á bátnum Mardísi sem kom fyrstur á vettvang, um klukkustund eftir að báturinn hvarf af skjá sjálfvirku tilkynningaskyldunnar.

„Mennirnir voru búnir að bíða þarna lengi. Auðvitað er maður ánægður að hjálpa en manni líður ekki vel. Ég hef aldrei upplifað annað eins og þetta,“ segir Jóhann. Hann segir að sjómennirnir þrír, sem þá hafi verið búnir að missa frá sér einn mann, hafi verið hræddir, kaldir og hraktir. Skipverjar á Mardísi komu sjómönnunum þremur í hraðbát sem sigldi með þá inn til Bolungarvíkur. Sjálfir hófu þeir leit að manninum sem farið hafði í sjóinn og fundu hann látinn.

Maðurinn sem lést var rúmlega sextugur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru skipverjar að draga inn veiðarfæri bátsins þegar eitthvað gerðist sem olli því að bátnum hvolfdi.

Veður var ágætt á svæðinu, lítil ölduhæð og hæg norðlæg átt.

- snæ

AÐ LANDI Hraðbáturinn Sædís sést hér koma að bryggju í Bolungarvík í gærmorgun með sjómennina þrjá sem björguðust. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFÞÓR GUNNARSSON

Nova Stuðpinni
Aukahleðsla
1.890 kr. staðgreitt

Nova regnhattur
Fyrir greiðsluna
990 kr. staðgreitt

Langastöng
Segðu sís!
2.490 kr. staðgreitt

ÚTILEGAN
BYRJAR HJÁ NOVA

UrbanEars Plattan
Margir litir
9.490 kr. staðgreitt

Nældu þér í **frítt eintak** fyrir útileguna!

Nova tjald
Fyrir útileguna
3.490 kr. staðgreitt

Weber kolagrill
Fyrir kótelettuna
8.990 kr. staðgreitt

Nova tólaskjól
Verndar símann
590 kr. staðgreitt

iGrill Mini Bluetooth
Kjöthitamælir
8.990 kr. staðgreitt

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Brandenburg

SPURNING DAGSINS

Páll, koma ferðamennirnir af fjöllum á Hrafntinnuskeri?

Minnstu ekki á það ógrátandi. Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, segir skálaverði hafa unnið björgunarafrek á hálendinu síðustu vikur. Þeir hafi borið grátandi, hrakta og bugaða ferðamenn upp í skála í Hrafntinnuskeri.

Vinna sérfræðingateymis velferðarráðuneytis um þjónustu við börn með geðraskanir í hættu:

Mega ekki miðla upplýsingum um börn

STJÓRNSÝSLA Persónuvernd álítur að sérfræðingateymi velferðarráðuneytisins um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir megi ekki fá upplýsingar frá sveitarfélögum eða barnaverndarnefndum landsins og vinna úr þeim upplýsingum. Telur Persónuvernd að það brjóti í bága við persónuverndarlög.

Velferðarráðuneytið óskaði sjálft eftir áliti stofnunarinnar á vinnu teymisins. Ingibjörg Broddadóttir, staðgengill skrifstofustjóra ráðuneytisins, segir að vinna nefndarinnar hafi verið stöðvuð í kjölfarið.

„Öllum aðilum málsins var sent bréf 1. júlí þar sem niðurstaða Persónuverndar var kynnt og upplýst að sérfræðingateymið myndi ekki starfa áfram fyrr en heimild teymisins til að taka við persónuupplýsingum lægi skýrt fyrir," segir Ingibjörg. „Ég vil einnig upplýsa um að í ráðuneytinu stendur nú yfir vinna við að undirbúa stjórnsýslustofnun eða annan farveg fyrir eftirlit og ýmis stjórnsýsluverkefni sem nú eru unnin í ráðuneytinu."

Teymið á „annars vegar að leggja mat á það hvort barn þurfi að flytjast að heiman í sérsniðið úrræði og hins vegar að veita ráðgjöf og leiðbeiningar um þjónustu og annan stuðning svo koma megi í veg fyrir að barn þurfi að flytjast að heiman," segir í áliti Persónuverndar. - sa

UTAN SEILINGAR Persónuvernd segir miðlun upplýsinga til sérfræðinganefndar brjóta í bága við lög.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FJÖLDI ÁSAKANA Cosby hefur neitað öllum nýlegum ásökunum.

Játaði nauðgun árið 2005:

Cosby byrlaði konu svefnlyf

BANDARÍKIN Leikarinn Bill Cosby, hefur viðurkennt að hafa byrlað konu sem hann hugðist sofa hjá svefnlyf og nauðgað henni.

Dómsgögn frá árinu 2005 sýna fram á játningu Cosby en málið féll niður eftir að sáttum var náð í málinu árið 2006.

Cosby hefur verið sakaður um að hafa beitt fjölda kvenna kynferðislegu ofbeldi. Ofbeldi Cosby mun hafa átt sér stað fyrir nokkrum áratugum. Hann hefur neitað öllum ásökunum. - srs

Mínútu þögn í Bretlandi í gær:

Tíu ár liðin frá hryðjuverkum

BRETLAND Forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, og borgarstjóri London, Boris Johnson, lögðu í gær kransa við minnisvarða þeirra sem fórust í sprengjum í þremur neðanjarðarlestum og einum strætisvagni árið 2005. Frá þessu greinir BBC.

Í gær voru liðin tíu ár frá því að fjórir menn sprengdu sig í loft upp með þeim afleiðingum að fimmtíu og tveir létu lítið og rúmlega sjö hundruð særðust. Árásarmennirnir voru tengdir hryðjuverkasamtökunum al-Kaída. - ngy

Landsbjörg hringir daglega í skálaverði uppi á hálendi

Sérstök starfsstöð Landsbjargar er í miðbæ Reykjavíkur í samvinnu við Höfuðborgarstofu. Björgunarsveitarmenn starfsstöðvarinnar veita ferðamönnum upplýsingar um aðstæður á hálendinu sem safnað er daglega.

FERÐAÞJÓNUSTA Landsbjörg og ferðamálayfirvöld ganga allt að því eins langt og hægt er í að veita ferðamönnum upplýsingar um aðstæður á Íslandi.

Þetta er mat Jónasar Guðmundssonar, verkefnisstjóra slysavarna ferðamanna hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, Páll Guðmundsson, greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að skálaverðir, einkum í Hrafntinnuskeri, hefðu unnið björgunarafrek á hálendinu síðustu vikur. Þeir hefðu borið inn í skála hrakta og bugaða ferðamenn sem alls ekki hefðu verið búnir til göngu í snjó og krapa.

Jónas bendir á að á þessum tíma eigi fólk ekki von á aðstæðunum sem verið hafa á hálendinu síðustu vikur. Frá júníbyrjun hafi í samvinnu við Höfuðborgarstofu verið rekin sérstök starfsstöð í miðbæ Reykjavíkur þar sem vant björgunarsveitarfólk sé við störf.

„Við höfum hringt daglega í skálaverði og safnað upplýsingum um aðstæður. Við létum alla ferðaþjónustuaðila vita að þarna væri að finna upplýsingar. Við höfum einnig sett inn upplýsingar á síðuna safetravel.is um að aðstæður séu óvenjulegar. Þessar upplýsingar hafa einnig komið fram á skjáupplýsingakerfi ferðamanna sem er á um 40 stöðum á landinu. Nú er einnig hálendisvakt björgunarsveitanna hafin."

Jónas telur að það sé mikill minnihluti ferðamanna sem ekki hitti skálavörð og landvörð þegar komið er inn í Landmannalaugar sem ræði við þá um aðstæður.

Samstarf Landsbjargar við bílaleigur hefur verið gott, að því er hann greinir frá. „Við höfum reyndar ekki verið í jafnmiklu samstarfi við hópferðafyrirtækin."

Kristján Baldursson, framkvæmdastjóri hópferðamiðstöðvarinnar Trex sem er eitt þeirra fyrirtækja sem er með áætlunarferðir inn í Landmannalaugar, segir að farþegum með rútunum séu afhentar leiðbeiningar um aðstæður á svæðunum og hentugan klæðaburð. Taka þurfi til dæmis mið af breytilegu veðri.

„Þeir fá miða þegar þeir koma upp í bílana með þessum leiðbeiningum. Þeim er einnig ráðlagt að hafa samband við skálaverði og leita sér upplýsinga. Á heimasíðu okkar eru jafnframt leiðbeiningar og við vísum á aðrar vefsíður. Við reynum að gera okkar besta þótt við berum ekki ábyrgð á þeim sem kaupa bara áætlunarakstur. Það er greinilegt að upplýsingarnar ná ekki til allra eða þá að ferðamenn trúa því ekki að aðstæður séu eins og sagt er."

Kristján tekur það fram að hluti farþeganna sé í skipulögðum hópum með leiðsögumönnum. „Þar er fólk betur tékkað af."

ibs@frettabladid.is

HÓPFERÐIR „Við reynum að gera okkar besta þótt við berum ekki ábyrgð á þeim sem kaupa bara áætlunarakstur. Það er greinilegt að upplýsingarnar ná ekki til allra eða þá að ferðamenn trúa því ekki að aðstæður séu eins og sagt er," segir Kristján Baldursson, framkvæmdastjóri Trex.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Við höfum hringt daglega í skálaverði og safnað upplýsingum um aðstæður. Við létum alla ferðaþjónustuaðila vita að þarna væri að finna upplýsingar.

Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Starfshópur skoðar sameiningu Umhverfisstofnunar og Landgræðslunnar:

Takmörkuð vernd náttúruperla

NÁTTÚRUVERND Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri ríkisins, segir að talsvert skorti á verndun landsvæða sem ekki hafi verið friðlýst.

„Þau svæði eru svolítið munaðarlaus í dag," segir Sveinn og nefnir sem dæmi Seljalandsfoss, Skógafoss og Stóra-Dímon sem hafi látið verulega látið á sjá vegna umgangs ferðamanna. „Það er óheyrilegt álag á þessum stöðum," segir Sveinn.

Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra hefur skipað starfshóp sem skoða á leiðir til samþættingar verkefna eða sameiningu Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar. Hópurinn á að skoða hvernig efla megi stofnanaumgjörð á sviði náttúruverndar. „Ljóst er að með auknu álagi á náttúru landsins vegna ferðamennsku mun verða vaxandi þörf á að efla getu á þessu sviði," segir á vef ráðuneytisins.

Sveinn, sem situr í starfshópnum, segir verkefni Umhverfisstofnunar og Landgræðslu ríkisins sambærileg á mörgum sviðum. Skipan starfshópsins sé jákvætt skref og að skoða mætti sameiningu Landgræðslunnar, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er formaður starfshópsins. Líneik segir hópinn hittast fyrst í ágúst. Hún stýrir einnig hópi sem skoða á samþættingu verkefna á sviði trjáræktar. - ih

SKÓGAFOSS Sveinn segir að Skógafoss hafi látið mjög á sjá vegna ágangs ferðamanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Bjarnason
efnaverkfræðingur

Jón Árni
rannsóknarmaður

Baldvin Már Frederiksen
málarameistari

Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskt veðurfar

„Hjá Málningu hf. vita menn að það þarf rannsóknir, prófanir og þróunarvinnu til að framleiða bestu fáanlega útimálningu fyrir íslenskar aðstæður. Það er grunnurinn sem ég treysti á.“

Baldvin Már Frederiksen, málarameistari

Íslensk framleiðsla

Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • ORMSSON-VíK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík

málning
- það segir sig sjálft -

ÍSLENSKA/SÍA.IS/MAL 75124 06/15

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað var Gunnar Heiðar Þorvaldsson lengi fjarri Eyjum?
2. Hver sigraði í leikritunarkeppni Listaháskólans?
3. Hvað hafa margar íslenskar konur höfðað mál gegn fyrirtækinu sem hafði eftirlit með PIP-brjóstapúðum?

SVÖR:
1. Ellefu ár. **2.** Jónas Reynir Gunnarsson.
3. 204.

Samfylkingin og Vinstri græn kvarta yfir nýrri skýrslu um rekstur, fjármál og stjórn Hafnarfjarðarhafnar:

Segja úttekt á höfn unna af vanþekkingu

STJÓRNSÝSLA Bókun minnihluta Vinstri grænna og Samfylkingar á fundi hafnarstjórnar Hafnarfjarðar í gær er harðorð í garð skýrsluhöfundar úttektar á Hafnarfjarðarhöfn.

Meðal annars ásaka fulltrúar minnihlutans, þeir Gylfi Ingvarsson og Sigurbergur Árnason, skýrsluhöfund um að hafa reynt að draga sérstaklega fram neikvæða þætti um höfnina.

Úttektin var unnin af Capacent og snýr að stjórnsýslu, fjármálum og rekstri Hafnarfjarðarhafnar síðastliðin tíu ár. Fram kemur í skýrslunni að þótt skuldastaða hafi batnað hafi rekstrarkostnaður hafnarinnar aukist. Það er meðal annars rakið til aukins launakostnaðar.

Eins og áður segir er bókun minnihlutans harðorð. Þar er sagt að í skýrslunni sé vinnutími starfsmanna hafnarinnar tortryggður og að ýjað sé að því að launakjör starfsmanna séu óeðlileg.

Þá er sagt að skýrsluhöfunda skorti framtíðarsýn fyrir höfnina. Ekki sé horft til þess að höfnin sé lífæð Hafnarfjarðar og miklir möguleikar séu fólgnir í henni. Við skoðun á rekstri hafnarinnar og afkomu Hafnarsjóðs hafi nýr samningur við Rio Tinto Alcan í Straumsvík ekki verið tekinn með í reikninginn. Sá samningur stórauki tekjur Hafnarsjóðs og bæti stöðu hans. - snæ

GYLFI INGVARSSON Fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Hafnarfjarðarhafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjúkraflug er utan áhættumats Isavia

Isavia metur „þolanlegt“ að loka 06/24 flugbraut Reykjavíkurflugvallar. Kemst að þeirri niðurstöðu að mannslíf tapist ekki. Hins vegar skoðar áhættumatið ekki sjúkraflug. „Miklar líkur á að manntjón hljótist af,“ segir forstjóri Mýflugs.

SAMGÖNGUR Ekki er hugsað til sjúkraflutninga í áhættumati Isavia á hugsanlegri lokun 06/24 flugbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Hjartað í Vatnsmýrinni gagnrýnir að sá viðamikli þáttur sé ekki hafður með í áhættumatinu.

„Hverfandi líkur eru taldar á að slys yrði þar sem mannslíf töpuðust og flugvél eyðilegðist,“ segir í áhættumati Isavia vegna lokunar flugbrautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli, sem sumir hafa viljað kalla neyðarbraut.

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa lengi viljað loka þeirri flugbraut til að liðka fyrir byggð í Vatnsmýri. Vegna þeirra hugmynda bað innanríkisráðuneytið Isavia, sem annast rekstur flugvalla á Íslandi, að gera áhættumat um lokun brautarinnar. Isavia kemst þannig að orði að lokunin yrði „þolanleg og að hverfandi líkur eru taldar á að mannslíf tapist verði flugbrautin aflögð“.

Í annmörkum áhættumatsins segir að verkefnið hafi verið að meta breytingu á flugvallarkerfi Reykjavíkurflugvallar út frá flugöryggislegum þáttum. „Þetta áhættumat tekur ekki á áhrifum á flugvallakerfið í landinu, neyðarskipulagi Almannavarna, sjúkraflutningum, umhverfisþáttum né fjárhagslegum þáttum flugrekstrar,“ segir í skýrslunni.

Njáll Trausti Friðbertsson, flugumferðarstjóri og einn forsvarsmanna Hjartans í Vatnsmýri, telur þessa annmarka mjög áhrifamikla. „Það orkar tvímælis að sjúkraflug sé ekki tekið með í áhættumatsskýrsluna. Það getur verið að mannslíf tapist ekki við lokun flugbrautarinnar ef þú telur ekki sjúkraflugið með. Þetta snýr að almannahagsmunum. Öryggishagsmunir almennings eru mikilvægir en Isavia skoðar þá ekkert í þessari áhættumatsskýrslu,“ segir Njáll Trausti.

Mýflug flaug 538 ferðir í sjúkraflugi í fyrra og var helmingur þeirra ferða í miklum forgangi, svokallað F1- eða F2-flug þar sem líf sjúklings er í húfi.

„Ef menn ætla að loka og hafa engar mótvægisaðgerðir, þá mun einhvern tímann koma til þess að við lendum í vandræðum. Ég er ekkert að segja að einhver muni deyja en það verður ekki útilokað. Það eru miklar líkur á að manntjón hljótist af,“ segir Leifur Hallgrímsson, forstjóri Mýflugs.

sveinn@frettabladid.is

06/24 Áhættumat Isavia tekur sjúkraflug ekki með í útreikninga áhættumats vegna lokunar flugbrautar á Reykjavíkurflugvelli. Öll sérhæfð bráðaþjónusta fyrir alla landsmenn er á Landspítalanum við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

LEIFUR HALLGRÍMSSON Forstjóri Mýflugs

NJÁLL TRAUSTI FRIÐBERTSSON Flugumferðarstjóri

ÁRNI PÓR SIGURÐSSON Stýrir málefnum norðurslóða.

Ráðherra skipar sendiherra:

Nýr sendiherra í Stokkhólmi

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur skipað tvo nýja sendiherra.

Estrid Brekkan sendiráðunautur verður sendiherra Íslands í Stokkhólmi í stað Gunnars Gunnarssonar. Hermann Örn Ingólfsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, tekur við stöðu sendiherra Íslands í Ósló af Gunnari Pálssyni.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir að Árni Þór Sigurðsson, sem skipaður var sendiherra á síðasta ári, hafi frá því í apríl stýrt norðurslóðamálum hjá ráðuneytinu. - ih

Bráðabirgðatölur Hagstofu:

Vöruskiptin óhagstæð í júní

EFNAHAGSMÁL Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar var útflutningur á vörum í júní í ár 56 milljarðar króna og innflutningur tæpir 66,4 milljarðar.

Þetta kemur fram í frétt á vefsíðu Hagstofunnar.

Vöruskiptin í júní voru því óhagstæð um 10,4 milljarða króna.

Athygli er vakin á því að áætlun um eldsneytiskaup íslenskra flutningsfara erlendis er nú meðtalin í bráðabirgðatölum. - fbj

HÆTTULEG SELFIE Kona skaut sig við að taka sjálfu. NORDICPHOTOS/GETTY

Tugir hafa látist í Rússlandi:

Kúl sjálfa getur kostað þig lífið

RÚSSLAND Lögreglan í Rússlandi hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig skuli taka sjálfu eða svokallað „selfie“ en hundruð hafa slasast og tugir látist við að taka sjálfsmynd í Rússlandi.

Síðastliðinn fimmtudag skaut 21 árs gömul kona sig óvart í hausinn við að taka sjálfu af sér með skammbyssu og gaf lögreglan út leiðbeiningarnar í kjölfarið.

Í nýjum varúðarleiðbeiningum lögreglunnar stendur „Kúl sjálfa getur kostað þig lífið.“ - srs

Systkinatillit á leikskólum:

Setja reglur um systkinatillit

REYKJAVÍK Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum að taka upp systkinatillit á leikskólum.

Það er gert með því að breyta reglum um leikskólaþjónustu með samþykkt á nýju ákvæði í reglum um þjónustuna. Því verður bætt við að börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara.

Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla. - ngy

ÓDÝRARI UPPLÝSINGAR

18
19

Nú kostar minna að vita meira

www.1819.is

FUNDAÐ Forsætisráðherrar ríkja Evrusvæðisins funduðu um nýja neyðaraðstoð fyrir Grikkland í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/AFP

Juncker vill tillögur á föstudagsmorgun

Forsætisráðherrar ríkja Evrusvæðisins funduðu um neyðaraðstoð í gær. Annar fundur verður á sunnudag. Lokafrestur Grikkja til að koma með ítarlegar tillögur er á föstudag. Nýr fjármálaráðherra Grikkja mætti tómhentur á fund í Brussel.

GRIKKLAND Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, sótti í gær leiðtogafund ríkja Evrusvæðisins þar sem hann sóttist eftir nýjum samningi um neyðaraðstoð fyrir gríska ríkið. Sú aðstoð yrði háð ströngum skilmálum um breytingar á ríkisrekstri. Ekki náðist samkomulag á fundinum.

Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu, sagði við blaðamenn eftir fundinn að annar fundur yrði haldinn á sunnudaginn með öllum 28 leiðtogum ríkja Evrópusambandsins, ekki bara evrusvæðisins. Vonast er til að niðurstaða náist á þeim fundi, sem verður sá síðasti.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði Grikki enn ekki uppfylla þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg til að hefja samningaviðræður af alvöru. Hún sagðist enn fremur vonast til þess að hafa nægilega ítarlegar tillögur frá Grikkjum fyrir fimmtudag til að bera undir þýska þingið svo hægt væri að hefja samningaviðræður.

„Ég er andvígur brotthvarfi Grikklands úr evrusvæðinu en ég get ekki afstýrt því ef gríska ríkisstjórnin fer ekki að óskum okkar," sagði Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hann sagði framkvæmdastjórnina hafa undirbúið ítarlega áætlun ef af brotthvarfi verður. Juncker gaf Grikkjum frest til föstudagsmorguns til að koma með ítarlegar tillögur.

François Hollande, forseti Frakklands, sagði eftir fundinn að vel væri mögulegt að ná samkomulagi.

„Þetta voru langar og strangar viðræður sem sýna hversu alvarlegt ástandið er," sagði Merkel og bætti því við að sú þörf að kalla til allra leiðtoga ríkja Evrópusambandsins undirstrikaði alvarleikann.

„Einungis fimm dagar eru til stefnu til að finna endanlegt samkomulag við Grikki," sagði Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins í gær. Hann sagði þetta mikilvægasta augnablik í sögu evrunnar.

> **Ég er andvígur brotthvarfi Grikklands úr evrusvæðinu en ég get ekki afstýrt því ef gríska ríkisstjórnin fer ekki að óskum okkar.**
>
> *Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.*

Tsipras mun ávarpa Evrópuþingið í dag til að greina nánar frá stöðu mála.

Evklíð Tsakalótos, hinn nýi fjármálaráðherra Grikklands, mætti tómhentur á samningafund við fjármálaráðherra ríkja evrusvæðisins í Brussel í gær. Talið var að Tsakalótos myndi koma með nýjar tillögur til að létta skuldabyrði Grikkja. Giorgos Stathakis, efnahagsmálaráðherra Grikkja, sagði við fréttastofu BBC í fyrradag að tillögurnar miðuðu að þrjátíu prósent skuldaniðurfellingu.

thorgnyr@frettabladid.is



Ætlar í bótamál við ríkið vegna brottvikningar:

Lögreglustjórinn fór ekki að lögum

LÖGREGLUMÁL Stefán Eiríksson, þáverandi lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, mátti ekki víkja Gunnari Scheving Thorsteinssyni lögreglumanni tímabundið frá störfum vegna LÖKE-málsins svokallaða.

Þetta er niðurstaða nefndar sem fjallaði um málið á grundvelli 27. greinar laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Gunnar sneri aftur til starfa hjá lögreglunni í mars síðastliðnum. Í áliti meirihluta nefndarinnar, sem var skipuð þremur einstaklingum en einn skilaði séráliti, kemur fram að ekki hafi verið grundvöllur til þess að víkja Gunnari úr starfi þrátt fyrir að hann hafi verið grunaður um refsiverða háttsemi.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Gunnar af ákæru um að miðla upplýsingum sem áttu að fara leynt til þriðja aðila. Upphaflega var Gunnar einnig ákærður fyrir að hafa flett upp nöfnum 45 kvenna í upplýsingakerfi lögreglunnar, LÖKE, en sá ákæruliður var hins vegar felldur niður.

Garðar Steinn Ólafsson, lögmaður Gunnars, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi niðurstaða þýði að hægt sé að reikna út endanlega bótafjárhæð sem Gunnar mun fara fram á.

GUNNAR SCHEVING THORSTEINSSON

> **Ég bind vonir við að ráðuneytið biðjist afsökunar og bjóði bætur að fyrra bragði. Ef við náum ekki saman munum við stefna þeim í haust.**
>
> *Garðar Steinn Ólafsson lögmaður.*

„Ég bind vonir við að ráðuneytið biðjist afsökunar og bjóði bætur að fyrra bragði. Ef við náum ekki saman munum við stefna þeim í haust," segir Garðar.

- fbj

Sumarið er tími tjaldvagna

Verð með vsk. 1.090.000

300.000 kr. AFSLÁTTUR

Verð áður	1.390.000
Verð nú	**1.090.000**
Útborgun kr.	273.000
Meðalgr. pr. mán. kr.	14.084
Árleg hlutfallstala kostnaðar	11,78%

Fortjald fylgir – Íslensk hönnun – Hannaður með íslenskar aðstæður í huga
Smíðaður úr trefjaplasti án allra samskeita
Geymslurými undir rúmi – Sterk farangursgrind
Tjaldið er úr 100% bómull 340gr. Ten Cate – Svefnpláss fyrir 4
Tekur aðeins um hálfa mínútu að tjalda. – Þyngd 240 kg.
Burðargeta: 210 kg. – Leyfileg hámarksþyngd: 450 kg

ÆGIR VAGNINN

Þar sem ferðalagið byrjar

Fortjald, grind undir rúm og eldhús fylgir – Dönsk hönnun og smíði
290 gr. gagnvarin bómullardúkur – Svefnpláss fyrir 4
Sterk farangursgrind – Fullkomið lúxuseldhús með ryðfríu eldhúsborði og þrem gashellum
Innbyggður vaskur með vatnsdælu/krana – 35 lítra ísskápur fyrir 12V, 230V eða gas
Tekur aðeins um hálfa mínútu að tjalda – Þyngd: 425 kg.
Burðargeta: 325 kg. – Leyfileg hámarksþyngd: 750 kg.

Verð áður	1.990.00
Verð nú	**1.690.000**
Útborgun kr.	422.500
Meðalgr. pr. mán. kr.	21.702
Árleg hlutfallstala kostnaðar	11,55%

Verð með vsk. 1.690.000

300.000 kr. AFSLÁTTUR

COMBI-CAMP

Palomino · LMC · ROCKWOOD · KNAUS · Dethleffs · TABBERT · ÆGIR VAGNINN · COMBI-CAMP · WEINSBERG

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Opnunartími: mán-fös kl: 10-18
lau kl: 12-16

Útilegu maðurinn®
Þar sem ferðalagið byrjar

Hjörtur Guðnason

FERÐALÖG RÁÐHERRA SÍÐUSTU TVEGGJA RÍKISSTJÓRNA

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur

1. febrúar 2009 til 1. júní 2011

Forsætisráðuneyti

10 | 26 | 6 — Jóhanna Sigurðardóttir — **3.343.015 kr.***

Fjármálaráðuneyti og efnahags- og viðskiptaráðuneyti

19 | 59 | 24 — Steingrímur J. Sigfússon — **14.977.346 kr.***

Utanríkisráðuneyti

37 | 153 | 0*** — Össur Skarphéðinsson — **19.244.480 kr.***

Velferðar-, félagsmála- og heilbrigðisráðuneyti

0 | 0 | 0 — Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir — **0 kr.***

3 | 12 | 2 — Ögmundur Jónasson — **2.021.301 kr.***

10 | 26 | 6 — Álfheiður Ingadóttir — **2.455.892 kr.***

4 | 14 | 6 — Árni Páll Árnason — **3.343.015 kr.***

2 | 10 | 4 — Guðbjartur Hannesson — **2.105.599 kr.***

Innanríkis-, samgöngu- og dómsmálaráðuneyti

6 | 19 | 7 — Ragna Árnadóttir — **2.423.464 kr.***

5 | 13 | 13 — Kristján L. Möller — **2.903.492 kr.***

3 | 9 | 4 — Ögmundur Jónasson — **905.576 kr.***

Iðnaðarráðuneyti

19 | 65 | 15 — Katrín Júlíusdóttir — **11.595.172 kr.***

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

19 | 51 | 18 — Jón Bjarnason — **11.357.520 kr.***

Umhverfisráðuneyti

4 | 15 | 6 — Kolbrún Halldórsdóttir — **4.007.799 kr.***

5 | 19 | 5 — Svandís Svavarsdóttir — **4.292.556 kr.***

Menntamálaráðuneyti

7 | 0** | 6 — Katrín Jakobsdóttir — **3.255.317 kr.***

Viðskipta- og efnahagsráðuneyti

10 | 31 | 13 — Gylfi Magnússon — **8.439.730 kr.***

10 | 38 | 14 — Árni Páll Árnason — **10.211.809 kr.***

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar

23. maí 2013 til 1. júní 2015

Forsætisráðuneyti

18 | 62 | 39 — Sigmundur Davíð Gunnlaugsson — **16.727.502 kr.***

Fjármálaráðuneyti

14 | 39 | 27 — Bjarni Benediktsson — **11.726.595 kr.***

Utanríkisráðuneyti

60 | 199 | 87 — Gunnar Bragi Sveinsson — **52.518.663 kr.***

Félagsmálaráðuneyti

12 | 38 | 21 — Eygló Harðardóttir — **9.661.083 kr.***

Heilbrigðisráðuneyti

5 | 16 | 10 — Kristján Þór Júlíusson — **4.085.745 kr.***

Innanríkisráðuneyti

11 | 45 | 23 — Hanna Birna Kristjánsdóttir — **9.739.109 kr.***

2 | 11 | 4 — Ólöf Nordal — **2.157.133 kr.***

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

12 | 48 | 36 — Sigurður Ingi Jóhannsson — **11.774.154 kr.***

Umhverfisráðuneyti

3 | 15 | 6 — Sigurður Ingi Jóhannsson — **4.017.815***

0 | 0 | 0 — Sigrún Magnúsdóttir — **0***

Menntamálaráðuneyti

15 | 68 | 38 — Illugi Gunnarsson — **15.341.688 kr.***

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

26 | 84 | 56 — Ragnheiður Elín Árnadóttir — **19.324.866 kr.***

Ríkistjórn Jóhönnu samtals:
106.883.083 kr. *

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs samtals:
157.074.353 kr. *

■ Fjöldi ferða ■ Fjöldi ferðadaga
■ Fjöldi fylgdarfólks

* Kostnaður á verðlagi 2015
**Ekki er tilgreint um fjölda fylgdarmanna.
***Ekki er tilgreint um fjölda ferðadaga.

Sitjandi ríkisstjórn meira á flakki

Fréttablaðið bar saman gögn um ferðir ráðherra í síðustu tveimur ríkisstjórnum á fyrstu tveimur starfsárum þeirra. Gunnar Bragi Sveinsson er ferðakóngur ríkistjórnanna og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur verið helmingi lengur erlendis en Jóhanna Sigurðardóttir.

Stefán Rafn Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is
Jóhann Óli Eiðsson
johannoli@frettabladid.is

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra er ferðakóngurinn í samanburði á ferðalögum ráðherra tveggja síðustu ríkisstjórna.

Fréttablaðið bar saman ferðalög ráðherra ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar erlendis á fyrstu tveimur starfsárum þeirra. Til að gæta sanngirni er kostnaður við ferðalög ráðherra umreiknaður á verðlag dagsins í dag.

Ríkisstjórn Sigmundar hefur eytt talsvert meira fjármagni í ferðir ráðherra en ríkisstjórnin sem sat á undan. Sitjandi ríkisstjórn hefur nýtt rúmar 157 milljónir króna í ferðalög og ríkisstjórn Jóhönnu um 104 milljónir króna.

Sitjandi ríkisstjórn virðist vera meira fyrir það að sinna verkefnum erlendis en samtals hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar eytt 625 dögum erlendis en ráðherrar í ríkisstjórn Jóhönnu 550 dögum.

Skiljanlega eru það utanríkisráðherrarnir tveir, Gunnar Bragi og Össur Skarphéðinsson, sem eiga drjúga hlutdeild í ferðalögum ráðherra ríkisstjórnanna. Kostnaður við ferðalög Gunnars nemur um 52 milljónum króna frá því að hann tók við sem utanríkisráðherra. Ferðakostnaður Össurar nam 19 milljónum hans fyrstu tvö ár í stól utanríkisráðherra en þess ber að geta að í gögnum utanríkisráðuneytisins um ferðakostnað ráðherra er ekki tekið tillit til fylgdarliðs Össurar og má því gera ráð fyrir að ferðakostnaður hafi verið töluvert meiri en 19 milljónir.

Ef forsætisráðherrarnir tveir eru bornir saman kemur í ljós að enn sem komið er hefur Sigmundur farið í fleiri utanlandsferðir en Jóhanna. Hann hefur eytt 62 dögum erlendis samanborið við 26 daga Jóhönnu og kostað til 16 milljónum í ferðakostnað, sem er töluvert meira en þær þrjár milljónir sem Jóhanna nýtti.

Svo virðist vera að embætti fjármála-, iðnaðar- og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fylgi nokkur ferðakvöð en allir ráðherrarnir hafa nýtt meira en tíu milljónir í ferðakostnað.

RÍKISSTJÓRNARFUNDUR Ferðalög Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar kostuðu ríkið 16 milljónir króna á fyrstu tveimur árum hans í embætti forsætisráðherra. Forveri Sigmundar, Jóhanna Sigurðardóttir, ferðaðist fyrir þrjár milljónir króna á tveimur fyrstu starfsárum sínum sem forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, er sá ráðherra sem hefur lagt mest í sinn ferðakostnað að utanríkisráðherrunum tveimur undanskildum. Þó ber að geta að þrír einstaklingar sinntu málefnum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu í tíð síðustu ríkisstjórnar og nýttu samtals talsvert meira fjármagn en Ragnheiður í ferðalög erlendis.

Bjarni Benediktsson er eini ráðherra núverandi ríkisstjórnar sem ekki hefur lagt meira í ferðakostnað en fyrirrennari sinn. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, nýtti um 14 milljónir í ferðalög erlendis og Bjarni um 11 milljónir.

Þá vekur athygli að Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur ferðast nokkuð meira en fyrirrennari hans, Katrín Jakobsdóttir, en hann hefur nýtt 15 milljónir í ferðakostnað á móti þremur milljónum Katrínar. Hann fór alls í 15 ferðir en Katrín í sjö.

Þá eru nokkrir ráðherrar sem hvorki hafa ferðast né lagt neitt í ferðakostnað erlendis en Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi félagsmálaráðherra, hafa ekki ferðast erlendis.

➜ Ef forsætisráðherrarnir tveir eru bornir saman kemur í ljós að enn sem komið er hefur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson farið í fleiri utanlandsferðir en Jóhanna Sigurðardóttir. Hann hefur eytt 62 dögum erlendis samanborið við 26 daga Jóhönnu.

THULE® SWEDEN

Ferðabox og hjólafestingar



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

SKOÐUN

Það þarf nýja hugsun í virkjanamálum:

Að byrja verkið á öfugum enda

Skömmu eftir fall Sovétríkjanna fór prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands í heimsókn til ónefnds fyrrverandi Sovétlýðveldis. Leiðin lá í háskóla hátt uppi í fjöllum hins nýfrjálsa ríkis, og alla leið inn á skrifstofu rektors. Þar settust þeir niður við skrifborðið og skröfuðu sín á milli, en heldur truflaði það innilegar samræður að á borðinu á milli þeirra stóð risastór nýtísku ljósritunarvél. Þar sem þeir reyndu að ná augnsambandi á milli skúffanna í vélinni, eða til hliðar við hana, kom í ljós að um var að ræða gjöf frá bandarískum háskóla. Rektor var býsna stoltur af vélinni og lét það ekkert á sig fá að ekkert rafmagn var í skólanum og allsendis óvíst hvenær það yrði lagt.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladi.is

Þessi saga kemur reglulega upp í hugann á mér þegar fylgst er með umræðum um virkjanamál hér á landi. Þar er nefnilega stundum eins og byrjað sé á öfugum enda. Þannig heyrum við af því trekk í trekk að búið sé að skrifa undir samninga um uppbyggingu stóriðju án þess að orka hafi verði tryggð í fabrikkurnar. Og þegar gagnrýnisraddir hljóma um að ekki sé rétt staðið að málum er viðkvæðið oftar en ekki það að búið sé að eyða svo miklum fjármunum í undirbúning að það sé spurning um þjóðarhag að útvega orkuna.

Það má velta því fyrir sér hvort stjórnendur sem eyða miklum fjármunum í verkefni upp á þá von og óvon að orka fáist í þau séu sérstaklega góðir stjórnendur. Ef í ljós kemur síðan að orkan liggur ekki á lausu eru fjármunirnir fyrir bí og það getur varla talist góð stjórnun, eða hvað?

En kannski er það einmitt góð stjórnun. Kannski er þetta hluti af því sem á ensku kallast að vera passive agressive. Farið er af stað með undirbúning verkefna undir því yfirskyni að ekkert sé nú ákveðið. Varla er fólk á móti því að hlutirnir séu skoðaðir? En síðan kemur að því að það næst saman um uppbyggingu og þá kemur annað hljóð í strokkinn. Öllum þessum fjármunum hefur verið eytt í undirbúning verkefnisins og þess vegna er engin hæfa að vera á móti því að virkjað sé til að standa undir herlegheitunum. Ætlar fólk að vera á móti framförum?

Við höfum landið okkar að láni og ef við ákveðum að ganga á það þarf sú ákvörðun að vera vel ígrunduð. Hún má ekki vera tekin eingöngu út frá forsendum þeirra sem unnið hafa að einhverju verkefni um hríð. Þeirra rödd hefur ekkert meira vægi en annarra og ef þeir hafa eytt peningum án þess að orka sé tryggð er það einfaldlega þeirra mál.

Virkjanir eru mál okkar allra og ákvarðanir um þær eiga ekki að vera afgangsstærð í samningum sveitarstjórnarmanna, sem vilja iðnað í umdæmi sín, og forsvarsmanna iðnfyrirtækjanna, sem leita að hentugu plássi fyrir verksmiðjur sínar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hættur á hálfu tímabili
Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, staðfesti það í samtali við fjölmiðla á mánudaginn að hann hygðist hætta á þingi í haust og leyfa Ástu Helgadóttur, varaþingmanni Pírata, að taka sæti sitt. Það er sjaldgæft að stjórnmálamenn víki sjálfviljugir til þess að veita öðrum tækifæri á að seilast til áhrifa. Það er virðingarvert að sjá einstakling sem upplifir sig ekki ómissandi og raunar upplífgandi í stjórnmálalandslagi þar sem þjóðaríþróttin er að ríghalda í þingsæti sitt eins lengi og mögulegt er. Þó hlýtur það að teljast undarlegt að þingmaðurinn hætti eftir einungis tvö ár á þingi en slíkur tími er varla teljandi til að huga að þeim verkefnum sem þingmenn sinna hverju sinni. Til þess þyrfti minnst eitt kjörtímabil.

Í æfingu
Ásta Helgadóttir, verðandi þingmaður Pírata, er ekki með öllu óreynd í þingstörfum en hún hefur þegar nokkrum sinnum setið á þingi á kjörtímabilinu og hefur meðal annars mælt fyrir frumvarpi um íbúakosningar í sveitarfélögum. Hún var í viðtali í Bítinu á Bylgjunni í gær. Þar var hún spurð hvort hún væri búin að æfa sig fyrir þingstörfin. Manni er spurn hvort miðaldra, hvítur, karlkyns tilvonandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins eða Samfylkingarinnar myndi nokkurn tíma fá álíka spurningu við sama tilefni.

Aldrei fleiri konur
Á kjörtímabilinu hafa þrjár nýjar konur tekið sæti á Alþingi. Ásta Helgadóttir tekur við af Jóni Þóri Ólafssyni líkt og fram hefur komið. Sigríður Á. Andersen tekur sæti Péturs Blöndals eftir fráfall hans og Steinunn Árnadóttir tók sæti Árna Þórs Sigurðssonar eftir að hann var skipaður sendiherra. Þetta þýðir að konur skipa 44,4 prósent þingheims og aldrei hafa verið jafn margar konur á Alþingi, sem er einkar vel við hæfi á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Opnið freyðivínið, þetta er fagnaðarefni!

stefanrafn@frettabladid.is

HALLDÓR

Meiri álögur, hærra vöruverð

TOLLAR

Eldar Ástþórsson

Brynhildur Pétursdóttir
þingmenn Bjartrar framtíðar

Björt framtíð freistaði þess á dögunum að koma í veg fyrir að Alþingi lögfesti þá leið að tollkvótar á landbúnaðarvörum yrðu boðnir út. Sú aðferð leiðir til aukinnar skattheimtu og hærra vöruverðs því kostnaðurinn við kaup á tollkvóta lendir á endanum á neytendum.

Neytendasamtökin, Samtök verslunar og þjónustu og Félag atvinnurekenda hafa öll bent á að útboðsleiðin vinni gegn almannahagsmunum, hækki vöruverð og hamli samkeppni. Sú aðferð brýtur jafnframt í bága við sjálft markmið þessara tollkvóta, sem er að ýta undir verslun með landbúnaðarvörur milli landa og auka þannig samkeppni.

Engu að síður ákvað meirihluti atvinnuveganefndar, skipaður fulltrúum fjögurra flokka, að leggja til að útboðsleiðin yrði lögfest. Það þýðir að ef það er umframeftirspurn eftir tollkvóta er hann boðinn út og seldur hæstbjóðanda. Fulltrúi Bjartrar framtíðar í atvinnuveganefnd lagði til hið gagnstæða, að ráðherra yrði skylt að úthluta tollkvóta án endurgjalds og yrði hlutkesti varpað ef ásókn væri umfram kvóta, eins og Samkeppniseftirlitið beinlínis mælist til í nýlegri skýrslu um samkeppni á dagvörumarkaði.

➜ Við teljum að auka þurfi frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og að sú verndarstefna sem nú er við lýði sé ekki til hagsbóta fyrir neytendur.

Breytingartillaga í þá veru var lögð fyrir þingið.

Það olli okkur vonbrigðum að ekki væri meiri stuðningur við viðskiptafrelsi og aukna samkeppni í verslun á meðal þingmanna. Aðeins tólf þingmenn greiddu atkvæði með breytingartillögunni sem var því felld og varð því leið aukinnar skattheimtu og hærra vöruverðs ofan á. Það getur vissulega verið vandasamt að útdeila tollkvótum á réttlátan hátt enda um takmörkuð gæði að ræða. Það er þó skoðun Bjartrar framtíðar að hér hafi versta leiðin verið farin.

Við teljum að auka þurfi frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og að sú verndarstefna sem nú er við lýði sé ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Þau lög sem voru samþykkt um útboð á tollkvótum og þær álögur á neytendur sem sú leið hefur í för með sér eru svo sannarlega ekki skref í rétta átt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

8. júlí – stríðsglæpa minnst

UTANRÍKISMÁL

Sveinn Rúnar Hauksson
formaður Félagsins Ísland-Palestína

Í dag er rétt ár síðan árásarstríð Ísraelsstjórnar gegn Palestínu hófst með umfangsmiklum loftárásum á Gasa, eldflaugaárásum og síðar sprengju- og stórskotaárásum af landi og sjó. Eftir 51 dag lágu meira en 2.200 Palestínumenn í valnum, þar af langflestir óbreyttir borgarar. 551 barn var drepið. Ísraels megin lágu 73 í valnum, þar af langflestir, eða 67, árásarhermenn sem féllu á Gasa en sex óbreyttir borgarar í Ísrael og þar af eitt barn.

Meira en ellefu þúsund Palestínumenn særðust í stríðinu, þar af um 3.400 börn, og munu um eitt þúsund þeirra búa við varanlega örorku. Um 470 ísraelskir hermenn særðust í stríðinu og 255 óbreyttir borgarar.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna sendi nýverið frá sér skýrslu sem greindi frá stríðsglæpum Ísraelshers á Gasa síðastliðið sumar og var þar einnig fjallað um eldflaugaárásir andspyrnuhópanna á Gasa sem beint er að íbúabyggðum í Ísrael og teljast því einnig til stríðsglæpa.

Skýrslunni hefur verið fagnað af stjórn Palestínumanna í Ramallah og einnig af Hamas-samtökunum. Ísraelsstjórn hefur hins vegar reynt að ómerkja hana og kom í veg fyrir að rannsóknarnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna fengi að fara til Ísraels og Palestínu. Skýrslan mun reynast mikilvægt gagn er kemur að því að kæra Ísraelsstjórn fyrir stríðsglæpi hjá Alþjóðaglæpadómstólnum í Haag sem Palestína er nú aðili að.

Heilu íbúðahverfin voru lögð í rúst í sprengjuárásum Ísraelshers. Hálf milljón manna missti heimili sín og lenti á vergangi. Flestir fengu bráðabirgðaskýli í skólum UNRWA (flóttamannaaðstoðarinnar) og margir héldu til í auðum byggingum, í moskum og kirkjum eða hjá fjölskyldum.

Ekkert heimili endurbyggt

Á ráðstefnu stuðningsríkjanna svokölluðu (e. donor states), sem haldin var í Kaíró í október 2014, var stuðningi heitið til endurreisnar á Gasa að upphæð 5,4 milljarðar Bandaríkjadala. Ísrael var ekki með í þessu og er ekki gert ráð fyrir einum eyri þaðan. Ísraelsríki hefur aldrei greitt neinar stríðsskaðabætur og hefur hingað til aldrei þurft að taka neina ábyrgð á þeirri eyðileggingu, örorku og dauða sem Ísraelsher veldur. Hluti af þessu fé sem lofað var í Kaíró hefur skilað sér, en enn þann dag í dag hefur ekki eitt einasta heimili sem eyðilagt var í stríðinu verið endurbyggt. Þar er fyrst og fremst um að kenna herkvínni sem lokar íbúana á Gasa inni og kemur í veg fyrir að nauðsynleg byggingarefni og aðrar lífsnauðsynjar fáist fluttar inn, nema af mjög skornum skammti. Það á líka við um hreint vatn, eldsneyti og rafmagn.

Hversu lengi ætlar umheimurinn að horfa upp á það aðgerðalaus að 1,8 milljónir Palestínumanna sé haldið innilokuðum á 360 ferkílómetra svæði, bjargarlausum að mestu og síðan ráðist á fólkið með nokkru millibili af einu mesta hernaðarveldi heims? Sameinuðu þjóðirnar hafa verið máttvana gagnvart þessu ofbeldi vegna skilyrðislauss stuðnings Bandaríkjanna við Ísraelsstjórn sem grobbar sig af því að hafa í raun neitunarvald í Öryggisráðinu. Engu skiptir hvernig Ísrael hagar sér gagnvart Palestínu, ofbeldi hernáms og stríðsglæpir er refsilaust.

➜ Heilu íbúðahverfin voru lögð í rúst í sprengjuárásum Ísraelshers. Hálf milljón manna missti heimili sín og lenti á vergangi.

Það verður ekki bundinn endir á 48 ára hernám Ísraels í Palestínu nema að breyting verði á stefnu Bandaríkjanna. Lengst af hefur verið þagnarmúr um framferði Ísraelsríkis í helstu fjölmiðlum Bandaríkjanna. Stríðsglæpir Ísraels á Gasa síðastliðið sumar virðast hafa rofið örlítið þennan þagnarmúr og náð eitthvað til almennings. Einnig hafa friðarhreyfingar bandarískra gyðinga sótt í sig veðrið. Þá hafa bandarískar kirkjudeildir látið til sín taka og eru síðustu fréttir þær að United Church of Christ hafi samþykkt stuðning við sniðgönguhreyfinguna BDS (boycott-divest-sanction) sem berst fyrir frelsi Palestínu með þeim aðferðum sem notaðar voru gegn aðskilnaðarstjórninni í Suður-Afríku. Undirrituðum þótti einkar vænt um þessa frétt en hann var einmitt skiptinemi Þjóðkirkjunnar hjá þessari kirkjudeild í Seattle fyrir hálfri öld. Þar þótti sjálfsagt að taka upp málstað kúgaðra, styðja baráttu gegn aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku jafnt og í Bandaríkjunum og gagnrýna stríðsrekstur Bandaríkjanna í Víetnam og víðar.

Reykjavíkurflugvöllur – opnum hugann

SKIPULAG

Snorri Snorrason
íbúi á höfuðborgarsvæðinu

Ef farið er yfir umræðuna um flugvöllinn þá hugsa borgaryfirvöld aðeins um þéttingu byggðar og vilja flæma flesta atvinnustarfsemi í burtu, þar á meðal völlinn. Þó að um flugvöllinn fari milli 300 og 400 þúsund farþegar árlega.

Því miður er ríkjandi hjá allt of mörgum sem búa á höfuðborgarsvæðinu eftirfarandi viðhorf: Ég er heilsuhraust/ur og þarf lítið á sjúkrahúsi að halda, enda er það í 5-10 mín. fjarlægð fyrir mig og mína. Einnig: Ég hef allt mitt hér, þarf ekkert að tengjast flugvellinum til að komast út á land. En það er þögull hluti þjóðarinnar sem býr í dreifðum byggðum landsins og greiðir í sameiginlega sjóði og er hluti af þessari þjóð, enda hefur landsbyggðarfólk þrár, vilja og langanir til höfuðborgarinnar til að sinna hugðarefnum sínum, eða þarf að sækja þjónustu Landspítalans rétt eins og við, enda er fólk á landsbyggðinni ekki annars flokks þegnar.

Af hverju hugsar þjóðin ekki í meiri mæli út fyrir rammann, rætur okkar flestra liggja úti á landi. Einnig heyrist hjá ákveðnum stjórnmálaöflum að það sé sjálfsagt að leyfa innflutning fólks frá fjarlægum löndum, sem býr við bágindi og erfiðleika, sem er ágæt hugsun, en sömu öfl snúa baki við sínum eigin þegnum í þessu máli. Það vekur einnig furðu að þingmenn landsbyggðarinnar skuli ekki standa allir saman sem einn, þegar flugvöllinn ber á góma. Síðan að borgarstjórinn skuli sjálfur hafa komið sér fyrir í Rögnunefndinni, það gat ekki verið ávísun á skynsamlega niðurstöðu.

Engin tilviljun

Það er engin tilviljun að flugvöllur var byggður í Vatnsmýrinni. Af hverju hlusta ráðamenn ekki á þjóðina, meirihlutinn vill flugvöllinn í Reykjavík, við búum við lýðræði er það ekki? Hann á að þróa og laga til framtíðar, það má gera í áföngum. En því miður hefur þar margt drabbast niður í áratugi. Að mínu viti á að reka í Reykjavík innanlandsflug, sjúkraflug og varaflugvöll, því þar eru allt önnur jarðlög en hraunið sem við sjáum sunnan Reykjavíkur. Þar er hætta á eldsumbrotum, væntanlega aðeins spurning um tíma. Það hefur aldrei talist skynsamlegt að setja öll eggin í sömu körfuna, þá er betra fyrir eyþjóðina að hugsa meira um lífið sjálft en byggingar í Vatnsmýrinni.

Undirritaður hefur nýlega þurft að njóta þjónustu Landspítalans vegna veikinda, sem verður seint fullþakkað. Að mínu mati er það mannréttindabrot gagnvart landsbyggðinni ef hróflað verður við flugvellinum.

Ríkisstjórn sem vill láta taka sig alvarlega, enda þar fulltrúar þjóðarinnar, lætur ekki eigingjarna borgarstjórn eyðileggja þá þjóðar- og öryggishagsmuni sem Reykjavíkurflugvöllur er fyrir íslenska þjóð.

BAUHAUS

Garðaland®

Smáplöntur
Mikið úrval af blómstrandi grænum plöntum í 6 cm potti. Hæð 5–15 cm.

295.- ~~595.-~~

Orkídea, einn stilkur
Í 12 cm potti.

1.295.- ~~1.595.-~~

HURRICANE®

Bensínsláttuvél
HBG 39. 100 cc GGP RS 100 Blue OHV-mótor. Sláttubreidd 39 cm, 5 hæðarstillingar, eða 28–58 mm.

25.995.- ~~29.995.-~~

Weibulls

Gróðurmold, 40 l
Fyrir garðinn, matjurtagarðinn, blómapottana og útikerin. Inniheldur næringu og heldur vel raka.

695.- ~~1.295.-~~

ROUNDUP UKRUDTSMIDDEL

Round Up þykkni, 1 l
Mjög virkt efni gegn öllu illgresi. Hentar vel fyrir öll ræktuð svæði, innkeyrslur, palla, bletti o.þ.h. Meðhöndluðu plönturnar visna eftir u.þ.b. 2 vikur. Innbyggður mælibolli með lekavörn og barnalæsingu í lokinu. Dugir á 120 m².

5.995.- ~~8.390.-~~

Cannes sófasett
Í settinu eru sófi, 2 stólar og 46 x 91 cm borð með glerplötu, úr fjögurra strengja svörtu rattan. Svartar sessur fylgja.

44.995.- ~~68.995.-~~

BAUHAUS®

BAUHAUS

Mikið úrval, lágt verð

- og góð þjónusta

PARADOR
Aktion Rustik parket
Eik, þriggja stafa. Þykkt 13 mm, plankastærð 185 x 2200 m.
Verð á m².

2.995.-
~~4.190.-~~

795.-
~~895.-~~

Easyloc plastparket
Þykkt 6 mm, plankastærð 193 x 1380 mm.
Afar auðvelt að leggja. Fæst í beyki og ítalskri hnotu. Verð á m².

1.495.-
~~1.995.-~~

Logoclic Terra plastparket
Parma-fura
Þykkt 7 mm, plankastærð 192 x 1285 mm.
Verð á m².

Marmo veggflísar
20 x 25 cm. Hvítar, glansandi eða mattar. Verð á m².

1.495.-
~~2.195.-~~

I·B·F
Steyptar hellur
30 x 30 x 5 cm. Gráar. Stykkjaverð.

295.-
~~355.-~~

FRØSLEV TRÆ PREMIUM

Pallatimbur
Gagnvarin fura, NTR A/B-vottað. 28 x 120 mm.
Verð á m.

225.-
~~269.-~~

Mótatimbur
22 x 150 mm. Verð á m.

195.-

FRØSLEV TRÆ

Bandsöguð klæðning
15 x 120 mm.
Verð á m.

260.-

FRØSLEV TRÆ

Bandsöguð klæðning
15 x 95 mm.
Verð á m.

310.-

FRØSLEV TRÆ

Bandsöguð klæðning
20 x 120 mm.
Verð á m.

330.-

FRØSLEV TRÆ

Kúpt klæðning
20 x 120 mm.
Verð á m 289.-

330.-

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 9. júlí til og með sunnudeginum 12. júlí 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Calios blöndunartæki
Krómuð, með brunavörn, Rósettur og hjámiðjur fylgja. 3 ára ábyrgð.

Start handlaugartæki
Krómuð, með botnloka með lyftitappa, 3/8" sveigjanlegum slöngum og keramíkstút. 5 ára ábyrgð gegn leka

Ecostat 1001 blöndunartæki með hitastilli
Krómuð, með vatnssparnaðarkerfi og brunavörn. Sturtubarki, rósettur og hjámiðjur fylgja ekki.

Start eldhústæki
Krómuð, með lágum sveiflukrana, 3/8" sveigjanlegum slöngum og keramíkstút. 5 ára ábyrgð gegn leka.

Delos sturtuklefi
90 x 90 x 210 cm. Krómaður með glæru, hertu öryggisgleri. Hornhilla, segullisti, vatnslás, sturtustangasett með handsturtu og niðurfall fylgja, blöndunartæki fylgja ekki.

Duravit salernissett
Duravit Starck upphengd salernisskál og innbyggður Grohe vatnskassi. Seta fylgir ekki.
Duravit salernisseta **18.995.-**

Go útipenslasett
3 stk. í pakka, 20 mm, 50 mm og 100 mm.

Viðarolía, 3 l
Alkýðolía sem vinnur gegn gránun og sprungumyndun á pöllum, skjólveggjum, garðhúsgögnum o.s.frv. Notist á gagn- og þrýstifúavarið timbur.

Nirvana LED-partíljósakeðja
Með 20 LED perum sem skipta litum. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.

Hundur með sólarhleðslulukt
H: 25 cm. 0,06 vatta LED-perur fylgja. Fæst í 3 mismunandi gerðum.

Gas, 10 kg
Áfylling:

Gas, 5 kg
Áfylling: **2.295**

Pisa pallahitari
Með 2 stillingum, 450/900 vött. Hæð 88 cm. Hitar allt að 10–12 m². Hægt að snúa 80°. IP55-vottaður.

BAUHAUS®

Senior pappakassi
Þykkt 4 mm,
stærð 55,6 x 37 x 34 cm.
Stykkjaverð 345.-

10 STK.
2.495.- ~~3.450.-~~

Senior pappakassi
Þykkt 3 mm, 55,6 x 37 x 34 cm.
Stykkjaverð 295.-

10 STK.
1.995.- ~~2.950.-~~

Junior pappakassi
Þykkt 4 mm,
stærð 37,7 x 37,5 x 34 cm.
Stykkjaverð 325.-

10 STK.
2.195.- ~~3.250.-~~

Euro kassi
Sniðugt staflakerfi,
margar gerðir og
stærðir. 18 l,
40 x 30 x 22 cm.

1.995.-

Kassi
20 l: 60 x 40 x 14 cm.....2.495.-
35 l: 60 x 40 x 20 cm 2.995.-
60 l: 60 x 40 x 32 cm 3.995.-

Lok
40 x 30 cm 1.295.-
60 x 40 cm 1.995.-
Ferðakassi.....11.995.-



175 kg

HÆÐ: 180 CM
BREIDD: 90 CM
DÝPT: 40 CM

2 STK.
9.995.- ~~15.990.-~~

Stálhilla
5 hillur, hámarksburðarþol er 175 kg við jafna álagsdreifingu. Svört. Stykkjaverð 7.995.-

11.995.- ~~29.995.-~~

Topplyklasett, 24 hlutir
1/2" topplyklasett úr krómuðu vanadínstáli með 24 hlutum. Toppar frá 10–32 mm, framlenging, hjöruliðskaft, t-lykill, átaksskaft og skralllykill.

BOSCH
Hleðslubor-/skrúfvél, 241 hlutur
18V. Með bitum, bor, skrúfum og töppum. Í traustbyggðri tösku með nýrri hönnun; 2 x 1,5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgja. 18 V rafhlöðurnar eru samhæfar við öll Bosch Power4All 18V rafmagnsverkfæri og garðvélar.

21.995.- ~~32.995.-~~

7.995.- ~~15.495.-~~

Verkstæðisvagn með 4 skúffum
Stærð: 61,6 x 33 x 65,8 cm. Stærð með hjólum: 61,6 x 33 x 74,2 cm. 2 skúffur af stærðinni 51,1 x 30,8 x 4,8 cm. 2 skúffur af stærðinni 51,1 x 30,8 x 7,05 cm. Allar skúffurnar renna auðveldlega út og eru með handfangi öðrum megin. Mikið geymslupláss. Hjól: 3" x 1". Svampur í skúffum og ofan á vagninum.

44.995.- ~~72.995.-~~

BOSCH
Hjólsög á borði
PTS 10T, standur fylgir. 1400 vött/5000 snún./mín. Hámarksskurðardýpt 90°/45°: 75 mm/63 mm. Þvermál sagarblaðs 254 x 30 mm.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 9. júlí til og með sunnudeginum 12. júlí 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Aldraðir fái sömu hækkun og launþegar

1. maí sl. fékk ófaglært verkafólk 27-31 þús. kr. kauphækkun á mánuði samkvæmt nýjum kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins. Það eru þeir launalægstu á meðal verkafólks sem fengu þessa hækkun. Samkvæmt þessum samningum eiga laun að hækka í 300 þúsund kr. á þremur árum. Aldraðir og öryrkjar eiga að mínu mati að fá sömu hækkun á sínum lífeyri frá almannatryggingum.

KJÖR ALDRAÐRA

Björgvin Guðmundsson
formaður Kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Lífeyrir hækki í 321 þúsund

Aldraðir og öryrkjar eiga að mínu mati að fá 27-31 þúsund króna hækkun á lífeyri á mánuði frá TR frá 1. maí sl. og síðan á lífeyrir aldraðra og öryrkja að hækka í 300 þúsund krónur á mánuði á þremur árum eins og hjá verkafólki. Ég tel að vísu eðlilegra að lífeyrir hækki í 321 þúsund á mánuði í samræmi við neyslukönnun Hagstofunnar.

Það er meðaltalsneysla einhleypinga í dag. Eldri borgarar þurfa sömu upphæð.

Hvers vegna tel ég að aldraðir og öryrkjar eigi að fá sömu hækkun og verkafólk? Jú, vegna þess að í lögum stendur að taka eigi mið af launabreytingum við ákvörðun lífeyris og lífeyrir aldrei að hækka minna en vísitala neysluverðs. Áður stóð í lögunum að hækka ætti lífeyri í samræmi við hækkun lágmarkslauna. Þegar orðalaginu var breytt sagði þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, að nýja orðalagið væri hagstæðara öldruðum og öryrkjum. Með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu tel ég að lífeyrisþegar eigi rétt á sömu kjarabótum og verkafólk nú.

Stjórnvöld þverskallast við

Það kemur ekki á óvart að stjórnvöld reyni að þverskallast við að greiða öldruðum og öryrkjum þá hækkun lífeyris sem þessum aðilum ber. Eins og fram kom í síðustu grein minni í Fréttablaðinu um kjör aldraðra hafa stjórnvöld ítrekað reynt að koma sér hjá því að greiða lífeyrisþegum lögbundnar hækkanir. Stjórnvöld hafa þverskallast við að greiða öldruðum og öryrkjum lögbundnar kjarabætur eða klipið duglega af þeim.

Mannréttindabrot að sniðganga lífeyrisþega

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í viðtali í útvarpsþættinum Á Sprengisandi að ríkisstjórnin kæmist ekki upp með það að láta aldraða og öryrkja ekki fá kjarabætur eins og launþega. Og það er mergurinn málsins. Ríkisstjórnin getur þverskallast við í þessu efni og tafið málið eitthvað en hún kemst ekki hjá því að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja, þegar nálega allir launþegar landsins eru

➜ Það er hreint mannréttindabrot að neita lífeyrisþegum um hliðstæðar kjarabætur og launþegar fá.

að fá kauphækkun. Það er hreint mannréttindabrot að neita lífeyrisþegum um hliðstæðar kjarabætur og launþegar fá. Fjármálaráðherra hefur verið of fljótur á sér þegar hann lýsti því yfir á Alþingi að aldraðir og öryrkjar fengju ekki hækkun lífeyris í kjölfar nýrra kjarasamninga.

Alþingi taki í taumana

Ef ríkisstjórnin leiðréttir ekki lífeyri aldraðra og öryrkja til samræmis við launabreytingar láglaunafólks verður Alþingi að taka í taumana, taka fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni og ákveða að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja til samræmis við launahækkanir verkafólks. Alþingi hefur valdið og þar er meirihluti fyrir þessari sjálfsögðu leiðréttingu.

Íslenski álklasinn

Klasar eru merkileg fyrirbæri sem finna má úti um allan heim og í mörgum atvinnugreinum. Samkvæmt skilgreiningu er klasi svæðisbundinn hópur fyrirtækja, framleiðenda, birgja, þjónustuaðila, kaupenda, opinberra stofnana og fleiri aðila sem eiga það sameiginlegt að hagnast af samkeppni og framþróun innan sama iðnaðar. Lykilatriði er að viðkomandi aðilar geti í senn unnið saman og átt í samkeppni.

IÐNAÐUR

Ragnar Guðmundsson
forstjóri Norðuráls

➜ Klasi þarf að hafa skýra framtíðarsýn, augljós markmið, skipulag og fastmótaðan samstarfsvettvang þeirra sem að honum standa.

Hérlendis hefur klasasamstarf haslað sér völl á sviði jarðvarma, sjávarútvegs og ferðaþjónustu með góðum árangri. Nýlega bættist mikilvægur klasi í hópinn þegar tugir fyrirtækja og stofnana stóðu að vel sóttum stofnfundi íslenska álklasans. Á meðal stofnenda eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókna- og menntastofnanir, auk allra álveranna á Íslandi. Nýir aðilar bætast við klasann á næstu misserum enda skipta þau fyrirtæki hundruðum sem hafa hag af álframleiðslu á Íslandi.

Klasi þarf að hafa skýra framtíðarsýn, augljós markmið, skipulag og fastmótaðan samstarfsvettvang þeirra sem að honum standa. Með því að öðlast sameiginlegan skilning á framtíðinni í stórum dráttum geta stór fyrirtæki og smá bætt eigin stefnumótun samhliða samstarfinu. Markmið álklasans er að efla samkeppnishæfni með virðisauka fyrir viðkomandi fyrirtæki og auka sýnileika, rannsóknir og nýsköpun á þessu sviði. Sú skörun þekkingarsviða sem klasasamstarf felur í sér er einmitt í eðli sínu ein helsta uppspretta frjórra hugmynda og nýsköpunar.

Áliðnaður er undirstöðuatvinnuvegur á Íslandi. Þess vegna felst mikilvægi álklasans ekki einungis í ávinningi viðkomandi þátttökufyrirtækja hvers um sig. Það er ekki síður mikilvægt að virkja sem best þau þjóðhagslegu verðmæti og sóknarfæri sem klasasamstarfið gefur kost á. Miklu skiptir að fyrir liggi hvaða kraftar ráða þróuninni í atvinnugreininni, hvers eðlis samspil stofnana, ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja er og hvernig best má tryggja heilbrigðan vöxt og viðgang klasans þjóðarbúinu til heilla. Víðari sjóndeildarhringur með aðkomu allra viðkomandi aðila eykur líkur á að stefnumótunin verði þjóðhagslega mikilvæg.

Álfyrirtækin skipta árlega við hundruð annarra íslenskra fyrirtæka og ný fyrirtæki hafa sprottið upp í kringum áliðnaðinn. Heildarframlag álklasans nam nálægt 6,8% af landsframleiðslu árin 2011 og 2012. Ef horft er til eftirspurnaráhrifa var framlagið tæp 9% árið 2012 samkvæmt nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar um þjóðhagslega stöðu og þróun íslensks áliðnaðar.

Grísk kreppa í íslensku lífeyrisljósi

Lífeyrismál eru eitt stærsta viðfangsefnið í viðræðum gríska stjórnvalda við lánardrottna sína. Lánardrottnar gagnrýna Grikki fyrir kostnaðarsamt lífeyriskerfi. Á sama tíma blása samtök eldri borgara í Grikklandi til mótmælaaðgerða gegn frekari skerðingu lífeyris. Fimmti hver Grikki er orðinn 65 ára og ef tekið er tillit til þeirra sem fara snemma á eftirlaun lætur nærri að lífeyrisvandinn varði allt að þriðjung kjósenda. Svo má bæta við 50% atvinnuleysi ungmenna sem reiða sig í mörgum tilvikum á lífeyri foreldra.

LÍFEYRISSJÓÐIR

Jakob Tryggvason
stjórnarformaður Stafa lífeyrissjóðs

Samtök atvinnulífsins í Grikklandi telja að helmingur allra fjölskyldna í landinu reiði sig á almannatryggingakerfið. Lánardrottnar eiga þannig í óbeinum viðræðum við stóran hluta grísku þjóðarinnar, sem sættir sig ekki við frekari niðurskurð. Opinber útgjöld Grikkja hafa verið skorin að beini og nú beinist athygli að lífeyris- og skattamálum.

Gjörólík lífeyriskerfi

Áður en Grikkir rötuðu í vandræði sín státuðu þeir af örlátasta lífeyriskerfi Evrópu, svokölluðu gegnumstreymiskerfi. Slíkt kerfi er aðallega fjármagnað með sköttum, sem er í grundvallaratriðum ólíkt til dæmis íslenska kerfinu þar sem hver kynslóð leggur á starfsævinni í sjóði til efri áranna. Í þessu ljósi er áhugavert að fylgjast með gangi mála í Grikklandi.

Umbætur voru gerðar á gríska kerfinu 2010 en samt greiða Grikkir um 17,5% landsframleiðslu sinnar til lífeyrismála. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) leggur ríka áherslu á að hlutfallið verði lækkað í 16%, fyrr geti hann ekki samþykkt frekari fyrirgreiðslu. Þess má geta til samanburðar að Íslendingar greiða 6% landsframleiðslu sinnar til lífeyrismála.

Flett var ofan af brotalömum og spillingu í gríska kerfinu 2010. Það er mörgum geymdur en ekki gleymdur ímyndarskellur fyrir Grikki. Á daginn kom að 90.000 greiðslur úr kerfinu runnu að stórum hluta til látinna eða til fólks sem var í fullri vinnu en jafnframt á örorkubótum. Hlutfall bótasvika nam 3,4% af heildargreiðslum lífeyris!

Þá sæta Grikkir gagnrýni fyrir að hækka lífeyrisaldur í orði en ekki á borði. Lánardrottnar krefjast þess að lífeyrisaldur verði hækkaður í raun til að spara útgjöld. Grikkir hækkuðu vissulega lífeyrisaldur karla í 67 ára en áhrifin láta á sér standa vegna þess að hátt í 600 starfsstéttir njóta undanþágu og fá að fara fyrr á eftirlaun vegna hættulegra eða erfiðra vinnuskilyrða. Slökkviliðsmenn fá til dæmis svona undanþágu, hárgreiðslufólk líka vegna hættulegra efna í vinnuumhverfi sínu og meira segja starfsmenn ljósvakamiðla vegna skaðlegra örvera á hljóðnemum!

Gríska hagkerfið hefur skroppið saman og greiðslur til lífeyriskerfisins rýrna að sama skapi.

➜ Á daginn kom að 90.000 greiðslur úr kerfinu runnu að stórum hluta til látinna eða til fólks sem var í fullri vinnu en jafnframt á örorkubótum.

Vandi Grikkja tengist að miklu leyti almannatryggingum. Samanlögð eftirlaun úr almannatryggingum og úr veikburða sjóðasöfnunarkerfi Grikklands eru um 880 evrur á mánuði eða tæplega 130.000 krónur, sem telst ekki ríkulegur lífeyrir. Aðalvandinn er samt sá að kerfið er langt frá því að vera sjálfbært. Grikkir komast ekki upp með að slá enn meiri lán til að fjármagna eftirlaun sín og fyrir liggur að 15-44% skerðing lífeyris frá 2010 dugar hvergi til.

„Íslenska kerfið“ talið fyrirmynd

Gegnumstreymiskerfi eftirlauna hefur í sér fólgna áhættu sem í hnotskurn er helsti vandi gríska stjórnvalda. Stundum er því samt haldið fram hérlendis að gegnumstreymi sé álitlegra en íslenska kerfið. Því skal þá haldið til haga að OECD, Evrópusambandið og Alþjóðabankinn hvetja aðildarríkin til að koma upp þriggja stoða lífeyriskerfi á borð við það sem Íslendingar þekkja: almannatryggingar, öfluga söfnunarsjóði lífeyris og séreignarsjóði.

Um leið og við óskum þess að Grikkjum farnist vel við að leysa ofurvanda sinn vonum við að okkur sjálfum takist að byggja upp lífeyriskerfi sem þolir tímabundin samdráttarskeið og sveiflur á fjármálamörkuðum.

VERKFÆRA SALAN

Verð frá 2.500,-

Bílabúkkar
3 T. TJ T43002 2.500,-
6 T. TJ T46001 4.400,-
12 T. TJ T412002 12.900,-

Verð Kr. 41.900,-

Verkfæraskápur
6 skúffur.
TJ TBR3006-X

Verð Kr. 6.900,-

Hjólatjakkur 2 Tonn. Í Tösku.
Lyftir: 13,0 - 34,5 cm.
TJ T82000CS

Verð Kr. 59.900,-

Loftpressa
100 Lítra kútur.
Loftflæði: 416 l/mín.
TJ TRAE100VFL

Verð Kr. 19.900,-

Loftpressa
24 Lítra kútur. Loftflæði: 205l/mín.
TJ TRA024L

Verð Kr. 49.900,-

Loftpressa
50 Lítra kútur. Loftflæði: 412l/mín.
TJ TRAE050VFL

Verð Kr. 19.900,-

Hjólatjakkur
3 Tonn.
Lyftir: 14,5 - 51,0 cm.
TJ T83001

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899
Póstfang: vfs@vfs.is Netsíða: www.vfs.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. júlí 2015 | 27. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

SVANSMERKIÐ SÍÐAN 2000!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

KONUR VERÐI ÓHRÆDDARI VIÐ AÐ FJÁRFESTA

- Einungis tvær konur í formennsku fyrir stærstu hagsmunafélögin
- Vill viðhorfsbreytingar í stjórnum fyrirtækja
- Auka þarf ásýnd kvenna í fjölmiðlum

SÍÐA 4

Gætu minnkað lífeyrisskuldir

Hagfræðingarnir Ásgeir Jónsson og Jón Bjarki Bentsson vara báðir við því að ríkisskuldabréf verði keypt upp í of miklum mæli. Jón Bjarki bendir á að ýmsar aðrar leiðir séu færar við niðurgreiðslu skulda ríkisins með þeim fjármunum sem ríkið fær af stöðugleikaskatti eða stöðugleikaframlagi. Undir það tekur Ásgeir. „Ríkið skuldar margt annað. Það er 460 milljarða gat hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins," segir Ásgeir.

→ SÍÐA 2

Reisa verksmiðju í Grafarvogi

Papco stefnir að því að reisa á milli þrjú og fjögur þúsund fermetra verksmiðju við Bæjarflöt 19 í Grafarvogi. Borgarráð Reykjavíkur hefur veitt fyrirtækinu vilyrði fyrir lóðinni með fyrirvara um samþykki deiliskipulags. Þórður Kárason, framkvæmdastjóri Papco, segir fyrirtækið hafa stækkað hratt að undanförnu.

→ SÍÐA 5

Á vetrarútsölum i júlí

Davíð Ólafur Ingimarsson var á dögunum ráðinn fjármálastjóri hjá GreenQloud. Fyrirtækið er nokkurra ára gamalt og framleiðir hugbúnað.

Davíð nam hagfræði við Háskóla Íslands en tók skiptinám í Japan og Ástralíu. Hann segir það hafa verið skrítið að búa í Ástralíu. „Sérstaklega fannst mér skrítið yfir sumartímann, þegar það voru vetrarútsölur."

→ SÍÐA 5

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

Hugrekki þarf til að breyta ríkjandi viðhorfum. Eðli málsins samkvæmt er erfiðara fyrir einkarekna aðila að taka slíkt stökk.

→ SÍÐA 8



Hlekkir nýlenduhugsunarháttar

Skjóðan

ALLT hefur sinn stað og sinn tíma. Líka orkufrek stóriðja. Á sjöunda áratug síðustu aldar var það kærkomin viðbót við einhæft atvinnulíf á Íslandi þegar álverið í Straumsvík var reist. Fram til þess voru gjaldeyristekjur þjóðarinnar reistar á einni stoð, sjávarútvegi. Á síðustu áratugum aldarinnar bættust við fleiri stóriðjuver og þjóðin fékk í sinn hlut arð af orkuauðlindinni sem hafði fram að því verið að mestu óbeisluð.

STÓRIÐJAN kom til Íslands fyrir hálfri öld. Aðdráttaraflið var einfalt. Hér var í boði ódýr orka auk þess sem skattaumhverfi var gert hagstætt fyrir alþjóðlega starfsemi af þessu tagi.

FRÁ því álverið í Straumsvík var opnað fyrir tæpum 50 árum hefur mikið breyst í íslensku atvinnulífi. Tækninni hefur fleygt fram og verndun umhverfisins vegur þyngra en fyrr.

ÁLVER hafa risið og við Íslendingar höfum nú virkjað stóran hluta þeirrar orku sem virkjanleg er, alla vega ef nýting hennar á að vera í sátt við umhverfið. Gjaldeyrisöflun þjóðarinnar byggist ekki lengur á einni atvinnugrein og ekki einu sinni á tveimur. Þrjár atvinnugreinar gegna lykilhlutverki og er sjávarútvegur ekki lengur sú grein sem mestum gjaldeyri skilar.

IÐNAÐUR (þar með talin stóriðja) er stærsta útflutningsgrein Íslands, þegar horft er til gjaldeyrissköpunar. Ferðaþjónustan er í öðru sæti og er raunar talsvert stærri en stóriðjan ein. Í þriðja sæti er svo sjávarútvegurinn, sem löngum var okkar eina raunverulega útflutningsgrein. Í fjórða sæti er liðurinn „annað“, sem væntanlega innifelur hugvit. Undanfarin ár hafa gjaldeyristekjur af ferðamönnum og liðurinn „annað“ stækkað mjög og nú má segja að gjaldeyrissköpun þjóðarinnar hvíli á fjórum stoðum, nokkuð jöfnum. Við erum að breytast úr einhæfu framleiðsluhagkerfi í fjölbreytt.

VIÐ erum ekki lengur nýlenduhagkerfi í sinni tærustu mynd þó að undarleg ráðstöfun náttúruauðlinda, þar sem fáir aðilar fá að nýta sér auðlindirnar gegn afskaplega vægu gjaldi, minni meira á nýlenduskipan en nokkuð annað. Fiskinn í sjónum fá útvaldir að veiða nær ókeypis og orkuna fá erlend stórfyrirtæki að kaupa á spottprís.

SÓKN til áframhaldandi og aukinnar velferðar þjóðarinnar verður ekki byggð á því að halda dauðahaldi í nýlendufyrirkomulagið. Hún verður að byggja á því að afrakstur náttúruauðlinda renni til þjóðarinnar sjálfrar.

ÞAÐ skýtur því skökku við að á öðrum áratug nýrrar aldar skuli menn enn sjá þær lausnir helstar að leggja náttúru landsins undir orkuver til að framleiða orku til að selja á spottprís í skítuga stóriðju í okkar fallega landi. Við brjótum aldrei af okkur hlekkina ef við hugsum sjálf eins og nýlendubúar.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Verslunareigandi vonast til að nýju húsnæði fylgi bætt afkoma:

Tap hjá Tösku- og hanskabúðinni

Tösku- og hanskabúðin tapaði 1,7 milljónum króna á síðasta ári. Fyrirtækið flutti fyrr á þessu ári í nýtt húsnæði við Laugaveg 103. Verslunin hafði verið til húsa við Skólavörðustíg 7 frá árinu 1960.

Gréta Oddsdóttir, eigandi Tösku- og hanskabúðarinnar, segir ástæðu flutninganna vera að eigandi húsnæðisins við Skólavörðustíg hafi viljað hækka húsaleiguna við endurnýjun leigusamnings. Hún segir það hafa reynst mun hagstæðara að kaupa nýtt húsnæði en leigja áfram á gamla staðnum.

Gréta segist vera bjartsýn á framhaldið. Flutningarnir muni borga sig þegar til lengri tíma er litið. Hún sé þó efins um að fyrirtækið skili hagnaði á þessu ári enda hafi flutningarnir verið kostnaðarsamir.

Á NÝJUM STAÐ Tösku- og hanskabúðin var flutt í nýtt húsnæði fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

Rekstrarhagnaður nam 3,5 milljónum króna. Eignir verslunarinnar námu 40 milljónum króna um síðustu áramót. Skuldir voru 32 milljónir króna og eigið fé 8 milljónir króna. - ih

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

15 Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

0 Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

1 STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI 133,8% frá áramótum
NÝHERJI 18,6% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TM -19,4% frá áramótum

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	124,00	19,2%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,66	-2,1%	5,3%
Eimskipafélag Íslands	226,50	-4,4%	6,2%
Fjarskipti (Vodafone)	39,02	11,5%	1,1%
Hagar	37,10	-8,3%	1,4%
HB Grandi	41,70	23,4%	1,6%
Icelandair Group	25,15	17,5%	2,7%
Marel	189,00	37,0%	1,6%
N1	38,45	65,7%	1,1%
Nýherji	12,11	133,8%	18,6%
Reginn	15,38	13,5%	8,3%
Reitir*	66,60	4,3%	4,4%
Sjóvá	10,70	-10,5%	4,8%
Tryggingamiðstöðin	21,20	-19,4%	10,4%
Vátryggingafélag Íslands	8,30	-8,3%	6,1%
Össur	480,00	33,0%	1,1%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.478,27	13,8%	0,9%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	26,20	15,9%	2,7%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 8. JÚLÍ
Þjóðskrá – Fasteignamarkaðurinn í mánuðum

FIMMTUDAGUR 9. JÚLÍ
Lánamál ríkisins – Mánaðarlegar markaðsupplýsingar
Þjóðskrá – Fjöldi útgefinna vegabréfa

FÖSTUDAGUR 10. JÚLÍ
Þjóðskrá – Trúfélagsbreytingar

MÁNUDAGUR 13. JÚLÍ
Lánamál ríkisins – Útboð ríkisvíxla
Hagstofan – Vísitala framleiðsluverðs í ágúst 2014

ÞRIÐJUDAGUR 14. JÚLÍ
Þjóðskrá – Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðahúsnæði

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Stöðugleikafé verði nýtt til að leysa vanda ÍLS

Hagfræðingar eru samála forstjóra Kauphallarinnar um það að mikil uppgreiðsla skuldabréfa sé varasöm. Skynsamlegt að leysa skuldavanda ÍLS eða LSR við ráðstöfun fjármuna frá kröfuhöfum.

Kaupi ríkið upp mikið magn ríkisskuldabréfa myndi það að líkindum auka peningamagn í umferð og skapa þenslu hér á landi. Þetta segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Íslandsbanka.

Jón Bjarki bendir á að ýmsar aðrar leiðir séu færar við niðurgreiðslu skulda ríkisins með þeim fjármunum sem ríkinu falli í skaut við greiðslu stöðugleikaskatts eða stöðugleikaframlags. Til að mynda sé hugsanlegt að eignir sem fari í umsjá Eignasafns Seðlabanka Íslands verði seldar í skiptum fyrir ríkiskuldabréf. „Það myndi ná fram lækkun á skuldunum án þess að auka peningamagn,“ segir Jón Bjarki.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, tekur undir með Jóni Bjarka að bein uppgreiðsla ríkisskuldabréfa geti verið varhugaverð. „Ríkið skuldar margt annað. Það er 460 milljarða gat hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og það væri ekki óeðlilegt að þessir peningar væru nýttir í það stoppa í það gat með einhverjum hætti. Annað stórt gat er Íbúðalánasjóður. Það væri bara mjög sniðug hugmynd að gera þann sjóð upp og ganga frá honum,“ segir Ásgeir.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur áður talað fyrir því að farið verði varlega í að greiða niður ríkisskuldabréf. Slíkt geti dregið úr skilvirkni á skuldabréfamarkaði með neikvæðum afleiðingum fyrir íslenskan verðbréfamarkað.

Í KAUPHÖLLINNI Skuldabréfaviðskipti eru stór hluti þeirra viðskipta sem fram fara í Nasdaq Iceland. Það þykir óráð að greiða ríkisskuldabréf upp í stóru mæli. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÁSGEIR JÓNSSON

JÓN BJARKI BENTSSSON

Jón Bjarki bendir á að útgefin ríkisskuldabréf sem virk viðskipti séu með nemi um 640 milljörðum króna. Af því eru um 160 milljarðar í eigu útlendinga og verða komnir í aðra fjármögnun eftir aflandskrónuútboð í haust. „Strax þar minnkar stabbinn um fjórðung og frekari lækkun þessara skulda er þá fljót að breyta þeirri mynd enn frekar,“ segir hann.

Jón Bjarki segir að til þess að nægjanleg viðskipti séu með skuldabréfaflokk þurfi hann að vera a.m.k. 15 til 20 milljarðar króna að stærð. Nú séu átta skuldabréfaflokkar hjá ríkinu sem virk viðskipti séu með. ingvar@frettabladid.is

Bankar í Bandaríkjunum sem lifðu kreppuna af hafa sópað að sér eignum og eru of stórir fyrir hagkerfið:

Bandaríska hagkerfið brothætt

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að hætta steðji að bandaríska fjármálakerfinu. Þetta kemur fram í skýrslu sjóðsins, sem er sú fyrsta sinnar tegundar frá árinu 2010. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur þó að meira jafnvægi sé í ríkisbúskapnum nú en fyrir bankakrísuna 2008.

Ein aðalgagnrýni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í garð Bandaríkjanna er að bankarnir séu of stórir. Þeirra á meðal eru JPMorgan Chase og Wells Fargo. Telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að efnahagsreikningur þessara banka sé of stór eftir að þeir hafi yfirtekið eignir banka sem hrundu í fjármálakreppunni. „Stórir og tengdir bankar tröllríða bankakerfinu í meiri mæli nú en nokkru sinni fyrr,“ hefur fréttastofa CNN eftir skýrsluhöfundum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur líka miklar áhyggjur af því sem hann kallar skuggabankakerfið. Vogunarsjóðir, eignastýringafyrirtæki og tryggingafyrirtæki stýra núna 70 prósentum allra eigna og það skapar kerfisáhættu.

Þá segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að lágir vextir hvetji fjárfesta til þess að taka sífellt meiri áhættu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir líka viðvörunarljós vera farin að kvikna á hlutabréfamarkaði. Hlutabréfaverð sé að verða hærra en afkomuspár fyrirtækjanna gefi tilefni til. - jhh

Á WALL STREET AGS telur hagkerfið standa frammi fyrir hættu. NORDICPHOTOS/GETTY

Make it matter.

intel inside CORE m

Margur er knár þótt hann sé smár.

HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.
Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/

*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Platinum Partner
Printing & Computing Systems

OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000

FORMAÐUR OG FJÁRFESTIR Þórdís Lóa rak Pizza Hut ásamt eiginmanni sínum og rak einnig slíka veitingastaði í Finnlandi. Hún seldi Helga Vilhjálmssyni í Góu matsölustaðinn hér á Íslandi fyrr á árinu. Þórdís Lóa segir að tengslanet kvenna í atvinnulífinu sé mjög mikilvægt og að þær séu að verða meðvitaðri um það. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Konur verði óhræddari við að fjárfesta

Í níu hagsmunasamtökum í atvinnulífinu er einungis ein kona framkvæmdastjóri og tvær stjórnarformenn. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir fjárfestir vill að konur fjárfesti meira. Staða kvenna getur styrkst enn frekar.

VIÐTAL
Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Konur fögnuðu 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á svipuðum tíma og haldið var upp á 35 ára kosningaafmæli Vigdísar Finnbogadóttur. Staða kvenna í stjórnmálum fer batnandi, þótt einhverjum kunni að finnast sú þróun of hæg. Til að mynda hafa aldrei verið fleiri konur á Alþingi en nú. *En er sá árangur sem hefur náðst í að jafna stöðu kynjanna minni í viðskiptalífinu en í stjórnmálum?*

„Ég held að hann sé kannski aðeins öðruvísi. Í viðskiptalífinu hefur náðst sá árangur að konur eru að koma mjög sterkar inn í fyrirtækin og inn í millistjórnendastöður og upp skalann. En þær eru ekki að komast eins mikið inn í framkvæmdastjórnir og við hefðum viljað sjá," segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fjárfestir og formaður Félags kvenna í atvinnulífinu. Hún bendir á að konur stundi nú háskólanám til jafns við karla og í sumum tilfellum í mun meiri mæli. Konur sem útskrifast til dæmis úr viðskiptafræði, lögfræði, markaðs- og auglýsingafræði og verkfræði fái góðar stöður hjá fyrirtækjunum. FKA vilji ýta á að þær fái enn betri stöðu innan þeirra.

Þið hafið bent á að staða kvenna innan helstu hagsmunafélaga í atvinnulífinu er ekkert sérstaklega sterk.

„Nei, hún er það ekki," segir Þórdís Lóa. Þegar FKA hafi skoðað hlutföllin hafi þau komið svolítið á óvart. Í níu helstu hagsmunafélögunum er einungis ein kona framkvæmdastjóri og tvær konur formenn. „Við lítum svolítið á að það sé okkar hlutverk að sýna fram á þetta," segir Þórdís Lóa. Hún segir konur síður en svo óvelkomnar í þessi hlutverk. Hlutirnir þróist einfaldlega svona. Það snúi upp á alla að breyta þessari stöðu.

Félag kvenna í atvinnulífinu, Creditinfo og Samtök atvinnulífsins réðust saman í það verkefni árið 2009 að vinna að auknum fjölbreytileika í stjórnum fyrirtækja. Þórdís Lóa segir að verkefnið hafi alls ekki bara snúist um kynjakvóta heldur aukna fjölbreytni í víðara samhengi. Í aldri og jafnvel búsetu líka. Málið hafi snúist um það að fá sjónarhorn allra að borðinu.

Og Þórdís Lóa segir að málið snúist um það að búa til viðhorfsbreytingu og kúltúrbreytingu í stjórnum fyrirtækjanna. Þegar hugarfarsbreytingin sé orðin að veruleika inni í stjórnum ætti hún að geta dreifst inn í framkvæmdastjórnina og svo lengra inn í fyrirtækið. „En síðan setur ríkisstjórnin árið seinna lög um kynjakvóta. Þá breytist þetta verkefni og þá fara allir að vinna að því að vera réttum megin við lögin," segir Þórdís Lóa.

Þessi lög um kynjakvóta eru dálítið íþyngjandi. Telurðu að það sé rétt að þau hverfi með tíð og tíma eða telurðu að þau séu komin til að vera?

Í fyrsta lagi myndi ég ekki segja að þetta væri íþyngjandi fyrir fyrirtæki. Þetta væri það ef við værum með flokka af konum sem væru ómenntaðar og með enga reynslu. En það er það ekki." Þórdís Lóa viðurkennir þó að lagasetningin sé kvöð, það sé verið að stýra fyrirtækjunum. „Þetta var sett á af því að það var ekki trú íslenskra stjórnmálamanna að viðskiptalífið gæti gert þetta sjálft," segir Þórdís Lóa. Ómögulegt sé að segja hvort það hafi verið rétt mat. Hún segist upphaflega ekki hafa verið fylgjandi slíkri lagasetningu en síðan breytt um skoðun. Fordæmi séu fyrir því að lögum hafi verið breytt til að ná hugafarsbreytingu. Þar nefnir Þórdís Lóa lög um jöfn laun og lög um fæðingarorlof. „Vonandi getum við einn daginn tekið þessi lög af, en

> **Og við höfum náð að innleiða tengslanetið í kúltúr kvenna.**

það verður ekki alveg strax," segir Þórdís Lóa. Það verði að breyta menningunni innan fyrirtækja og hugarfari þannig að karlar og konur eigi jöfn tækifæri. Það taki nokkur ár að breyta því.

FKA er fimmtán ára um þessar mundir. Hverjir eru stærstu sigrarnir í starfi félagsins?

„Stærsti sigurinn er kannski að við höfum náð að beina sjónum að konum í atvinnulífinu. Við höfum náð að draga þær aðeins fram og gera þær sýnilegar," segir Þórdís Lóa. Þetta hafi verið gert með ýmsum hætti, til dæmis með viðurkenningarhátíð félagsins einu sinni á ári. Konum í FKA hafi fjölgað og tekist hafi að tengja saman konur úr ólíkum geirum atvinnulífsins. „Og við höfum náð að innleiða tengslanetið í kúltúr kvenna," segir Þórdís Lóa. Þetta sé mikilvægt skref sem hafi verið stigið á síðustu 20 árum. Konur séu orðnar miklu meðvitaðri um mikilvægi tengslanetsins á atvinnumarkaði.

Þá bendir Þórdís Lóa á að síðan 2013 hafi félagið verið í samstarfi við Kauphöllina, VÍB og Naskar investment sem kallast Fjölbreytni á markaði. „Þar erum við að beina sjónum að konum sem fjárfestum," segir Þórdís Lóa. Hún bendir á að könnun sem Viðskiptablaðið lét gera hafi sýnt að eftir hrun treystu 98 prósent kvenna ekki fjárfestingum í hlutabréfum eða því að setja peningana sína í einhverja fjárfestingu. „Við höfum verið að beina sjónum okkar að því og að konurnar sjálfar taki af skarið og fjárfesti, taki þátt í fjárfestingum,"

Stjórnarformenn og framkvæmdastjórar nokkurra hagsmunasamtaka í íslensku atvinnulífi

Samtök	Framkvæmdastjóri	Formaður
Samtök atvinnulífsins	♂	♂
Samtök iðnaðarins	♂	♀
Félag atvinnurekenda	♂	♂
Samtök verslunar og þjónustu	♂	♀
Samtök ferðaþjónustunnar	♀	♂
Samtök fjármálafyrirtækja	♂	♂
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	♂	♂
Samtök álfyrirtækja	♂	♂
Samtök orku- og veltufyrirtækja	♂	♂

♂ Karl ♀ Kona

segir Þórdís Lóa. Ekkert þurfi að stöðva konur, frekar en karla, í að fjárfesta.

Hvað á félagið ógert?

„Það sem er ógert og við þurfum að gera núna er að skoða hvernig ásýnd kvenna er í fjölmiðlum. Bæði hvernig fjölmiðlarnir eru, við hverja er verið að taka viðtöl og um hvað er verið að fjalla. Af hverju eru þessar fréttir harðar fréttir en aðrar fréttir mjúkar fréttir og hver ákveður það," segir Þórdís Lóa.

Hún segir að því fleiri konur sem eru í stjórnmálum og því fleiri konur sem fara fyrir félagasamtökum, þeim mun auðveldara verði fyrir fjölmiðla að ná í þær. Þar með sé sagan ekki öll sögð. Fjölmiðlar verði líka að breyta vali sínu á viðmælendum þannig að fréttirnar endurspegli viðhorf alls samfélagsins en ekki bara valdastrúktúrsins í samfélaginu. Þetta sé verkefni sem félagið vinni að núna og fái góðan hljómgrunn.

Hafa fjölmiðlar meiri áhuga á því að tala við karla en konur?

„Við erum ekkert sérstaklega að taka út konur í atvinnulífinu," segir Þórdís Lóa. Hún bendir jafnframt á að staðan hafi verið þannig undanfarin ár að í 25-30 prósentum tilvika sé talað við konur í ljósvakamiðlum. Prentmiðlarnir séu öðruvísi þar sem eru dálkar tengdir dægurmálum eins og Smartland sem skekki myndina. Þórdís Lóa segir að þetta misvægi í vali á viðmælendum sé vegna ómeðvitaðrar skekkju í hugarfari fólks og þessari skekkju þurfi að eyða. „Ég sem bisnesskona hef verið að spyrja þá sem eiga og stjórna fjölmiðlafyrirtækjunum hvort þeir séu nokkuð að tapa viðskiptum á því að láta fjölmiðlana endurspegla viðfangsefnið svona út í samfélagið. Eru ekki tekjumöguleikar í því að vera með bæði kynin miklu betur representeruð í fjölmiðlum?" spyr Þórdís Lóa.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

PARÍS HEILLAR
Ertu á leið til Parísar? Hér færðu góð ráð áður en þú leggur í hann. Það er nefnilega eitt og annað sem er ókeypis í París, að minnsta kosti stundum.
Síða 2

GÖNGUGARPUR

FJALLGANGA *Aron Freyr Stefánsson gengur á fjöll í frístundum. Hann hefur þegar lagt Laugaveginn að baki og tekur nú fyrir eitt fjall í hverjum mánuði. Milli fjallganga steypir hann leirmuni sem vakið hafa eftirtekt.*

Ég labbaði Laugaveginn þegar ég var 12 ára, með mömmu og Ferðafélagi Íslands. Það var dálítið erfitt en ég var mjög ánægður eftir á," segir Aron Freyr Stefánsson, 14 ára göngugarpur, en hann stundar fjallgöngur af miklum móð. Frá síðustu áramótum hefur hann gengið á eitt fjall í hverjum mánuði.

„Ég gekk á Kerhólakamb síðasta laugardag og þar á undan fórum við á Hengil og Þríhyrning og fleiri fjöll. Ég er yngstur í hópnum og eini krakkinn. Mamma er líka í ferðunum en hún eltir mig bara," segir hann sposkur.

Áttu þér uppáhaldsfjall?

„Það var svolítið gaman að labba á Þríhyrning, það var svo flott útsýni. Við höfum alltaf verið mjög heppin með veðrið í gönguferðunum. Ég fékk myndavél í fermingargjöf sem ég tek með mér og mynda umhverfið."

Aron hefur ferðast um allt Ísland með fjölskyldunni og þá er tíkin Glóð jafnan með í för.

„Ég og mamma og Jón bróðir minn förum stundum í útilegur og fjallgöngur. Við förum á húsbílnum okkar um Ísland og tökum Glóð með í gönguferðir. Hún fór til dæmis með okkur á Hengil á laugardaginn. Það eru samt aðallega við mamma sem erum í fjallgöngunum," segir Aron og bætir við að þau mæðginin séu þegar búin að skipuleggja næstu ferðir.

„Við ætlum á Fimmvörðuháls í sumar og svo á Snæfellsjökul næsta sumar."

Milli þess sem Aron þvælist um fjöll og firnindi sinnir hann öðru áhugamáli sínu sem er keramik.

„Ég var alltaf að fylgjast með mömmu vinna í keramik og fékk sjálfur áhuga. Síðan fór ég í Myndlistaskóla Reykjavíkur og bjó til hluti úr leir. Ég bý til gifsmót af alls konar hlutum og helli síðan í þau. Svo glerja ég hlutina með því að dýfa þeim ofan í glerunginn og mamma brennir þá fyrir mig. Ég hef gert Volkswagenbjöllu og gerði líka húsbíl en við vorum að safna leikfangahúsbílum og ég fékk að gera mót af einum," segir Aron en gripirnir hans hafa vakið athygli.

„Á sjómannadaginn var ég að prófa að selja með mömmu í Íshúsi Hafnarfjarðar og var sá sem seldi flesta hlutina á markaðnum. Það gekk rosa vel. Ég held örugglega áfram að gera leirhluti og verð kannski listamaður en annars er ég ekkert búinn að ákveða hvað ég ætla að gera í framtíðinni."

MYNDAÐ Á ÞRÍHYRNINGI Aron fékk myndavél í fermingargjöf og grípur hana með sér í fjallgöngurnar.
MYNDIR/HANNA GRÉTA PÁLSDÓTTIR

KERAMIKER Leirmunir Arons fengu góðar undirtektir á Sjómannadaginn í Íshúsi Hafnarfjarðar.



NÁKVÆMNISVERK Aron býr til gifsmót utan um ýmsa hluti og hellir svo í þau. Hann glerjar munina sjálfur og fær að brenna þá í ofninum á vinnustofu móður sinnar.

HAF OG HAGI Í BRAUÐI

Texasborgarar kynna: Naut og humar sameinast í ljúffengum Texas-humarborgara.

Það má segja að þetta sé hamborgaraútgáfan af Hafi og haga," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður um Texas-humarborgarann sem Texasborgarar við Grandagarð bjóða upp á. Verðið kemur á óvart, aðeins 1.980 kr., en svona er borgarinn með öllu: Texas-nautaborgari með hvítlauksristuðum humri og sveppum, borinn fram í hamborgarabrauði með sérlagaðri hvítlaukssósu, jöklasalati, rauðlauk og tómötum ásamt frönskum.

„Nautakjöt og humar eiga einstaklega vel saman, eins og alþekkt er," segir Magnús Ingi. „Í Texas-humarborgaranum erum við með 140 grömm af handgerðum úrvalsnautaborgara og 100 grömm af pilluðum humri."

Texas-humarborgarinn er annar af aðalsumarborgurunum á Texasborgurum. Hinn er Bernaise-lambborgari. Á vef Texasborgara, texasborgarar.is, er að finna matseðilinn og ýmislegt fleira og Facebook-síðan er lífleg.

2 FYRIR 1

af Texas-ostborgara með frönskum. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 31.8.2015. Texasborgarar.is s: 517-3130

GÓÐ BLANDA „Nautakjöt og humar eiga einstaklega vel saman, eins og alþekkt er," segir Magnús Ingi, veitingamaður á Texasborgurum. MYND/GVA

VERSLAÐ ÓDÝRT Flóamarkaðir eru víða í borginni en þeir bestu eru í Montreuil og á Vanves.

HAGKVÆMARI PARÍS

ÓDÝRARI LEIÐ *Hér má finna nokkrar leiðir til að njóta höfuðborgar ástarinnar á hagkvæman máta. Það þarf þó alls ekki að gera upplifunina af borginni verri.*

París hefur löngum verið þekkt sem ein dýrasta borg Evrópu en er samt sem áður uppáhaldsborg margra Íslendinga. Þrátt fyrir að auðvelt sé að lifa hátt og tæma alla vasa af peningum á stuttum tíma er hægt að lifa þar góðu lífi án þess að fjárhagurinn verði ein rjúkandi rúst á eftir. Blaðamaður breska blaðsins Guardian tók saman lista yfir leiðir til að njóta Parísar á ódýrari máta.

NJÓTIÐ VATNSINS

Á hverju sumri eru „gervi"-sandstrendur útbúnar við bakka Signu og Bassin de la Villette. Strendurnar eru opnar alla daga frá 20. júlí og er aðgangur ókeypis. Hægt er að spila þar blak, róa á bátum, skjóta af boga og spila tennis en þó þarf að borga fyrir eitthvað af þeim skemmtunum. Á vinstri bakkanum, á milli brúnna Pont Alexandre III og Pont du Carrousel, er svæði sem kallast Les Berges de Seine og þar má finna fleiri ókeypis viðburði, svo sem fitness-tíma, garðnámskeið og fleira. Þar eru líka leikvellir, listainnsetningar og útiveitingastaðir.

BORÐAÐ OG DRUKKIÐ

Samheldið samfélag og litrík hús gefa Butte aux Cailles í þrettánda hverfi ákveðna þorpsímynd. Þar búa margir listamenn og er hverfið fjölskylduvænt auk þess sem þar eru vandaðir en ódýrir barir og veitingastaðir. Snæðið hefðbundinn franskan mat á L'Auberge de la Butte þar sem þríréttuð máltíð kostar aðeins 25 evrur. Flestir barir við aðalgötu Butte aux Cailles eru sæmilega ódýrir eins og hinn vinsæli Le Diapason, þar sem vínglasið er á fjórar evrur, kanna af bjór er á fimm til sex evrur og kokteilar kosta 6,5 evrur.

FARIÐ FRÍTT Á SAFN

Á fyrsta sunnudegi hvers mánaðar er ókeypis á fastar sýningar þjóðarsafna Frakklands. Röðin á Louvre er alltaf löng en í París má finna 173 önnur söfn til að velja úr. Kannið til dæmis sögu borgarinnar á safninu Musée Carnavalet sem hýst er í magnaðri byggingu frá endurreisnartímabilinu á Rue des Francs-Bourgeois eða fræðist um miðaldir á Musée de Cluny.

VERSLIÐ SKYNSAMLEGA

Margir ferðamenn eru á þeirri skoðun að flóamarkaðurinn Marché aux puces de Saint-Ouen sé höfuðstaður antíkmuna Parísarborgar, en þeir sem vita betur fara á annan markað, Marché aux puces de la porte de Montreuil, eða á Vanves til þess að kaupa listmuni, húsgögn og gamalt glingur. Seljendur bjóða vörur sínar á betra verði á þessum tveimur síðarnefndu mörkuðum áður en þeir fara með góssið á markaðinn í Saint-Ouen og selja það dýrar þar.

GERVISTRÖND Á sumrin er sandströnd útbúin á bökkum Signu sem nýtur mikilla vinsælda.

VIN Í EYÐIMÖRKINNI Víða má finna græn svæði í París þar sem hægt er að komast burt úr mengun og mannþröng.

GÓÐ GRÆN SVÆÐI

Mörgum finnst París þröng og menguð á sumrin. Þeir geta leitað skjóls í öðrum (eða báðum) stærsta garði borgarinnar, Bois de Vincennes eða Bois de Boulogne. Sá fyrrnefndi er fallega hannaður í kringum vatn þar sem eftirlíking af grísku hofi er á einni eyju þess og búddamusteri á annarri. Síðarnefndi garðurinn er meira en helmingi stærri en Central Park í New York. Þar má meðal annars finna fitnessbraut, tvær hestakappbrautir, gróðurhús með framandi plöntum og grasagarða.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Sumar
LÍFIÐ
RÁÐLAGÐUR SKAMMTUR AF FERSKRI MENNINGU
Sumarlífið eru nýir þættir á Vísi þar sem Davíð Arnar Oddgeirsson og Ósk Gunnarsdóttir flytja okkur fréttir af öllum heitustu menningarviðburðum sumarsins. Skemmtileg viðtöl, kíkt á bak við tjöldin og hressandi umfjöllun um allt það áhugaverðasta í menningarlífinu.
Fylgstu með Sumarlífinu á Vísi í allt sumar.
vísir
Vísir.is er hluti af 365

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

Honda Accord Lifestyle 7/2013 ek.36þús. Sjálfskiptur. Álfelgur. Ásett verð 3.590.000.- Rnr.151149

Skoda Octavia Ambiente Combi 4x4 2/2007 ek. 138þús. Beinskiptur. Dráttarbeisli. TILBOÐSVERÐ 1.990.000.- Rnr.287532

Bílahöllin
Bildshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

Bílalíf

NÝ HJÓLHÝSI 2015
Niewiadow hjólhýsin hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært verð á nýjum hjólhýsum aðeins 2.490þ.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

STÓRA BÍLASALAN

Hyundai IX35 Dísel - Nýr bíll Árgerð 2015. 4x4. Sjálfsk. Hiti í öllum sætum. Bakkskynj. O.m.fl.. Er á staðnum. Verð 5.490.000kr. Raðnr 157398. Sjá nánar á www.stora.is.

Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Knaus 400 sport árg 2008 4 manna með einni koju markísa, sjónvarpsloftnet. útvarp viktar aðeins 900 kg hentar vel fyrir fólksbíla, verð 2450 þús raðn 122064

Tabbert Davinci 460 árg 2014 með tveimur rúmum, ein vönduðustu hús á markaðnum v. 4280 þús skipti á ód,raðn.121957 ath. vagnar eingöngu sýndir í fylgd sölumanns

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ GLA 220 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 6 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.690.000. Rnr.240810.



Kia Rio EX 1.4. Árgerð 2014, ekinn 8 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.790.000. Rnr.991370. 7 ára verksmiðjuábyrgð.

HONDA Accord. Árgerð 2013, ekinn 30 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.390.000. Rnr.161391.

BMW X5 4.0d e70 . Árgerð 2013, ekinn 36 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.890.000. Rnr.141595. Mikið af aukabúnaði. Flottur bíll.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

SUZUKI

EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

bilfang.is
S. 567 2000

DURAMAX DIESEL !
Chev. Silverado LTZ 6.6 L Diesel 12/2007 (mód 2008) ek 125 þ.km 35" ný dekk pall-lok, Leður, lúga Allur sem nyr á staðnum! Verð 5.9 skipti möguleg !

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAJARNIR VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

TOYOTA Gt86 sport. Árgerð 2014, ekinn 11 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.980.000.Flottasti sportarinn í bænum og verðið maður minn Rnr.210702.

TOYOTA Corolla. Árgerð 2009, ekinn 82 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.100.000...og hann bilar ekki..?? Rnr.330238.

HYUNDAI I30 classic. Árgerð 2012, ekinn 59 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.114624.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu

Jaguar station ág. 2004 til sölu. Skipti athugandi. S. 8493230

VW Carvella 2006 Mini bus. 8sæti+hjólastóll. Sanngjarnt verð. Bílauppboð.is. S: 5524610

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Sendibílar

568 5000
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hópferðabílar

Til sölu nokkrir MB-Sprinter 412, árg 1998 á góðu verði. Einnig tilvalin sem húsbílaefni. Uppl. S 660 1303. og á runar@grayline.is

Kerrur

Tökum að okkur kerruviðgerðir. Vaka hf. Skútuvogi 8 s. 567-6700

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is

VÍKUR
V • E • R • K
Vikurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is

Vinnuvélar

Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

til sölu

Þórður Már fær ekki 596 milljónir til baka

Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums, stefndi ríkinu vegna endurákvörðunar skatta í tengslum við hlutabréfakaup í Straumi. Ríkið var sýknað og Þórður greiðir málskostnað.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær íslenska ríkið af kröfum Þórðar Más Jóhannessonar, fyrrverandi forstjóra Straums. Þórður Már stefndi ríkinu vegna ákvörðunar ríkisskattstjóra og staðfestingar yfirskattanefndar á þeirri ákvörðun. Ákvörðunin snerist um það að tekjur sem Þórður Már hafði af söluhagnaði og arði bréfa, sem hann keypti í gegnum hlutafélag sitt Brekku ehf., skyldu teljast launatekjur, en Þórður Már hafði talið þær fram sem fjármagnstekjur.

Á árunum 2004 og 2005 gerði Þórður Már, í nafni einkahlutafélagsins Brekku ehf., tvo samninga um kaup á hlutabréfum í Straumi, annars vegar fyrir 328 milljónir króna og hins vegar fyrir 1.350 milljónir króna.

Hinn 21. júní 2006 var stefnanda sagt upp störfum sem framkvæmdastjóra hjá Straumi hf. Sex dögum síðar seldi Brekka öll hlutabréf sín í Straumi fyrir alls 2.835 milljónir króna og innleysti þannig söluhagnað af hlutabréfunum sem nam 1.158 milljónum króna. Nettótekjur Brekku af viðskiptunum (arðstekjur og söluhagnaður að frádregnum fjármagnskostnaði) námu rúmum milljarði króna.

Ríkisskattstjóri ákvað með endurákvörðun í október 2012 að umræddar tekjur væru launatekjur og stofn Þórðar Más til tekjuskatts og útsvars vegna gjaldársins 2007 var hækkaður um 944 milljónir króna. Í lok árs 2013 staðfesti yfirskattanefnd þá ákvörðun ríkisskattstjóra í meginatriðum, en lækkaði stofn til útsvars og tekjuskatts um 348 milljónir króna.

Ýtrustu kröfur Þórðar Más voru að úrskurður yfirskattanefndar og úrskurður ríkisskattstjóra yrðu felldir úr gildi og tekjuskatts- og útsvarsstofn stefnanda gjaldárið 2007 yrði lækkaður um 596 milljónir króna. Héraðsdómur Reykjavíkur komst aftur á móti að þeirri niðurstöðu að ákvarða hefði átt tekjur Þórðar Más sem skattskyld hlunnindi og sýknaði íslenska ríkið af öllum kröfum Þórðar. Var Þórður Már dæmdur til að greiða íslenska ríkinu 900 þúsund krónur í málskostnað.

ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON Héraðsdómur Reykjavíkur féllst ekki á málatilbúnað fyrrverandi forstjóra Straums. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

jonhakon@frettabladid.is

KANNAR AÐSTÆÐUR Þórður tekur út nýju lóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Papco hyggst flytja starfsemi sína í Bæjarflöt í Grafarvogi:

Reisir þrjú þúsund fermetra verksmiðju

Papco stefnir að því að reisa milli þrjú og fjögur þúsund fermetra verksmiðju við Bæjarflöt 19 í Grafarvogi.

Borgarráð Reykjavíkur hefur veitt fyrirtækinu vilyrði fyrir lóðinni með fyrirvara um samþykki deiliskipulags.

Þórður Kárason, framkvæmdastjóri Papco, segir fyrirtækið hafa stækkað hratt að undanförnu. Með nýju og stærra húsnæði verði hægt að auka framleiðslugetu fyrirtækisins og þar með auka þjónustu við viðskiptavini.

Papco, sem framleiðir klósettpappír, eldhúsrúllur og servíettur, hefur fram til þessa leigt 2.200 fermetra húsnæði við Stórhöfða. „Núverandi húsnæði er orðið allt of lítið," segir hann.

Þórður vonast til að kostnaður við flutningana verði á milli 500 og 600 milljónir króna. Hann segir að áhersla verði lögð á að byggja hagkvæmt til að halda kostnaði niðri. Gangi allt að óskum er stefnt að því að fyrirtækið verði flutt í nýtt húsnæði innan tveggja ára.

- ih

Bjó í Ástralíu og fór á vetrarútsölur í júlí

Davíð Ólafur Ingimarsson hefur verið ráðinn fjármálastjóri GreenQloud eftir langt starf hjá Landsvirkjun. Hann lærði hagfræði og fjármál fyrirtækja í HÍ en fór í skiptinám til annarra heimsálfa.

Davíð Ólafur Ingimarsson hefur verið ráðinn fjármálastjóri hjá GreenQloud. Davíð er með B.Sc. og meistaragráðu í hagfræði og einnig meistaragráðu í fjármálum fyrirtækja. Að auki er hann löggiltur verðbréfamiðlari. Hann lærði hér heima en fékk rannsóknarstyrk og fór til Japans og Ástralíu.

„Það var mjög skrítið að búa í Ástralíu," segir Davíð Ólafur. Það hafi allir verið sofandi þegar hann sjálfur var vakandi. „Sérstaklega fannst mér skrítið yfir sumartímann þegar það voru vetrarútsölur í öllum búðum. Í júlí á ekki að vera vetrarútsala. Það er eitthvað rangt við það," bætir Davíð við í léttum dúr.

GreenQloud er nokkurra ára gamalt íslenskt fyrirtæki. Það er fyrst og fremst hugbúnaðarfyrirtæki og hefur lagt sífellt meiri áherslu á búnað sem heitir Qstat. Það er heildarskýjalausn til að stýra skýjaumhverfum fyrirtækja og sameina kosti sýndarumhverfa, hefðbundinna netþjóna og sjálfvirkni tölvuskýja. Fyrirtækið er því hugbúnaðarfyrirtæki en ekki skýjaþjónusta. „Þetta hefur bara gengið nokkuð vel undanfarið," segir Davíð Ólafur og bætir því við að fyrirtækið hafi gert samninga við erlenda og innlenda endursöluaðila. Fjörutíu manns vinna hjá fyrirtækinu, sem er með skrifstofur í Reykjavík og Seattle og fer ört stækkandi.

Umhverfið sem Davíð Ólafur kemur úr er töluvert frábrugðið tölvugeiranum. Hann vann hjá Landsvirkjun í átta ár og segist kveðja það fyrirtæki með söknuði.

MYNDI SVIPA TIL HULK

Davíð Ólafur er frábær vinur og samstarfsfélagi. Hann tekur rosalega á því í ræktinni, er duglegur að rækta líkama og sál. Ef hann væri í Avengers þá myndi honum svipa til The Incredible Hulk eða þrumuguðsins Þórs. Svo er eitt sem ekki allir vita: Hann er ósigraður skákmeistari Landsvirkjunar frá árinu 2010. Þannig að skákmennirnir í GreenQloud geta farið að vara sig. Svo er hann nefnilega líka lunkinn dansari, þótt fáir viti af því. Það hefur sést af honum á árshátíðum. Við munu sakna hans mikið í Landsvirkjun. Hann er duglegur við að hjálpa fólki við það sem það þarf á að halda og eflir liðsheild.

Daði Sverrisson, sérfræðingur hjá Landsvirkjun.

Á meðal okkar í vinahópnum er Davíð Ólafur kallaður Clark Kent eða Súperman og fátt fer jafn illa með sjálfstraust okkar og að horfa máttlitlir á hann lyfta lóðum í World Class. Samhliða vöðvasöfnun safnar hann háskólagráðum og til að ná okkur niður á honum uppnefnum við hann gjarnan Georg Bjarnfreðarson. Davíð er líka fyrirmyndarfaðir og til að bæta gráu ofan á svart er hann dverghagur smiður. Hann lagði parketið heima hjá sér svo listavel að mörg ár liðu fram að innflutningspartíi fyrir okkur strákana. En umfram allt er Davíð einlægur og góður vinur sem alltaf er hægt að treysta á. Allir vita hversu dýrmætt er að eiga slíkan vin.

Bolli Thoroddsen verkfræðingur.

Davíð Ólafur bendir á að allt gerist hraðar í tölvugeiranum en í orkugeiranum. „Verkefni mín eru kannski svipuð að því leytinu til að fjármál eru kannski ekkert að breytast. Hjá Landsvirkjun var ég í erlendri og innlendri fjármögnun, sjóðastýringu og hjá GreenQloud verð ég í fjármögnun. Að passa upp á peningana og sjóðina," segir Davíð. Hann bætir því við að það sé því aðallega umhverfið sem breytist en ekki verkefnin. „Nema það er kannski meiri ábyrgð að vera fjármálastjóri."

Helstu áhugamál Davíðs eru líkamsrækt og útivist og svo kennir hann í Háskóla Íslands. „Kennsla er eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á," segir Davíð ,en bætir við að maður fari ekki í kennslu í HÍ fyrir peninga. „Ég stofnaði fyrirtæki með vini mínum, Bjarna Ingimar Júlíussyni, og við erum að þróa rafrænar kennslubækur á spjaldtölvur," segir Davíð. Upphaflega átti fyrsta útgáfan að koma út í sumar en Davíð segir það allt eins geta breyst vegna nýju vinnunnar.

> **Kennsla er eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á.**

jonhakon@frettabladid.is

Við Íslendingar ættum manna best að þekkja tilfinningar Grikkja:

Grikkir og þjóðaratkvæðagreiðslan

Það kom dálítið á óvart þegar Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, ákvað að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort ríkið ætti að samþykkja skilmála sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópusambandið og Seðlabanki Evrópu settu fyrir áframhaldandi fjárhagsaðstoð. Þótt ýmsir fögnuðu ákvörðuninni voru aðrir sem fundu henni flest til foráttu. Hún var sögð ólögmæt, spurningin var sögð óskýr og svo framvegis.

Markaðshornið
Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Ákvörðun Olafs Ragnars Grímssonar um að skjóta málinu til þjóðarinnar og afstaða þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni var aftur á móti rétt.

Niðurstaðan á sunnudag varð sú að tryggur meirihluti Grikkja vildi ekki gangast undir aukna skattbyrði og skert félagsleg réttindi. Við sem horfum á þróun mála í Grikklandi úr fjarlægð kunnum að hafa mismunandi skoðanir á atburðarásinni. Það breytir því ekki að við Íslendingar þekkjum tilfinningar Grikkja, jafnvel þótt aðstæður hafi ekki verið algerlega sambærilegar. Traustur meirihluti Íslendinga hafnaði því að láta Breta og Hollendinga og Evrópusambandið kúga Alþingi til þess að láta ríkissjóð taka á sig auknar byrðar vegna Icesave-reikninganna.

Og í okkar tilfelli, þegar fyrst var rætt um það að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, myndi skjóta lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave-reikninganna til þjóðarinnar, urðu viðbrögðin þau sömu og í Grikklandi. Sumir efuðust um að Alþingi gæti skotið ákvörðunum um þjóðréttarlegar skuldbindingar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Enn fleiri töldu að málavextir í Icesave-málinu væru svo flóknir að það væri óskynsamlegt að almenningur, sem ekki hefði tök á að kynna sér málið, ætti að taka afstöðu til þess. Rétt eins og ákvarðanir kjörinna fulltrúa væru óbrigðular. Og það er í því andrúmslofti sem frumvarp stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá varð til. Þar er málskotsréttur forseta Íslands í núverandi stjórnarskrá afnuminn. Í stað þess er kveðið á um að tíu af hundraði geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem Alþingi hefur samþykkt. En samkvæmt frumvarpinu eru málskotsréttinum settar skorður. Í 67. grein um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu segir:

„Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr.“

Þótt einhverjir kjósi enn þann daginn í dag að berja hausnum við stein, hefur sagan sýnt að sú afstaða sem Alþingi tók í Icesave-málinu var röng. Ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar um að skjóta málinu til þjóðarinnar og afstaða þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni var aftur á móti rétt. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hvort hið sama eigi við í tilfelli Grikklands. En hvernig sem fer hljóta menn þó að viðurkenna að Tsipras og Ólafur Ragnar völdu báðir lýðræðislegustu aðferðina til úrlausnar mála sem völ var á. Og spyrja má hver tilgangurinn með þjóðaratkvæðagreiðslu er, ef ekki til að leita úrlausna á mikilvægustu viðfangsefnum sem ríkið stendur frammi fyrir. Jafnvel þótt þau séu flókin.

Bandaríkjamenn fögnuðu þann 4. júlí

Í HÁTÍÐARSKAPI Bandaríkjamenn héldu þjóðhátíðardag sinn hátíðlegan á laugardaginn. Heimildir herma að stjórnarskrá Bandaríkjanna hafi ekki verið undirrituð fyrr en 2. ágúst 1776, þótt lokið hafi verið að skrifa hana 4. júlí sama ár. Því eru skiptar skoðanir á því hvort 4. júlí sé rétti dagurinn fyrir Bandaríkjamenn að fagna.

NORDICPHOTOS/APF

Hver hefur eftirlit með verðlagseftirliti ASÍ?

Skoðun



Björn Brynjúlfur Björnsson hagfræðingur, Viðskiptaráð Íslands

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) heldur úti verðlagseftirliti sem í síðustu viku birti úttekt á þróun matvælaverðs undir fyrirsögninni „Vörukarfan hefur hækkað umfram skattkerfisbreytingar frá áramótum“. Þessi niðurstaða vekur athygli í ljósi þess að opinberar tölur benda til þess að hækkun matvælaverðs sé minni en skattabreytingar gefa tilefni til. Er þetta í þriðja sinn á árinu sem ASÍ birtir verðlagskannanir sem ekki standast nánari skoðun.

Ástæðu misræmisins má finna í skökkum forsendum ASÍ. Annars vegar vanáætlar sambandið áhrif skattabreytinga og hins vegar gerir það ekki ráð fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga. Sé leiðrétt fyrir þessum tveimur þáttum fæst niðurstaða sem er öfug við þá sem ASÍ heldur fram.

Sykurskattur nam um 2,4 ma.kr. árið 2013 en hann var aflagður um áramótin. Neysla heimila á mat og drykkjarvörum nam um 142 ma.kr. á sama ári. Afnám sykurskatts hefði því átt að skila um 1,7% lækkun matvælaverðs (-2,4/142 = -1,7%). Þá gefur hækkun neðra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 11% tilefni til 3,7% hækkunar matvælaverðs (1,11/1,07 - 1 = 3,7%). Samanlagt gefa þessar tvær breytingar því tilefni til 2% hækkunar matvælaverðs. Í úttekt ASÍ er hins vegar fullyrt að skattabreytingar gefi einungis tilefni til 1,5% verðhækkunar. Ekki er skýrt frá því hvernig sú niðurstaða er fengin.

Auk þessa gerir ASÍ ráð fyrir að engir aðrir þættir en skattabreytingar og álagning hafi áhrif á vöruverð. Verðlag er hins vegar áhrifaþáttur sem taka þarf tillit til. Almennt verðlag hækkaði um 1,6% á tímabilinu. Án breytinga á álagningu eða sköttum hefði verð á matvælum því átt að hækka sem því nemur.

Samtals gefa skattabreytingar og verðlagsþróun því tilefni til 3,6% hækkunar matvælaverðs á tímabilinu. Samkvæmt vísitölu neysluverðs frá Hagstofu Íslands hækkaði matvælaverð einungis um 2,7% á tímabilinu. Því má áætla að álagning matvöruverslana hafi lækkað um 0,9%. Skattabreytingarnar um áramótin virðast því hafa skilað sér til neytenda að fullu og gott betur.

Þetta er í þriðja sinn á árinu sem ASÍ birtir niðurstöður verðlagsúttektar með villandi hætti. Sambandið hefur ekki brugðist við efnislegri gagnrýni sem Viðskiptaráð og fleiri aðilar hafa lagt fram vegna aðferðafræði og framsetningar niðurstaðna verðlagskannana. Slík vinnubrögð geta hvorki talist fagleg né trúverðug og eru ekki til þess fallin að upplýsa neytendur um raunverulega verðlagsþróun.

Forsætisráðuneytið leggur ASÍ til 30 milljónir á ári til að halda úti verðlagseftirliti ásamt öðrum efnahagsrannsóknum. Í ljósi ofangreinds mætti ætla að tilefni væri til að starfrækja eftirlit með verðlagseftirlitinu til að tryggja vandaða meðferð þessara fjármuna. Eðlilegast væri þó að afnema opinber framlög til eftirlitsins. Í dag mælir Hagstofa Íslands verðlagsþróun með nákvæmum hætti og Samkeppniseftirlitið tryggir virka samkeppni á neytendamörkuðum. Frekari aðkoma stjórnvalda ætti að vera óþörf.

VERÐ Á MAT OG DRYKKJARVÖRUM

Álagning matvöruverslana hefur lækkað frá því að skattabreytingar tóku gildi um síðustu áramót.

Vísitala neysluverðs, undirvísitala fyrir mat og drykkjarvörur (des. ‘14 = 100)



1. Sykurskattur skilaði um 2,4 ma.kr. í tekjur árið 2013. Neysla matar og drykkjarvara nam um 142 ma.kr. á sama ári. Áætluð verðlækkun vegna afnáms sykurskatts er því 2,4/142 = 1,7%.
2. Hækkun virðisaukaskatts úr 7% í 11% skilar 1,11/1,07 -1 = 3,7% verðhækkun.
3. Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,6% á tímabilinu.

Heimildir: Hagstofa Íslands; Fjármála-og efnahagsráðuneytið; áætlun Viðskiptaráðs Íslands

Kvenlæg lesblinda

Hin hliðin

Ingibjörg Gréta Gísladóttir
framkvæmdastjóri Reykjavík Runaway

Framkvæmdastjórn Evrópu segir að lítil og meðalstór fyrirtæki séu hryggjarstykkið í efnahagslífi Evrópu. Hún segir að þau séu 99% fyrirtækja álfunnar, skapi 85% nýrra starfa og ráði tvo þriðju hluta starfshæfs fólks í vinnu. Konur eru stór hluti þessarar aukningar, reka oft lítil fyrirtæki í kringum sína sérfræðiþekkingu, byrja smátt og stækka síðan hægt og rólega.

Konur hafa verið taldar áhættufælnari stjórnendur í gegnum tíðina og er mjög oft komið fram við þær á þann máta. Það var því ansi áhugavert þegar kona nokkur tók þátt í tveimur viðskiptaáætlunarkeppnum hér á landi með sömu hugmyndina og sömu áætlunina. Hugmyndin snerist um nýsköpun á hönnunarsviði og var sami karlmaðurinn meðal dómara í báðum keppnum sem sérlegur fulltrúi nýsköpunar hjá hinu opinbera. Í fyrri samkeppninni, sem var eingöngu ætluð konum, fékk hugmyndin þá umsögn að hún væri áhugaverð en alltof hógvær, of lítill vöxtur sjáanlegur og því ekki spennandi fjárfestingakostur. Vinkonan tók sig þá til og gerði áhættusamari áætlun, breytti eingöngu Excel-áætlunarþætti hugmyndarinnar, skalaði hana upp og sendi í hina keppnina. Þar fékk hún þá umsögn, frá sama aðila, að þetta væri áhugaverð hugmynd en alltof áhættusöm og ekki raunsær vöxtur.

Niðurstaðan? Viðkomandi gat augljóslega ekki sett sig inn í hugmyndina, þekkti ekki til slíks rekstrar og faldi sig á bak við meinta áhættufælni kvenna.

Sama kona fór þá til bankans þar sem hún hafði verið tryggur viðskiptavinur í gegnum súrt, sætt og kreppu. Veðsetti heimilið sitt, kom verkefninu af stað, en vantaði síðan tvær milljónir til framleiðslunnar (var með sölusamninga upp á rúma milljón ásamt töluverðum áhuga frá markhópnum). Áhættan var lítil sem engin fyrir bankann sem hafði nú þegar veð í heimili konunnar.

Svarið sem hún fékk á endanum frá yfirmanni, sem var karlmaður, var orðrétt: „Nei, því ég trúi ekki á þessa hugmynd en það væri gaman ef þú gætir „proof me wrong“.“ Svo mörg voru þau orð.

Hún fór í annan banka, lagði fram sömu gögn fyrir starfsmann þess banka sem í þessu tilfelli var kona, fékk tilboð í bankaviðskiptin og flutti sig síðan yfir í þann banka. Það má til gamans geta að salan fór fram úr væntingum og hefur hugmyndin staðið undir sér frá upphafi.

Sporin og hindranir sem konur þurfa að yfirstíga eru enn þá of mörg. Það er enn of mikil kvenlæg lesblinda til staðar.

BLUETOOTH HEYRNARTÓL FRÁ JBL

SPILAÐU TÓNLISTINA ÞRÁÐLAUST ÚR SÍMANUM!

14.995

12.995

JBL E50

Stór heyrnartól með langri hleðslu og kraftmiklum hljóm.
18 tíma rafhlöðuending. PureBass hljóðtækni sem tryggir meiri bassa.
MusicSharing möguleiki, hljóðnemi og hægt að brjóta saman.

JBL E40

JBL gæði. Alvöru hljómur með kröftugum bassa. Samanbrjótanleg umgjörð til að minnka pláss sem þau taka í tösku. Hljóðnemi til þess að svara símtölum. Music Sharing möguleiki þannig að fleiri en einn geta hlustað á sömu Bluetooth sendinguna.

GÓÐ RAFHLÖÐUENDING
Allt að 16 - 18 tíma rafhlöðuending og auðvelt að hlaða

ANDROID / IOS SAMHÆFÐ
Styður bæði síma og snjalltæki með Android og iOS stýrikerfi.

BLUETOOTH TÆKNI
Streymdu tónlistinni þráðlaust úr síma eða spjaldtölvu í frábærum gæðum.

LITIR FÁNALEGIR: ■ SVARTUR □ BLÁR ■ RAUÐUR ■ HVÍTUR

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

Gengi gjaldmiðla

USD 134,2	DKK 19,68	NOK 16,33	CHF 141,4
GBP 207,0	EUR 146,9	SEK 15,7	JPY 1,10

FTSE 100
6.432,21 +103,47 (-1,58%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

551 MILLJÓN EVRA

Hreinn gjaldeyrisforði tvöfaldast

Seðlabankinn hefur keypt 551 milljón evra á millibankamarkaði það sem af er ári. Hefur bankinn greitt fyrir tæplega 82 milljarða króna. Greining Íslandsbanka segir þetta vera ríflega tvöfalt hærri fjárhæð en á fyrri hluta ársins 2014. Hreinn gjaldeyrisforði Seðlabankans hefur frá áramótum aukist úr 306 milljónum evra í 644 milljónir.

03.07.2015 Ég er ekki Kolkrabbinn. Það er ekkert erfitt að vera ég, það er bara fínt. Engeyingar eru stór ætt og fáir í pólitík. Margir hafa náð langt, já. Er einhver viðskiptavaldablokk á bak við? Nei. En það er gaman að því þegar menn búa til frasa um fyrirbæri sem eru til, sum hver tímabundið. Sumar valdablokkir sem skrifað var um á tíunda áratugnum eru gufaðar upp.

Bjarni Benediktsson, *formaður Sjálfstæðisflokksins.*

18% AUKNING

Icelandair flutti 363.000 farþega

Icelandair Group flutti 363 þúsund farþega í millilandaflugi í júní og voru þeir 18% fleiri en í júní á síðasta ári. Framboðsaukning var 18% á milli ára. Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru 28 þúsund í júní sem er aukning um 4% á milli ára. Framboð á gistinóttum hjá hótelum Icelandair Group jókst um 4% frá júní á síðasta ári.

STJÓRNARMAÐURINN

RÚV tapar tilgangi sínum

Nýverið lauk heimsmeistaramóti í knattspyrnu kvenna sem haldið var í Kanada. Ríkisútvarpið átti sjónvarpsréttinn að mótinu og sýndi nokkra leiki í beinni þegar líða tók á mótið.

NOKKRIR urðu til þess að gagnrýna að HM kvenna væri ekki gert jafn hátt undir höfði og heimsmeistaramóti karla. Þar hafa allir leikir gjarnan verið sýndir í þráðbeinni, og engu skipt hvort um er að ræða úrslitaleiki eða leik Írans og Slóveníu í riðlakeppninni.

STJÓRNARMAÐURINN er almennt á því að markaðsöflin eigi að ráða því hvaða sjónvarpsefni er borið á borð áhorfenda. Sjónvarpsstöðvar eiga að einblína á efni sem borgar sig. Efni sem hægt er að kaupa inn á viðráðanlegu verði, hugnast auglýsendum og síðast en ekki síst er til þess fallið að halda áskrifendum eða laða að nýja.

ÞESSI röksemdafærsla er hins vegar ekki svo einföld þegar um er að ræða ríkissjónvarpsstöð. Þess vegna var nokkuð kyndugt að heyra Þóru Arnórsdóttur taka til baka gagnrýni sína á slælega frammistöðu íþróttadeildar RÚV með m.a. þeim rökum að íþróttadeildin væri undirmönnuð og erfitt hefði reynst að laða styrktaraðila og kostun að mótinu.

ÞETTA væru mögulega gild rök fyrir einkarekna sjónvarpsstöð.

ÞÓRA er hins vegar að tala um sjálft Ríkisútvarpið sem rekið er fyrir almannafé. Því ber, eins og öðrum ríkisstofnunum, að fylgja jafnréttissjónarmiðum í starfsemi sinni, og sjá til þess að það efni sem sýnt er fullnægi kröfum um „gæði og fjölbreytni“ svo vísað sé í lagabókstafinn.

ÞESS utan er erfitt að sjá í hendi sér að ekki sé hægt að sýna HM kvenna án þess að tapa á því. Sjónvarpsrétturinn kostar einungis brotabrot af því sem karlamótið kostar og fjöldi iðkenda kvennaknattspyrnu hér á landi bendir til þess að mörg fyrirtæki myndu sjá hag sinn í því að styrkja mótið eða kaupa auglýsingar í tengslum við útsendingar.

MANNEKLA er heldur ekki afsökun. Þarf fleiri starfsmenn til að sýna frá HM kvenna en karla?

HUGREKKI þarf til að breyta ríkjandi viðhorfum. Eðli málsins samkvæmt er erfiðara fyrir einkarekna aðila að taka slíkt stökk með tilheyrandi fjárhagslegri áhættu. Önnur sjónarmið eiga hins vegar við ríkismiðla, og raunar gætu tækifæri sem þetta að einhverju leyti réttlætt tilvist slíkra miðla.

VONANDI var þetta í síðasta sinn sem HM kvenna fær ekki sambærilega umfjöllun við karlamótið.

@stjornarmadur

Bátar

HEIMAVÍK 20 ÁRA.
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

Varahlutir

FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

PJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

ÁRATUGA REYNSLA
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

HREINVERK
Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

TIL LEIGU HJÓLAGRAFA
Leigjum hjólagröfu með manni. Tek að mér lóðafrágang og fl. Uppl. Hrannar í s. 854 4481

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningarþjónusta - húsamálun, inni og úti. Uppl. s. 660 7606 og 846 5305.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
Tímapantanir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Til sölu

Markaðurinn Okkar, Norðurstíg 10. Nú fer hver að verða síðastur að gera góð kaup vegna lokunar 27. júlí.

Vagnstykki, Kerrustykki og Skiptitaska Verð kr.99.000 Barnið Okkar, Hlíðasmára 4, 201 Kóp. S:553 8313

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.
SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Nudd

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20.Opið á lau. S. 611 4930

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Dýrahald

Blár gári fæst gefins með búri á gott heimili. Uppl. í s. 898 1074

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
www.lundurfasteignir.is
S. 690 3031 / 661 7000

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313
leiga@leiguherbergi.is

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

115 SECURITY AUGLÝSIR EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM Í VERSLUNARÞJÓNUSTU
Skilyrði:
-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-20 ára lágmarksaldur
-Góð þjónustulund.

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115

Verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða smiði, vana glugga-og lekaviðgerðum. S: 6973592

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

Albert B. Úlfarsson
Lögg. fasteignasali
821-0626

Sigríður Hrönn
aðstoðarmaður
866-9779

Höfuðborg Fasteignasala
www.hofudborg.is

Hlíðarvegur 2 · 200 KÓP

Fallegt tvílyft 273 fm einbýli með ca. 85fm 3ja herbergja **aukaíbúð** og 35 fm bílskúr. Samt. 307,9 fm. **6-8 svefnherbergi**. Stór lóð í suðurhlíðum Kópavogs. **SKOÐIÐ ÞESSA**

Nánari upplýsingar hjá Alberti og Siggu Hrönn.

Opið hús mið 8. júlí kl 18:00 - 18:30

Höfuðborg fasteignasala · Hlíðasmára 2, 6. hæð · 414-4488

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIN HÚS Í DAG

Grundarstígur 11 - 2ja herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg og björt 45,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu og fallegu steinsteyptu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Þingholtunum. Stofa með fallegri gluggasetningu. Rúmgott herbergi. Húsið að utan er í góðu ástandi. Stigahús er mjög snyrtilegt, linoleumdúklagt og nýlega málað. **Verð 19,9 millj. Íbúð merkt 0301. Verið velkomin.**

Njálsgata 84. 3ja herbergja

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 84,5 fm. íbúð á 2. hæð með suðursvölum í mjög góðu og nýlega viðgerðu og máluðu þríbýlishúsi. Íbúðin er öll endurnýjuð hið innra, m.a. innrétting í eldhúsi, gólfefni og baðherbergi. Skjólsælar svalir til suðurs. Húsið er í mjög góðu ástandi að utan, nýviðgert og málað auk þess sem nýlega var byggt ofan á húsið. Stigahús er allt nýendurnýjað. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

Sólheimar 25. 3ja - 4ra herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg og nær algjörlega endurnýjuð 105 fm. íbúð á 1. hæð við Sólheima. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, baðherbergi, innihurðar og öll gólfefni. Glæsileg hvít háglansinnrétting í eldhúsi og fylgja ísskápur og uppþvottavél með í kaupunum. Tvö rúmgóð herbergi. Rúmgóð stofa með útgengi á stórar svalir til suðurs. Möguleiki er á þriðja herberginu í hluta stofu. Frábær staðsetning þar sem stutt er í skóla og ýmsa þjónustu. **Verð 36,7 millj. Íbúð merkt 0104. Verið velkomin.**

TÍMAMÓT

MERKISATBURÐIR

1922 Ingibjörg H. Bjarnason var kjörin á þing fyrst kvenna og tók hún sæti á Alþingi 15. febrúar 1923.

1926 Ríkisstjórn undir forsæti Jóns Þorlákssonar tók við völdum og sat í rúmt ár.

1951 Tveir íþróttamenn slösuðust mikið og aðrir tveir biðu bana í Óshlíð á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er bjarg lenti á 30 manna rútu sem þeir voru í.

1987 Ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar settist að völdum og sat í rúmt ár. Jóhanna Sigurðardóttir átti sæti í stjórninni og var hún þriðja konan til að gegna ráðherraembætti á Íslandi.

„Ég held ég sé svona fimm árum á eftir“

Fjölmiðlamaðurinn Auðunn Blöndal stendur á tímamótum í dag. Hann fagnar afmælisdeginum í Las Vegas í Bandaríkjunum og ætlar jafnvel að skála í rauðvíni í tilefni dagsins.

Fjölmiðlamaðurinn Auðunn Blöndal stendur á miklum tímamótum, því í dag fagnar hann 35 ára afmælinu sínu. „Þetta er svakalega fljótt að líða. Ég man þegar ég var yngri, þá töluðu foreldrar mínir mikið um það hvað tíminn líður hratt. Maður skilur það þegar maður eldist,“ segir Auðunn.

Hann var staddur í Leifsstöð þegar blaðamaður náði tali af honum, á leið til Las Vegas til að fylgjast með Gunnari Nelson fyrir sjónvarpsþátt sem hann vinnur að. „Við verðum bara að vinna eins og skepnur þarna úti. Maður skálar kannski í rauðvíni eftir góðan vinnudag,“ segir Auðunn spurður út í hvort hann ætli að gera eitthvað í tilefni dagsins.

Hann fór þó í keilu og á írska daga á Akranesi með fjölskyldunni um helgina. „Maður heldur kannski létta veislu þegar maður kemur heim,“ bætir Auðunn við.

Hann segist þó ekki finna fyrir því að hann sé að eldast mikið, nema að nú fyrst finni hann fyrir því að hann sé kominn á fertugsaldurinn. „Ég held ég sé svona fimm árum á eftir. Þegar ég var þrítugur leið mér eins og ég væri 25 ára. Nú líður mér í fyrsta sinn eins og ég sé kominn á fertugsaldurinn.“

Spurður út í heilsuna segist hann hafa verið í svipuðu líkamlegu formi undanfarin fimm ár, enda duglegur að stunda líkamsrækt. „Ég finn aðallega fyrir aldrinum þegar ég er að spila fótbolta á gervigrasi. Ég spilaði leik á gervigrasi fyrir skömmu og daginn eftir leið mér eins og ég væri sextugur,“ segir Auðunn og hlær.

Hann hefur í gegnum tíðina, eins og flestir vita, starfað við fjölmiðla og segist vera afar þakklátur fyrir að hafa fengið að starfa við það sem hann elskar að gera. „Lífið er búið að vera frábært. Það að fá að starfa við það sem maður elskar að gera er æðislegt. Ég get ekki kvartað.“ gunnarleo@frettabladid.is

AFMÆLISBARN Fjölmiðlamaðurinn Auðunn Blöndal hefur skemmt þjóðinni á ýmsan hátt. Hann er þakklátur fyrir að hafa fengið að starfa við það sem hann elskar að gera í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MARGRÉT SIGVALDADÓTTIR GEPPERT
frá Ausu, Borgarfirði,
búsett í Calgary, Kanada,
andaðist þann 24. júní síðastliðinn.

Fyrir hönd aðstandenda,
Vigdís Sigvaldadóttir

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍSABET JÓNSDÓTTIR
frá Þjórsárholti,
Hraunbæ 103, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Eir 2. júlí síðastliðinn.
Útförin fer fram föstudaginn 10. júlí frá Árbæjarkirkju kl. 13.00.

Grétar Guðmundsson
Árni Þór Guðmundsson
Jón Helgi Guðmundsson
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Stefán Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Herdís Hallgrímsdóttir
Bára Jónsdóttir
Guðrún Ásbjörnsdóttir
Þórarinn Sólmundarson
Þórunn Óskarsdóttir

Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

ÞÓR VIGNIR STEINGRÍMSSON
fv. yfirvélstjóri hjá Landhelgisgæslunni,
Hlíðarhúsum 3,
áður Arahólum 2, Reykjavík,
lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 12. júní. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 9. júlí kl. 15.00.

Kristín Þórsdóttir
Rannveig Þórsdóttir
Þorsteinn Ólafs
Ólafur Kristinn Ólafs
Lára Kristjánsdóttir
Soffía G. Jóhannesdóttir
Andri Már Bjarnason
Daníel Þór Valdimarsson, Rebekka Rún Hjartardóttir
Þór Steinar Ólafs, Björg Magnea Ólafs, Kristján Már Ólafs
Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs
og barnabarnabarn.

Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

EINAR ATLASON
blikksmíðameistari,
Vallarási 3, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans aðfaranótt 28. júní sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ föstudaginn 10. júlí nk. kl. 15.00.

Atli Pálsson
Hallgrímur Atlason
Guðjón Atlason
Atli Atlason
Margrét S. Einarsdóttir
Guðbjörg Jónsdóttir
Ana Isorena Atlason
Elín Svarrer Wang
og fjölskyldur.

Faðir okkar,

BALDUR BÖÐVARSSON
Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,
lést 1. júlí á lungnadeild Sjúkrahússins í Fossvogi. Útförin verður gerð frá Neskirkju fimmtudaginn 9. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

Bryndís Baldursdóttir
Haukur Baldursson
Hrafn Baldursson
Jón Baldursson

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SVERRIR SIGURJÓNSSON
húsasmíðameistari,
Þorlákshöfn,
sem lést 1. júlí verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn fimmtudaginn 9. júlí kl. 14.00.

Hrönn Sverrisdóttir
Hlín Sverrisdóttir
Guðni Pétursson
Hreggviður Jónsson
Hlynur, Leifur, Arna, Alma Rún og Sverrir

Ástkær bróðir, stjúpbróðir, frændi og vinur okkar,

EINAR ÖRN EIÐSSON
lést að heimili sínu mánudaginn 29. júní síðastliðinn. Jarðarför fer fram í Neskirkju föstudaginn 10. júlí kl. 13.00.

Vinir og vandamenn Einars Arnar.

Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

HERBORG HULDA SÍMONARDÓTTIR
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,
lést á Landspítalanum við Hringbraut 3. júlí sl. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.

Ingibjörg Guðrún Viggósdóttir
Snæbjörn Geir Viggósson
Sigurður Viggósson
Þorbjörn Viggósson
Símon Viggósson
Bjarni Viggósson
Kristín Viggósdóttir
barnabörn og langömmubörn.
Elías Kristinsson
Helga Jónasdóttir
Anna Jensdóttir
Lilja Baldvinsdóttir
Birna Benediktsdóttir
Jóhanna Þórðardóttir
Hilmar Jónsson

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

JÓNÍNU ÁRNADÓTTUR
frá Hjalteyri,
Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi.

Þóra Sigurbjörnsdóttir
Snjólaug Sigurbjörnsdóttir
Valrós Sigurbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Þórður Valdimarsson
Magnús Guðmundsson
Halldór Guðmundsson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN PÁLMI ÞORSTEINSSON
fyrrverandi kennari,
Tjarnarstíg 3, Seltjarnarnesi,
lést á hjúkrunarheimilinu Grund þann 20. júní 2015. Útförin hefur farið fram.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar, sem önnuðust hann af mikilli fagmennsku og kærleika.

Lovísa Bergþórsdóttir
Pálmi V. Jónsson
Jóna Karen Jónsdóttir
afabörn og langafabörn.
Þórunn Bára Björnsdóttir
Ólafur Kjartansson

Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

SIGRÚN HÓSEASDÓTTIR
lést á hjúkrunarheimilinu 28. júní. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir til starfsfólks 3-S á Eir fyrir einstaka umhyggju og alúð þann tíma sem hún dvaldi þar sem og starfsfólks dagdeildar þar sem hún var í dagvistun áður en hún fór á hjúkrunardeild.

Ingibjörg Sigurðardóttir
Sigurbjörn Sigurðsson
Sigurður Örn Sigurbjörnsson
Gylfi Þór Sigurbjörnsson
Breki Örn Sigurðarson

FITNESS SPORT
pepsi MAX
SAMSUNG
American Style

LAUGARDAGSKVÖLD 11. JÚLÍ 2 SPORT

STÆRSTA **UFC-KVÖLD** ÁRSINS

GUNNAR **NELSON**
GEGN
BRANDON **THATCH**

CONOR **McGREGOR**
GEGN
CHAD **MENDES**

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA **1817** EÐA Á **365.IS**

GUNNAR NELSON Í UFC

2 SPORT

Stærsta kvöld ársins í UFC verður laugardaginn 11. júlí þegar viðureign Gunnars Nelson og Bandaríkjamannsins Brandon Thatch fer fram í MGM Grand Garden Arena í Las Vegas. Báðir töpuðu þeir síðasta bardaga og því öruggt að þeir stíga ljóngrimmir inn í hringinn á laugardaginn. Sama kvöld fer fram risabardagi á milli Chad Mendes og Conor McGregor sem mun ábyggilega ekki vekja minna umtal.

Ekki missa af stærsta bardagakvöldi ársins á Stöð 2 Sport!

365.is | Sími 1817

365

Veðurspá

Miðvikudagur

Í dag munu norðanvindar verða ríkjandi á landinu og verður sólríkt sunnan- og vestanlands. Skýjað verður á norðaustur-horninu og fer að rigna þar eftir hádegi. Það er heldur að kólna hjá okkur, þá sérstaklega fyrir norðan þar sem hiti á bilinu 5 til 10 stig.



	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
Fimmtudagur	10° ↙8	4° ↙6	3° ↘6	4° ↓4	7° ↖4	1° ↓7
Föstudagur	10° ←4	4° ↙6	5° ↓3	6° ↓4	8° ←7	4° ↙8

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. strit, **6.** kraðak, **8.** verkur, **9.** svörður, **11.** skst., **12.** talía, **14.** húrra, **16.** fisk, **17.** tilvist, **18.** upphaf, **20.** sjó, **21.** lokaorð.

LÓÐRÉTT
1. magi, **3.** ólæti, **4.** glettnislegur, **5.** sjáðu, **7.** blóm, **10.** pípa, **13.** óvild, **15.** ókleifur, **16.** púka, **19.** drykkur.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. baks, **6.** ós, **8.** tak, **9.** mór, **11.** no, **12.** blökk, **14.** bravó, **16.** ál, **17.** lif, **18.** rót, **20.** sæ, **21.** amen.
LÓÐRÉTT: 1. vömb, **3.** at, **4.** kankvís, **5.** sko, **7.** sólblóm, **10.** rör, **13.** kal, **15.** öræf, **16.** ára, **19.** te.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Johan Salomon (2419) hafði hvítt gegn Aryan Tari (2499) á Skákþingi Noregs sem nú er í gangi í Ósló.

18. Hxa7+! Kxa7 19. Da1+ Kb8 20. Hb1 Hdg8 (20...Rc8 21. Rc4! og svartur er varnarlaus) **21. Hxb6+ Kc7 22. Da5! Bc8 23. Bb5 Bb7 24. Hxd6+!** og svartur gafst upp.

www.skak.is: Nýtt fréttabréf SÍ.

Hvítur á leik.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUDOKU

LÉTT

			8		9		4	5
	2		3		4			
3	4							2
	7		2			9	6	
2	8			6				
	6	4		7	5	8		3
7	5	6		3	1			
				8		7		
	3	8				5		

MIÐLUNGS

7		4		1				
					5			
1	5	6		7	8		4	
					3		6	2
			9		4	1	7	3
	2				1	4		
6	3		5			7	2	4
		5			6			
		9					8	

ÞUNG

					3	9	2	
			4					
		9		8	2			
6	2					4		7
9		1	2		4	5	6	
	5				9		3	
1				6		2		
3								9
	6			2	1		7	

9	4	2	6	7	3	8	1	5
7	3	8	1	5	2	9	6	4
1	5	6	8	9	4	2	3	7
4	8	9	7	2	6	1	5	3
2	6	7	3	1	5	4	8	9
5	1	3	4	8	9	6	7	2
3	9	1	5	4	8	7	2	6
8	2	5	9	6	7	3	4	1
6	7	4	2	3	1	5	9	8

1	4	7	2	3	8	6	5	9
2	3	6	4	9	5	7	8	1
5	8	9	1	6	7	2	3	4
3	6	4	5	1	9	8	7	2
7	1	2	3	8	6	4	9	5
8	9	5	7	2	4	3	1	6
4	5	8	6	7	1	9	2	3
6	7	3	9	5	2	1	4	8
9	2	1	8	4	3	5	6	7

1	2	5	9	3	8	7	4	6
7	6	8	5	4	1	2	3	9
4	9	3	2	6	7	5	8	1
6	4	2	7	9	3	8	1	5
8	3	7	1	2	5	6	9	4
9	5	1	4	8	6	3	7	2
2	7	4	3	5	9	1	6	8
5	1	6	8	7	4	9	2	3
3	8	9	6	1	2	4	5	7

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á **dreifing@postdreifing.is**

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

30% VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Afsláttarverð gildir frá 8. júlí, til og með 11. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

ACT ALONE Um 3.000 manns mættu á hátíðina í fyrra og stemningin var frábær.

EINLEIKARI Elfar Logi Hannesson er forsprakki hátíðarinnar.

Bankað upp á til þess að propsa

Einleikslistahátíðin Act Alone verður haldin á Suðureyri í ágúst og hefur aldrei verið fjölbreyttari að sögn Elfars Loga Hannessonar.

„Þessi hátíð byrjaði 2004 þegar það var einhver fádæma sköpunarkraftur í veðrinu hérna fyrir vestan því Aldrei fór ég suður var líka hleypt af stokkunum á þessu sama ári," segir Elfar Logi Hannesson, leikari og forsvarsmaður Act Alone einleikshátíðarinnar á Suðureyri, sem verður haldin dagana 5.-9. ágúst næstkomandi.

Vex og dafnar

„Hátíðin var fyrst haldin á Ísafirði og gekk alveg ljómandi vel. En árið 2012 var haft samband frá Suðureyri og okkur boðið að koma með hátíðina alla til þorpsins og við það varð algjör sprenging. Ég held að ástæðan fyrir því hafi verið að á Suðureyri þéttist þetta allt saman. Eitt félagsheimili tók inn alla viðburðina, einn bar tók við gestum sem vildu koma saman og spjalla og fólk fór meira að kynnast og njóta hátíðarinnar í heild.

Allt síðan Act Alone var haldin í fyrsta sinn hefur hátíðin vaxið og dafnað frá ári til árs. Viðburðum hefur fjölgað en þeir eru nú tuttugu talsins og að sama skapi hefur áhorfendafjöldi margfaldast. Á síðasta ári komu um 3.000 gestir til okkar og það var alveg rosalega gaman. Við erum að fá til okkar gesti alls staðar af landinu og þar af koma vissulega margir frá höfuðborgarsvæðinu. Það er enn hægt að fá einhverja gistingu inni á Suðureyri og svo er líka stutt á Ísafjörð, Flateyri og fleiri staði. Auk þess er alveg frábært tjaldstæði á Suðureyri og það er náttúrulega afskaplega gaman að gista þar."

Kenneth Máni og landsliðið

Elfar Logi segir að þegar hátíðin komst fyrst á laggirnar á sínum tíma hafi hún verið bundin við einleiksform leiklistarinnar en það hafi þó breyst og þróast að undanförnu. „Eftir því sem hátíðin hefur stækkað hefur fjölbreytnin aukist. Hátíðin í sumar verður sú fjölbreyttasta enn sem komið er.

Auk leiklistarinnar fórum við að horfa til fleiri listgreina þar sem listamennirnir eru einmitt mikið að vinna einir. Á hátíðinni í ár verða því ritlist, tónlist, myndlist, gjörningur, dans og alls konar skemmtilegheit. Það verður eiginlega landsliðið sem sér um þetta í ár því þarna verða m.a. Þórarinn Eldjárn, KK, Lára Rúnars, Edda Björgvins að ógleymdri stjörnunni Kenneth Mána, sem ætlar að koma vestur og vera með okkur. Act Alone gleymir ekki heldur börnunum því við höfum alltaf lagt áherslu á að hafa eitthvað fyrir þau og í ár ætlar Ævar vísindamaður að koma og skemmta krökkunum með alls konar tilraunum og uppátækjum. Það verður algjör sprengja."

Fyrirtækin og fólkið

Eitt af aðalsmerkjum hátíðarinnar Act Alone er að allt frá upphafi hefur verið frítt inn á alla viðburði. Elfar Logi segir að það hafi alla tíð verið lykilatriði að allir sem vilja koma og njóta viðburðanna geti átt þess kost óháð efnahag. „Ég er sjálfur listamaður og því geri ég mér líka grein fyrir mikilvægi þess að listamenn fái greitt fyrir sína vinnu sem þeir fá að sjálfsögðu hér. Við eigum öflugan bakhjarl í Fishermanferðaþjónustunni á Suðureyri og svo hafa bæði uppbyggingasjóður Vestfjarða og fjölmörg fyrirtæki á svæðinu stutt vel við bakið á okkur.

En það er mikilvægt að það komi fram að ekkert af þessu væri mögulegt nema fyrir fólkið í þorpinu sem hefur tekið alveg gríðarlega vel á móti okkur. Fólk tekur virkan þátt í hátíðinni, vinnur mikið sjálfboðastarf og er meira að segja orðið vant því að það sé bankað upp á hjá því af því að það vantar bláan bolla eða gulan disk eða einhverja aðra leikmuni. Suðureyri er meira að segja alveg frábært props-þorp svo það er ekki hægt að biðja um meira."

magnus@frettabladid.is

Dagskrá Act Alone 2015

Miðvikudagur 5. ágúst
Fiskismakk og upphafsstef Act alone.
Þórarinn Eldjárn rithöfundur.
Barry and his Guitar, leikari og höfundur Bragi Árnason.

Fimmtudagur 6. ágúst
Án titils – sellóeinleikur, Kristín Lárusdóttir.
Hringferðin, leikari og höfundur Kristín G. Magnúsdóttir.
Act alone – heimildarmynd, leikstjóri Baldur Páll Hólmgeirsson, Kvikmyndafélagið Gláma.

Föstudagur 7. ágúst
Doría, leiklestur. Leikari: Ársæll Níelsson. Höfundar: Eyrún Ósk Jónsdóttir, Helgi Sverrisson. Leikstjórn: Eyrún Ósk Jónsdóttir.
Húmor er dauðans alvara með Eddu Björgvins. Leikari/höfundur: Edda Björgvinsdóttir.
Lára Rúnars, tónleikar.
Saving History, danssýning. Dansari/Höfundur: Katrín Gunnarsdóttir.

Laugardagur 8. ágúst
Vísindanámskeið Ævars. Flytjandi: Ævar Þór Benediktsson.
Blaðrari – blöðrulistamaður.
Hertu þig upp, gjörningur. Flytjandi: Kolbrún Elma Schmidt.
Fiskiréttaveisla Fisherman.
Ein stakur markaður.
Út að leika með Ísgerði. Ísgerður Gunnarsdóttir hefur skemmt börnum á öllum aldri síðustu ár.
Þú kemst þinn veg. Leikari/Höfundur: Finnbogi Þorkell Jónsson. Leikstjórn: Árni Kristjánsson.
Kenneth Máni. Leikari: Björn Thors. Höfundar: Björn Thors, Saga Garðarsdóttir, Jóhann Ævar Grímsson. Leikstjórn: Bergur Þór Ingólfsson.
KK, tónleikar.
Karl Örvarsson eftirherma.
Ásta Fanney rithöfundur.

Hef alltaf haft gaman af tilraunakraftinum

Verk Ástu Ólafsdóttur myndlistarkonu í Iðnó eru sum hver unnin út frá hugmyndinni um spunakonur fortíðar.

„Verkin í einni stofunni í Iðnó eru gerð í kringum rokkinn hennar ömmu og þá hugmynd að konur sátu á rúmstokkunum með bogin bök og spunnu á rokka langtímum saman. En upp úr því að þær fengu kosningarétt fóru þær aðeins að rétta úr sér því smám saman fengu þær meira val í lífinu og hófu að spinna öðruvísi þræði." Þannig lýsir Ásta Ólafsdóttir myndlistarkona inntaki nýjustu verkanna á sýningunni í Iðnó um þessar mundir. Hún er líka með sýningu í Galleríi Gesti en það er taska sem dr. Magnús Gestsson hefur alltaf með sér og opnar þar sem hann stingur niður fæti.

Óhlutbundnar vatnslita- og gvassmyndir eru meðal verka Ástu, hún kveðst hafa mikla ánægju af að mála með gvassi sem er tegund af vatnslitum. „Það er eitthvað sem ég fæst við meðfram öðru í myndlistinni og mér finnst auðvelt að bregða fyrir mig á ferðalögum. Svo eru líka olíumálverk í einni stofunni," lýsir hún.

Ásta vinnur í ýmsa miðla og var meðal fyrstu Íslendinga til að gera myndbandsverk. „Ég var svo heppin að vera við nám í Jan van Eyck akademíunni í Hollandi frá 1981 til 1984 þegar þar var mikil vídeóvakning. Ég hef samt ekki einbeitt mér að þeirri tækni í seinni tíð," útskýrir hún og segir að sér hafi fundist vídeólistin meira spennandi meðan fáir fengust við hana. „Ég hef alltaf haft gaman af tilraunakraftinum og að leita nýrra möguleika með nýrri tækni eða nýju efnisvali. Það er í mínu eðli," segir hún. „Þegar ég er fyllilega búin að ná tökum á einhverju finnst mér ég geta farið að framleiða og þá hætti ég í því. Þarf alltaf að vera í einhverri baráttu."

gun@frettabladid.is

Argintætur í íslenskri myndlist

Sýning Ástu er sú fyrsta í röð fimm sýninga sem G.ERLA, Guðrún Erla Geirsdóttir, skipuleggur í samvinnu við Gallerí Gest og Menningarhúsið Iðnó í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Sýningaröðin nefnist Argintætur í íslenskri myndlist.

Í stuttri útgáfu er sagan um Argintætu svona: Kerling nokkur, svarkur og orðhákur, var kölluð Argintæta. Umkomulaus stúlka laðaðist að henni og Argintæta arfleiddi hana að öllu sínu. Arfurinn nægði til að koma stúlkunni til mennta og naut hún síðar hylli fólks.

ARGINTÆTA Ásta Ólafsdóttir myndlistarmaður og verk hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afmælistónleikar

19. september 2015

MAGGI EIRÍKS
70 ára

Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.

Aukatónleikar

Kl. 21 – Uppselt
Kl. 17 – Aukatónleikar

Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is

HARPA DÆGURFLUGAN

Tryllt tímasparandi pestókjúklingasalat

Á sumrin er iðulega mikið að gera og vilja margir nýta þessi björtu síðdegi og kvöld í eitthvað allt annað en að standa við eldavélina. Þá er gráupplagt að henda í ferskt salat og eyða svo restinni af tímanum í að hendast upp Helgafellið eða hjóla Ægisíðuna.

Uppskrift fyrir fjóra

- 1-2 msk. ólífuolía
- 2 hvítlauksrif, pressuð
- 3-4 kjúklingabringur
- 3-4 msk. rautt pestó
- 1 poki blandað salat
- 1 agúrka
- 1 mangó
- 1 meðalstór rauðlaukur
- 1 askja kirsuberjatómatar
- Fetaostur, magn eftir smekk
- Balsamikedik, magn eftir smekk
- Salt og nýmalaður pipar
- Radísur
- Graskersfræ, ristuð

Aðferð:

1. Hitið olíu við vægan hita og steikið kjúklinginn í olíu, bætið hvítlauknum saman við á pönnu, kryddið með pipar og einhverju góðu kryddi, valfrjálst. Bætið pestóinu saman við og örlitlu vatni, leyfið þessu að malla í smá stund.

2. Skolið grænmetið vel og skerið smátt, skellið í skál og balsamikedik yfir. Smá fetaostur, geitaostur eða camembert sett út í.

3. Setjið kjúklinginn saman við og hrærið vel, kryddið til með salti og pipar. Sáldrið nokkrum ristuðum graskersfræjum yfir salatið að lokum.

GIRNILEGT Lauflétt og gott sumarsalat. Fengið af evalaufey.com.

GÓÐ STEMNING Tónleikarnir fara fram í íþróttahúsinu, sem rúmar í það minnsta 1.500 manns, líklega talsvert fleiri. Egilsbúð gat aðeins tekið á móti um 1.000 gestum. MYND/GUÐNÝ LÁRA THORARENSEN

Stærsta Eistnaflugið hingað til

Stefán Magnússon, forsprakki hátíðarinnar, segir að um 40 prósentum fleiri erlendir gestir hafi boðað komu sína á hátíðina í ár. Hátíðin er með nýju sniði.

„Þetta er algjörlega nýtt Eistnaflug, við erum búnir að setja saman flottasta Eistnaflugið hingað til, það er alveg klárt," segir Stefán Magnússon, forsprakki tónlistarhátíðarinnar Eistnaflug. Hátíðin hefst í dag í Neskaupstað og stendur til 11. júlí.

Eistnaflug hefur hingað til farið fram í félagsheimili kaupstaðarins, Egilsbúð, en í ár fer hún fram í íþróttahúsi kaupstaðarins. „Þetta verður allt miklu stærra og flottara. Það er um tvö til þrjú hundruð manna aukning á milli ára hjá okkur. Nú þegar hafa yfir 500 útlendingar meldað sig, sem er um 40 prósenta aukning á útlendingum á milli ára," segir Stefán.

Íþróttahúsið rúmar í það minnsta 1.500 manns, líklega talsvert fleiri, en Egilsbúð gat aðeins tekið á móti um 1.000 gestum.

Það vakti athygli að hátíðin fékk ekki styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands og var Stefán augljóslega ekki sáttur við það. „Ég er búinn að velta þessu fyrir mér í nokkra daga og reyna að skilja þessa ákvörðun. Er það þessi straumur af fólki sem kemur austur þegar Eistnaflug er sem veldur þessu, en við reiknum með að minnsta kosti 2.000 manns á Eistnafluginu í sumar? Nú þegar eru um 500 erlendir gestir búnir að bóka sig og eru þeir að koma austur að skoða allt sem er í boði. Ég er að fá um 60 ljósmyndara og blaðamenn á Eistnaflug sem fjalla um Austfirði, land og þjóð og jú Eistnaflug. Eistnaflug eykur sölu í verslunum um milljón prósent þessa fimm daga í Fjarðabyggð og það ætti að skipta máli þegar við skoðum hversu margir fá vinnu út af Eistnaflugi. Öll hótel eru uppbókuð og ekki bara í Neskaupstað heldur eru gestir Eistnaflugs farnir að bóka sig á Eskifjörð og Reyðarfjörð líka. Það sem ég er að benda á hér er það að það er enginn menningarviðburður á Austurlandi sem hefur önnur eins áhrif á Austurland og Eistnaflug," skrifaði Stefán á Facebook-síðu sína þegar hann fékk þessar fregnir.

Alcoa Fjarðaál veitti þó skipuleggjendum tónlistarhátíðarinnar Eistnaflugs á Neskaupstað hæsta einstaka styrkinn við árlega vorúthlutun Samfélagssjóðs Alcoa Fjarðaáls eða eina milljón króna.

„Ég reikna aldrei með neinum styrkjum og sæki bara um. Þetta snýst bara um að hátíðin gangi vel og allir fari af henni brosandi. Við viljum lenda hátíðinni réttu megin við núllið og því skiptir það máli að fá styrki. Undanfarin ár höfum við komið út réttum megin við núllið, málið snýst um það. Það eru sjálfboðaliðar sem vinna að hátíðinni í heilt ár. Fólk sér bara Neskaupstað fullan af fólki en það er rosalegur kostnaður og vinna að baki svona hátíð sem fólk áttar sig stundum ekki á."

Fjöldi þekktra hljómsveita kemur fram í ár. Skálmöld, Sólstafir, Ham, Agent Fresco og Brain Police eru á meðal þeirra sveita sem fram koma.

gunnarleo@frettabladid.is

STEFÁN MAGNÚSSON Forsprakki Eistnaflugs. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kiddi rokk fékk heiðursviðurkenninguna í ár

Kristján Kristjánsson, betur þekktur sem Kiddi Rokk, fékk á dögunum afhenta heiðursviðurkenningu Eistnaflugs sem kallast Grjótið. „Ég er ferlega stoltur af þessu, sérstaklega því maður fær þetta frá fólkinu í bransanum. Það er gaman að fá klapp á bakið frá bransafólkinu," segir Kiddi alsæll með viðurkenninguna. Hann hefur verið í bransanum í um 25 ár og lengst af starfað fyrir Smekkleysu. Honum var komið á óvart þegar hann var boðaður í viðtal á Rás 2. „Ég var kallaður í viðtal til að ræða tónlistarmarkaðinn. Í miðju viðtali segja þeir að þeir hafi ekki verið að biðja mig um að koma í viðtal heldur vildu þeir bara koma mér á óvart," segir Kiddi léttur í lundu.

„Kiddi er bara algjör perla, þessi einlægni og áhugi hjá honum að bera orðspor rokktónlistar á borð fyrir alla er svo fallegt. Það er alveg sama hvernig staðan er með rokk og ról, hann heldur alltaf áfram," segir Stefán um Kidda. Sex manna nefnd skipuð fólki úr bransanum velur heiðursverðlaunahafann. Í fyrra fékk Sigvaldi Jónsson, betur þekktur sem Valli Dordingull, viðurkenninguna.

SÁTTUR Kristján Kristjánsson, betur þekktur sem Kiddi Rokk, hlaut Grjótið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Georg prins tekur við af mömmu sinni

Flest allt sem Georg prins, rétt eins og móðir hans, klæðist opinberlega selst upp á nokkrum klukkutímum.

Í hvert skipti sem Kate Middleton klæðist flík þá selst hún upp nokkrum klukkustundum síðar. Það virðist sem það sama eigi við um son hennar, Georg prins. Í hvert skipti sem Georg sést opinberlega í krúttlegum fötum seljast þau upp á nokkrum klukkutímum, sama hverju hann klæðist.

Hann sást um daginn klæðast Crocs-skóm á góðgerðarsamkomu. Yfirmaður skódeildar Amazon.com sagði að eftir að myndirnar af litla prinsinum í skónum birtust hefði salan á Crocs-skóm fyrir ungbörn aukist um 1.500%.

Í skírn systur sinnar á dögunum var hann í rauðum stuttbuxum og hvítri skyrtu sem líktist mjög þeim fötum sem faðir hans klæddist þegar Harry, litli bróðir hans, var skírður árið 1984.

Stuttbuxurnar og skyrtan seldust upp á örfáum klukkutímum eftir skírnina. Settið var frá hönnuðinum Rachel Riley en Georg prins hefur svo sannarlega komið henni á kortið þar sem hann hefur áður klæðst fötum eftir hana sem seldust upp á svipstundu.

Stuttbuxurnar og skyrtan kosta rúmar sautján þúsund krónur.

Það verður gaman að sjá hvort litla systir hans, Karlotta Elísabet Díana prinsessa, muni hafa sömu áhrif á fatamarkaðinn í Bretlandi í framtíðinni.

CROCS Eftir að Georg sást í Crocs-skóm jókst salan um 1.500% á Amazon. MYND/GETTY

EINS OG PABBI Fötin sem Georg klæddist í skírn litlu systur sinnar þykja lík fötum sem faðir hans klæddist í skírn bróður síns. MYND/GETTY



MISS ASIA KINNEY Það getur ekki verið leiðinlegt að vera gæludýr Lady Gaga. MYND/GETTY

Tíkin hennar Lady Gaga situr fyrir

Á meðan flest tískuhús nota heimsfræg andlit í herferðum sínum ákvað töskuframleiðandinn Coach að fara heldur óhefðbundna leið. Stjarna nýjustu auglýsinga hans er engin önnur en hundur söngkonunnar Lady Gaga sem ber nafnið Miss Asia Kinney. Tíkin er svört og er af tegundinni „french bulldog“.

Í yfirlýsingu frá Coach segir að myndin af Miss Asia sé aðeins sú fyrsta í röðinni og búast megi við fleiri myndum af dýrum. Ekki er vitað hvort hinar skepnurnar sem munu birtast séu í eigu frægra eigenda.

SNOOP DOGG Rapparinn verður dómari í leitinni að skemmtilegasta aðdáandanum. MYND/GETTY

Dæmir keppni fyrir Íslendinga

Rapparinn Snoop Dogg verður dómari í leitinni að skemmtilegasta aðdáanda sínum á Íslandi. Leikurinn er haldinn á vegum FM957 og Nordic Events og fer fram á samfélagsmiðlum. Þar geta íslenskir aðdáendur Snoop Dogg sent myndir af sér og aukast sigurlíkurnar ef Snoop eða eitthvað tengt honum er á myndinni.

Skemmtilegasti aðdáandi Snoop Dogg verður fundinn með netkosningu og vali rapparans, sem verður einráður í dómnefndinni í leiknum. Í verðlaun verða VIP-miðar á tónleika Snoop, sem fara fram 16. júlí, auk þess sem sigurvegarinn fær að hitta rapparann vinsæla. - kak

STUNDAR ÞÚ RANNSÓKNIR
SEM STYÐJA VIÐ VERÐMÆTASKÖPUN?

Rannsóknasjóður Viðskiptaráðs Íslands er nýr sjóður sem veitir árlega styrki til rannsókna tengdum framþróun menntunar og eflingu atvinnulífs.

Styrkirnir nema frá 500 þúsund kr. upp í 2,5 milljónir kr. á hvert verkefni.

Styrkjunum er ætlað að auka samkeppnishæfni Íslands með því að efla rannsóknir og nýsköpun sem nýtast íslensku menntakerfi eða atvinnulífi.

Við hvetjum alla sem telja að verkefni þeirra styðji við þessi markmið til að sækja um styrk.

Umsóknarfrestur er til 16. ágúst næstkomandi.
Nánari upplýsingar má nálgast á vef Viðskiptaráðs, vi.is.

Hér eru dæmi um verkefni sem gætu hlotið styrk:

Ritrýnd grein á sviði efnahagsmála. Ritrýnd grein um efnahagsleg áhrif fríverslunarsamninga hérlendis.

Úttekt á rekstrarumhverfi fyrirtækja. Fræðileg úttekt á samkeppnisumhverfi fyrirtækja hérlendis í alþjóðlegum samanburði.

Námsgögn sem styðja við verðmætasköpun. Kennslubók í hagfræði á grunnskólastigi.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
SKÓSVEINARNIR 2D	4, 6
SKÓSVEINARNIR 3D	4
MINIONS - ENS TAL 2D	6, 8
TERMINATOR GENISYS	10
TED 2	8, 10:20
JURASSIC WORLD 2D	8, 10:35
INSIDE OUT 2D - ÍSL TAL	5

Búið spil hjá Kourtney og Scott?

Kourtney Kardashian er sögð hafa hætt með barnsföður sínum Scott Disick um helgina en þau eiga saman þrjú börn.

Erlendir slúðurmiðlar keppast nú við að segja frá því að raunveruleikaþáttastjarnan Kourtney Kardashian og Scott Disick séu hætt saman, en þau hafa verið saman í rúm níu ár og eiga saman þrjú börn.

Kourtney og systur hennar, Kim, Khloé, Kendall og Kylie, þekkja flestir úr þáttunum Keeping up with the Kardashians þar sem hún og fjölskylda hennar hleypa áhorfendum inn í líf sitt. Þátturinn hefur verið sýndur á sjónvarpsstöðinni E! frá árinu 2007 og hefur Kourtney einnig tekið þátt í fleiri raunveruleikaþáttum ásamt systrum sínum. Hún hefur, í samvinnu við Kim og Khloé, hannað fatnað, ilmvötn og gefið út bók. Kourtney er elst þeirra systra, fædd árið 1979.

Samband Scotts og Kourtney hefur komið talsvert við sögu í þáttunum. Þau byrjuðu að hittast árið 2006 og samkvæmt þáttunum og erlendum miðlum hefur samband þeirra verið stormasamt á köflum. Scott er sagður mikið partídýr sem sagt er hafa sett strik í reikninginn og hefur hann farið í áfengismeðferðir sem virðast ekki hafa skilað tilætluðum árangri og sagt er að þau hafi lengi sofið hvort í sínu herberginu.

Árið 2009 eiga þau að hafa hætt saman en stuttu eftir það komst Kourtney að því að hún var ólétt og tóku þau aftur saman og eignuðust sitt fyrsta barn, soninn Mason Dash Disick þann 14. desember.

Árið 2012 eignaðist parið dótturina Penelope Scotland Disick, sem er fædd þann 8. júlí og eftir það virtist sambandið blómstra, að því er séð varð í raunveruleikaþættinum og á Instagram-síðum þeirra og í desember á síðasta ári, á afmælisdegi Masons, eignaðist parið sitt þriðja barn, Reign Aston Disick.

Kourtney fékk sig svo fullsadda þegar myndir frá því í síðustu viku af Scott og stílistanum Chloe Bartoli, sem sögð er fyrrverandi kærasta Scotts, birtust í erlendum miðlum. Þar sjást þau láta vel hvort að öðru í Mónakó og á Kourtney að hafa slitið sambandinu fyrir fullt og allt um helgina.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem sögusagnir fara á kreik um að Scott hafi verið henni ótrúr, en einnig er talið að mikil drykkja hans og partístand hafi haft áhrif á ákvörðunina, en hann hefur verið iðinn við að fá sér í glas á síðustu misserum og aðstandendur hans og vinir sagðir hafa áhyggjur af honum.

Það var vefmiðillinn E! sem sagði fyrst frá sambandsslitunum en sjónvarpsþáttur fjölskyldunnar hefur verið sýndur á samnefndri sjónvarpsstöð frá upphafi.

KOURTNEY OG SCOTT

- **2006 →** Kourtney og Scott byrja að hittast.
- **2007 →** Keeping up with the Kardashians hefur göngu sína.
- **2009 →** Hætta saman en byrja saman aftur þegar Kourtney kemst að því að hún er ólétt.
- **2009 →** Sonurinn Mason Dash Disick fæðist þann 14. desember.
- **2011 →** Parið tilkynnir að það eigi von á sínu öðru barni og allt virðist ganga vel.
- **2012 →** Dóttirin Penelope Scotland Disick fæðist þann 8. júlí.
- **2014 →** Sonurinn Reign Aston Disick fæðist þann 14. desember.
- **2015 →** Myndir af Scott að láta vel að annarri konu birtast á netinu.
- **2015 →** Erlendir slúðurmiðlar fjalla um sambandsslit Kourtney og Scott.

ALLT BÚIÐ? Scott og Kourtney hafa verið saman frá árinu 2006 og eiga saman þrjú börn. NORDICPHOTOS/GETTY

Rod Stewart þurfti að sleppa þröngu buxunum

Söngvarinn góðkunni þurfti, að því er eiginkona hans heldur fram, að hætta að ganga í þröngum buxum til þess að geta getið barn.

Penny Lancaster, eiginkona söngvarans Rods Stewart, var í viðtali í breska þættinum Loose Women á dögunum þar sem hún sagði að Stewart hefði þurft að hætta að klæðast þröngum buxum, hans einkennisklæðnaði, þegar þau voru að reyna að geta sitt annað barn.

Lancaster og Stewart hafa verið gift síðan árið 2007 og eiga saman tvo syni, þá Alistair, níu ára, og Aiden, fjögurra ára, og sagði Lancaster í viðtali að læknir hefði ráðlagt eiginmanni hennar að sleppa þröngum fatnaði fyrir neðan mitti á meðan á þeim tilraunum stæði og einnig forðast það að fara í of heitt bað.

Hvort sem það var þeim ráðleggingum læknisins að þakka eða ekki þá buðu hjónakornin annað barn sitt velkomið í heiminn þann 16. febrúar árið 2011 en Stewart, sem varð sjötugur á þessu ári, á fyrir átta börn með fimm konum.

Það er nóg að gera hjá Stewart en von er á nýrri plötu frá söngvaranum í október á þessu ári og mun hún bera nafnið Another Country. Verður þetta tuttugasta og níunda breiðskífa söngvarans sem hefur gefið út ófáa smellina í gegnum árin, en hann gaf út sína fyrstu breiðskífu árið 1969 sem bar nafnið An Old Raincoat Won't Ever Let You Down. - glö

ALSÆL Hjónakornin hafa verið gift frá árinu 2007 og eiga tvo syni saman. NORDICPHOTOS/GETTY

40.000

fréttaþyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play

FRÉTTABLAÐIÐ

PIPAR\TBWA – SÍA

Sjöunda stóra stökk strákanna

Íslenska knattspyrnulandsliðið er væntanlega að fara að taka stórt stökk á nýjasta FIFA-listanum og komast hærra en nokkurn tímann fyrr þegar nýr listi verður gefinn út á morgun. Þetta verður ekki fyrsta stóra stökkið síðan Lars Lagerbäck tók við liðinu árið 2012.



FÓTBOLTI Ætli það verði ekki talað um íslenska knattspyrnu fyrir og eftir Lars Lagerbäck eftir nokkur ár, svo ótrúlegum árangri hefur Svíinn náð með hjálp Heimis Hallgrímssonar. Umbreytingin á íslenska karlalandsliðinu undanfarin þrjú ár er hvergi meira áberandi en í valhoppi íslenska liðsins um upp styrkleikalista FIFA.

Liðið sem var nokkrum sætum neðar en Færeyjar og Liechtenstein haustið 2011 er nú komið í hóp 25 bestu knattspyrnuþjóða heims.

Hinn öflugi spænski knattspyrnutölfræðingur Alexis Martín-Tamayo hefur tekið saman stig landa í næstu útgáfu FIFA-listans og samkvæmt hans útreikningum er íslenska liðið að hoppa upp í 23. sæti listans og er nú aðeins einu sæti á eftir Frökkum og sex sætum á eftir Ítölum.

Aftur bestir á Norðurlöndum

Ísland hefur hæst komist upp í 28. sæti listans en liðið varð efst Norðurlandaþjóða í október 2014. Danir stukku upp fyrir íslenska liðið á næsta lista en eru nú samkvæmt útreikningum Alexis komnir í annað sætið á ný.

Það er langt í bæði Svía (33. sæti) og Norðmenn (neðar en 60. sæti) sem voru sem dæmi meira en hundrað sætum á undan Íslandi fyrir þremur árum.

Standist útreikningar Mister Chip, sem bregðast nær aldrei, hoppar íslenska landsliðið um fjórtán sæti á listanum og verður þetta þá í sjöunda sinn í þjálfaratíð Lars Lagerbäck sem liðið tekur stórt stökk upp FIFA-listann á síðustu 34 mánuðum eða frá fyrsta stóra stökkinu í september 2012.

Sigurinn á Tékkum á Laugardalsvelli fyrir 26 dögum kom íslenska liðinu ekki bara á topp riðilsins í undankeppni EM 2016 allt sumar heldur einnig upp í annan styrkleikaflokk þegar dregið verður í undankeppni HM í Sankti Pétursborg í lok mánaðarins.

Sextánda sæti innan Evrópu

Íslenska liðið verður væntanlega í sextánda sæti af evrópsku þjóðunum á nýjum lista en liðin í sætum tíu til átján fylla annan styrkleikaflokk. Ísland er þriðja síðasta liðið þangað til og er á undan bæði Danmörku og Bosníu samkvæmt útreikningum Martín-Tamayo.

Hér á síðunni má sjá yfirlit yfir þessi sjö stóru stökk íslenska liðsins í þjálfaratíð Lars Lagerbäck en sex af þeim hafa komið eftir flotta sigra í undankeppnum. Auk þess hefur íslenska liðið sex sinnum hækkað sig um fimm til átta sæti milli útgáfu FIFA-listans þessi þrjú mögnuðu ár Lars með íslenska liðið.

ooj@frettabladid.is

Stóra sviðið bíður eftir frumsýningu Gunnars Nelson í Bandaríkjunum

UTAN VALLAR

Henry Birgir Gunnarsson
skrifar frá Las Vegas

Gunnar Nelson fær gullið tækifæri til þess að stimpla sig inn með látum í Bandaríkjunum á laugardag er hann þreytir frumraun sína í UFC hér í landi.

Þá mætir hann heimamanninum Brandon Thatch í bardaga sem fyrir fram er talinn vera afar jafn. UFC-kvöldið á laugardag er það stærsta á árinu hjá UFC og það stærsta frá upphafi að mati margra. Barist verður um tvo titla og aðrir bardagar kvöldsins eru heldur ekkert slor.

Stjarna kvöldsins og aðaldráttaraflið er Írinn kjaftfori Conor McGregor. Hann er mikill Íslandsvinur. Æfði hjá Mjölni og er æfingafélagi Gunnars. Þeir búa saman í stórri villu hér rétt fyrir utan Las Vegas og hafa æft saman síðasta mánuðinn.

Svo mikla trú hafa forráðamenn UFC á Gunnari að þeir settu bardaga hans sem einn af aðalbardögum kvöldsins. Bardagi hans er fjórði síðasti bardagi kvöldsins. Það er gríðarleg viðurkenning fyrir okkar mann sem vonandi nýtir tækifærið vel. Það vilja allir bardagakappar í UFC vera með á þessu kvöldi en aðeins útvaldir fá að keppa. Hinir koma á svæðið og hitta aðdáendur víða um bæ og reyna að minna á sig.

Í kringum þetta bardagakvöld er mikil dagskrá sem hófst í gær og mun standa út sunnudag. Þetta er „Super Bowl“ vika þeirra UFC-manna. Það verða alls konar uppákomur alla vikuna og svo ráðstefna þar sem hægt verður að hitta stjörnurnar og gera margt annað skemmtilegt. Mikil upplifun fyrir alla sem hingað koma í vikunni.

Hér í Las Vegas er allt af annarri stærðargráðu en fólk á almennt að venjast og fjölmiðlaáhuginn er gríðarlegur. Allir stærstu viðburðirnir fara fram á MGM Grand-hótelinu og bardagakvöldið í MGM Grand Garden Arena. Það er sögufrægur salur þar sem allir stærstu boxbardagar síðustu ára hafa farið fram. Þar börðust meðal annars Floyd Mayweather og Manny Pacqiuao á dögunum.

Salurinn tekur um 17 þúsund manns í sæti og komast færri að en vilja. Miðarnir voru líka ekkert ódýrir en á dögunum var verið að selja dýrustu miðana á yfir 300 þúsund krónur.

Þetta verður magnaður viðburður sem enginn ætti að missa af.

NÚ Á KR-VELLINUM KR og ÍBV eru góðkunningjar í bikar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjögur ár í röð

FÓTBOLTI Dregið var í undanúrslit Borgunarbikars karla og kvenna í gær. Bikarúrslitaliðin í kvennaflokki frá því í fyrra gætu mæst aftur á Laugardalsvellinum í ár því Stjarnan sækir Fylki heim og Selfoss tekur á móti Val eða KR.

Í karlaflokki taka KR-ingar á móti Eyjamönnum en þetta er fjórða árið í röð og í níunda sinn á síðustu 19 árum sem KR og ÍBV dragast saman í bikarnum.

1. deildarlið KA fær Val í heimsókn í hinum leiknum.

- óój

#KOLICELAND

PEPSI MAX OG WOW AIR KYNNA

KINGS OF LEON

NÝJA LAUGARDALSHÖLLIN 13. ÁGÚST

wow air

pepsi MAX

MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS OG Í SÍMA 551-3800.
NÁNAR Á SENA.IS/KOL

sena

DAGSKRÁ

21:30
YOU´RE THE WORST
Hressilegir gamanþættir um tvo frekar alvarlega einstaklinga sem halda að þau hafi hitt sálufélaga sinn en tíminn leiðir í ljós hvort samband þeirra gengur upp.

FJÖLBREYTT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:05
COVERT AFFAIRS
Fjórða þáttaröðin um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.

20:45
MISTRESSES
Bráðskemmtilegir þættir um fjórar vinkonur og flókin samskipti þeirra við karlmenn.

21:55
MAJOR CRIMES
Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsóknadeildar innan lögreglunnar í Los Angeles.

22:00
ONLY GOD FORGIVES
Spennumynd um eiturlyfjasmyglara sem lifir og hrærist í undirheimum Bangkok. Með aðalhlutverk fara Ryan Gosling og Kristin Scott Thomas.

21:35
COLD CASE
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.

18:00
DÓRA LANDKÖNNUÐUR
Við fylgjumst með Dóru og apanum hennar Klossa í hinum ýmsu ævintýrum.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 **Barnatími Stöðvar 2**
07.45 **Big Time Rush**
08.05 **The Middle**
08.30 **The Crazy Ones**
08.55 **Mom**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **Doctors**
10.15 **Spurningabomban**
11.05 **Around the World in 80 Plates**
11.50 **Grey's Anatomy**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **The Crimson Field**
13.55 **White Collar**
14.35 **The Lying Game**
15.20 **Man vs. Wild**
16.05 **Big Time Rush**
16.30 **Welcome To the Family**
16.55 **Baby Daddy**
17.15 **Bold and the Beautiful**
17.40 **Nágrannar**
18.05 **The Simpsons**
18.30 **Fréttir**
18.47 **Íþróttir**
18.55 **Modern Family**
19.15 **Víkingalottó**
19.20 **The Middle** *(10:24)*
19.40 **Weird Loners** *(6:6)* Frábærir nýir þættir um fjóra einstaklinga á fertugsaldrinum sem búa í sama fjölbýlishúsinu í Queens í New York.
20.05 **Covert Affairs** *(2:16)* Fjórða þáttaröðin um CIA-fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði í vinnunni og utan hennar.
20.45 **Mistresses** *(3:13)* Þriðja syrpan af þessum bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.
21.30 **Your're the Worst** *(1:10)* Hressilegir gamanþættir um tvo einstaklinga sem eru afar sjálfsgagnrýnir og á veröldina í kringum þau. Þegar þau hittast virðast þau hafa hitt sálufélaga sína en tíminn leiðir það í ljós hvort samband þeirra gengur upp.
21.55 **Major Crimes** Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
22.40 **Weeds** *(10:13)*
23.10 **Battle Creek** *(9:13)*
23.55 **Tyrant**
00.40 **NCIS**
01.25 **The Roommate**
02.55 **Hansel and Gretel: Witch Hunter**
04.20 **The Middle**
04.40 **Weird Loners**
05.05 **Mistresses**
05.50 **Fréttir**

SPORT *besta sætið*

13.15 **KR - FH**
15.10 **Borgunarmörkin 2015**
16.05 **PSG - Barcelona**
17.45 **Orkumótið í Eyjum**
18.25 **Roma - Bayern Munchen**
20.05 **Goðsagnir – Tryggvi Guðmundsson**
21.00 **World's Strongest Man 2014**
21.30 **Wimbledon Tennis 2014**

SPORT 2 *enski boltinn*

13.15 **Fulham - Liverpool**
15.00 **Man. City - Tottenham**
16.45 **Premier League World**
17.15 **Man. Utd. - Liverpool**
18.55 **Manstu**
19.35 **Man. Utd. - Chelsea**
21.15 **Goðsagnir - Ingi Björn**
21.45 **Fulham - Tottenham**
23.25 **Man. City - Liverpool**

INN

20.00 Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Eldað með Holta **21.30** Sjónvarp Kylfings.is

STÖÐ 3

18.15 **Last Man Standing**
18.35 **Cristela**
19.00 **Hart Of Dixie**
19.45 **Silicon Valley**
20.15 **Awake** *(6:13)* Spennandi þættir um lögreglumanninn Michael Britten.
21.00 **The Originals** *(6:22)* Önnur spennuþáttaröðin sem fjallar um Mikaelsons-fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svokölluðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi.
21.40 **The 100** *(14:16)* Önnur þáttaröðin af þessum spennandi þáttum sem gerast í framtíðinni eða 97 árum eftir að kjarnorkusprengja lagði heiminn eins og við þekkjum hann í rúst.
22.25 **Dallas** *(15:15)*
23.10 **Sirens**
23.30 **Supernatural**
00.15 **Hart Of Dixie**
01.00 **Silicon Valley**
01.30 **Awake**
02.10 **The Originals**
02.55 **The 100**
03.40 **Tónlistarmyndbönd**

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Ævintýri Tinna **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Lukku-Láki **09.25** Latibær **09.47** Skoppa og Skrítla **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Ævintýri Tinna **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Lukku-Láki **13.25** Latibær **13.49** Skoppa og Skrítla **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Ævintýri Tinna **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Lukku-Láki **17.25** Latibær **17.49** Skoppa og Skrítla **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Surf's Up

GULLSTÖÐIN

17.20 **Strákarnir**
17.50 **Friends**
18.15 **New Girl**
18.40 **Mike and Molly**
19.00 **How I Met Your Mother**
19.25 **Hannað fyrir Ísland**
20.05 **Hæðin** *(4:9)* Þrjú gerólík pör fá það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæðinni.
20.55 **Chuck** *(10:24)* Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörkuskemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
21.40 **Cold Case** *(13:23)* Vonin lifir því sönnunargögnin deyja aldrei.
22.20 **Curb Your Enthusiasm** *(9:10)*
22.55 **Sullivan and Son**
23.20 **Hannað fyrir Ísland**
00.00 **Hæðin**
00.50 **Chuck**
01.35 **Cold Case**
02.15 **Curb Your Enthusiasm**
02.50 **Tónlistarmyndbönd**

BÍÓSTÖÐIN

10.20 **LOL**
11.55 **Another Happy Day**
13.55 **Bridges of Madison County**
16.10 **LOL**
17.45 **Another Happy Day**
19.45 **Bridges of Madison County**
22.00 **Only God Forgives**
00.45 **This is The End**
02.30 **Only God Forgives**

RÚV

16.10 **Sumardagar**
16.35 **Blómabarnið**
17.20 **Disneystundin**
17.21 **Finnbogi og Felix**
17.43 **Sígildar teiknimyndir**
17.50 **Herkúles**
18.15 **Táknmálsfréttir**
18.25 **Heilabrot** *(10:10) (Fuckr med dn hjrne II)*
18.54 **Víkingalottó** *(45:52)*
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veðurfréttir**
19.35 **Sumardagar** *(4:19) (Reykjavík)* Bein útsending þar sem Fannar Sveinsson, Benedikt Valsson, Salka Sól og liðsmenn Virkra morgna bera landsmönnum fréttir úr höfuðborginni og af landsbyggðinni.
19.55 **Vinur í raun** *(5:6) (Moone Boy II)*
20.20 **Silkileiðin á 30 dögum** *(7:10) (Sidenvägen på 30 dagar)*
21.05 **Hið sæta sumarlíf** *(Det Søde Sommerliv)*
21.15 **Neyðarvaktin** *(19:23) (Chicago Fire III)*
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **Sýrland: Bræður í stríði** *(Syria, Two Brothers in the War)*
23.15 **Gárur á vatninu**
00.05 **Fréttir**
00.20 **Dagskrárlok**

SKJÁREINN

06.00 **Pepsi MAX tónlist**
08.00 **Everybody Loves Raymond**
08.20 **Dr. Phil**
09.00 **The Talk**
09.45 **Pepsi MAX tónlist**
13.40 **Cheers**
14.05 **Dr. Phil**
14.45 **Reign**
15.30 **Britain's Next Top Model**
16.20 **Minute To Win It**
17.05 **Royal Pains**
17.50 **Dr. Phil**
18.30 **The Talk**
19.10 **Million Dollar Listing**
19.55 **Growing Up Fisher** *(4:13)*
20.15 **America's Next Top Model** *(3:16)*
21.00 **Girlfriends' Guide to Divorce** *(1:13)*
21.45 **The Bridge** *(5:13)*
22.30 **Sex & the City**
22.55 **Madam Secretary**
23.40 **Agents of S.H.I.E.L.D.**
00.25 **Agent Carter**
01.10 **Girlfriends' Guide to Divorce**
01.55 **The Bridge**
02.40 **Sex & the City**
03.05 **Pepsi MAX tónlist**

Golfstöðin

08.15 PGA Tour 2015
11.15 PGA Special. Tour Life
11.40 PGA Tour 2015
16.40 PGA Tour 2015 - Highlights
17.35 Inside The PGA Tour 2015
18.00 Golfing World 2015
18.50 PGA Tour 2015
23.50 Golfing World 2015

HRINGBRAUT

00.00 Fólk með Sirrý **01.00** Atvinnulífið **01.30** Fólk og frumkvæði **02.00** Fólk með Sirrý **03.00** Atvinnulífið **03.30** Fólk og frumkvæði **04.00** Fólk með Sirrý **05.00** Atvinnulífið **05.30** Fólk og frumkvæði **06.00** Fólk með Sirrý **07.00** Atvinnulífið **07.30** Fólk og frumkvæði **08.00** Fólk með Sirrý **09.00** Atvinnulífið **09.30** Fólk og frumkvæði **10.00** Fólk með Sirrý **11.00** Atvinnulífið **11.30** Fólk og frumkvæði **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Fólk og frumkvæði **14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Fólk og frumkvæði **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Fólk og frumkvæði **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Fólk og frumkvæði **20.00** Mannamál **20.30** Matjurtir **20.45** Heimsljós **21.15** 433 **21.45** Grillspaðinn **22.00** Mannamál **22.30** Matjurtir **22.45** Heimsljós **23.15** 433 **23.45** Grillspaðinn

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

HUNDRUÐIR VARA!

RISA SUMARÚTSALAN ER HAFIN!

Sjáðu allar útsöluvörurnar á byggtogbuid.is

20-70% afslátturr!

KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

Sjáðu allar útsöluvörurnar á byggtogbuid.is

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

UPPÁHALDSDÝRIÐ

„Ljón því þau eru stórhættuleg og öfgafull, húðlöt og svo alveg snar. Elska svona sprengiorku og klikkun. Sjálf er ég í ljónsmerkinu, rauðhærð með makka og svipuð karakter-einkenni. Samsama mig ágætlega þessu dýri sem ljónið er.“

Ágústa Eva Erlendsdóttir, tónlistar- og leikkona.

Bók fyrir unglinga skrifuð af unglingum

Teymið sem samdi leikritið Unglingurinn skrifar bók en það hlaut nýræktarstyrk miðstöðvar íslenskra bókmennta.

Vinirnir Óli Gunnar Gunnarsson og Arnór Björnsson eru líklegast á meðal mest drífandi unglinga á landinu í dag. Í fyrra settu þeir upp leikritið Unglinginn í Gaflaraleikhúsinu sem sló í gegn og nú eru þeir að skrifa bók ásamt Bryndísi Björgvinsdóttur.

Þau hlutu á dögunum styrk úr nýræktarsjóði miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir gerð bókarinnar.

„Bókin verður unglingabók skrifuð af unglingum handa unglingum. Það er oft þegar þetta fullorðna fólk er að skrifa fyrir unglinga að það er ekki alveg nógu mikið með á nótunum. Bókin er ekki tengd leikritinu en þetta er samt svipaður húmor,“ segir Óli Gunnar.

Þetta er fyrsta bókin sem strákarnir skrifa en Bryndís hefur samið nokkrar bækur, þar á meðal Hafnfirðingabrandarann sem kom út á seinasta ári.

„Það er mjög óvenjulegt að vera þrjú að skrifa eina bók saman en þetta hefur gengið vel hingað til. Við erum kannski meira eins og hljómsveit. Við erum að klára að smíða síðasta kaflann akkúrat núna en bókin kemur út í nóvember,“ segir Bryndís.

Óli Gunnar er sonur Gunnars Helgasonar leikara, sem er líka að fara að gefa út bók á svipuðum tíma í vetur. „Þetta verður blóðbað. Við verðum að keppast um sæti á bókalistunum og það verður ekkert gefið eftir. Þetta verður eins og Star Wars, sonurinn að berjast við pabbann,“ segir Arnór.

- gj

UNGLINGARNIR Strákarnir skrifa bók fyrir unglinga eftir unglinga.

Sumar útsala

MEIRA Á dorma.is

JACKPOT
U-sófi
Svart, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.
Fullt verð: 189.900 kr.



149.900 kr.

IBIZA
U-sófi
Grábrúnt, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.
Fullt verð: 249.900 kr.



189.900 kr.

Þú finnur bæklinginn á dorma.is

MIAMI
svefnsófi með horntungu
Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Bara vinstri tunga. Stærð: 240 x 225 cm, H: 80 cm.
Fullt verð: 169.900 kr.

149.900 kr.

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

MIKAEL ÓMAR Mikael hefur ekki fastað í heilan mánuð en það er markmikið eftir nokkur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Besta útgáfan af sjálfum sér á ramadan

Nazima Kristín Tamimi og Mikael Ómar Lakhlifi eru ungir Íslendingar sem taka þátt í föstu í ramadan. Nazima fastar allan mánuðinn en Mikael tekur nokkra daga í viku.

Ramadan er nú í fullum gangi og það eru margir sem halda upp á mánuðinn enda er hann heilagur. Íslam er ein algengasta og dreifðasta trú heimsins og því geta hefðir í ramadan-mánuðinum verið misjafnar. Fréttablaðið náði tali af tveimur ungum Íslendingum sem taka þátt í ramadan.

Nazima Kristín Tamimi er múslimi en hún er stödd í Palestínu að læra arabísku og heimsækja fjölskyldu. Hún er nýútskrifuð úr menntaskóla á Íslandi.

„Það að vera að fasta í Palestínu en ekki á Íslandi hefur sína kosti og galla. Helsti kosturinn er auðvitað að dagurinn er miklu styttri hér heldur en heima. Í Palestínu er fastað í um 16 tíma en það eru rúmlega 18 tímar á Íslandi. Annar kostur við að vera í Palestínu er að það eru allir aðrir að fasta og því er sýndur meiri skilningur. Veitingastaðir eru lokaðir á daginn og opna rétt fyrir kvöldmat og þá er oft svakaleg veisla. Gallinn við að vera hérna úti er hitinn. Það er erfitt að ætla að fara niður í bæ og ganga um í 30 stiga hita án þess að vera búinn að næra sig,“ segir Nazima.

Í grófum dráttum þá er ramadan sá mánuður þegar Mohammed spámaður á að hafa fengið Kóraninn frá guði. Fastað er frá sólarupprás til sólseturs. Það er ekki aðeins matur og vatn sem fólk neitar sér um heldur einnig reykingar, kynlíf, ljótt umtal, slúður og fleira. Mánuðurinn á að vera tækifæri til þess að vera besta útgáfan af sjálfum sér.“

Mikael Ómar Lakhlifi tekur nokkra daga í viku þar sem hann fastar. Hann er aðeins 15 ára gamall en hann ætlar sér þó að fasta í heilan mánuð eftir nokkur ár.

FYRSTA VIKAN ERFIÐUST Nazima Kristín er stödd í Palestínu en þetta er í fyrsta skiptið sem hún fastar þar. MYND/AÐSEND

„Ég aðhyllist hvorki íslam né kristna trú. Pabbi minn hefur fastað í 30 ár og þetta er eitthvað sem mig langar að gera. Svo er líka gott fyrir líkama og sál að taka þetta inn á milli. Þetta er ekki auðvelt og ég verð mjög þreyttur þegar ég er að fasta. En það er alltaf þess virði á kvöldin þegar við fáum að borða. Það er alltaf fullt af mat á boðstólum og maður borðar á sig gat. Við borðum klukkan átta þar sem við fylgjum klukkunni í Marokkó, en pabbi minn er þaðan.“

Mikael og Nazima eru bæði sammála um að það að byrja að fasta geti verið mjög erfitt. „Fyrsta eina og hálfa vikan er langerfiðust. Eftir hana fer þetta að hætta að vera kvöl og pína og verður meira eins og skylda sem þig langar til að framfylgja. Það er enginn sem neyðir mann til þess að taka þátt í ramadan,“ segir Nazima.

„Síðustu tíu dagarnir í ramadan eru heilagastir og því fylgir tilheyrandi veisla. Í mörgum löndum safnast fólk saman á götum úti, spilar tónlist og fagnar því að mánuðurinn sé að klárast og gleðst yfir að hafa náð svona langt.

Í lok ramadan er aðalveislan og fólk kaupir gjafir, kaupir sér ný föt fyrir síðasta daginn, heldur enn stærra matarboð en áður og býður fullt af fólki. Í heildina er ramadan mjög fallegur mánuður sem ég hvet alla til að taka þátt í einhvern daginn.“

gunnhildur@frettabladid.is

→ Quiz Up vinsælla vegna ramadan?

Mikil uppsveifla hefur verið hjá Quiz Up í Frakklandi en það er talið vera vegna ramadan. Samkvæmt Þorsteini Friðrikssyni, forstjóra Plain Vanilla, er hægt að rekja upphafið á vinsældunum þar í landi til þessa heilaga mánaðar.

„Við erum ekki með neina eina útskýringu, enda oft erfitt að útskýra af hverju nákvæmlega hlutir verða að æði á tilgreindum mörkuðum. Við tókum hins vegar eftir því við upphaf hinna miklu vinsælda í Frakklandi að þá virtist vera mikið um franska notendur af arabískum uppruna sem töluðu á spjallborðum leiksins talsvert um ramadan og hversu gott það væri að hafa QuizUp við höndina til þess að láta ramadan líða fyrr,“ segir Þorsteinn.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

KFC

NÝTT!

THE B.O.S.S

BIG ORIGINAL SANDERS SANDWICH

Í TAKMARKAÐAN TÍMA!

B.O.S.S

Original kjúklingaborgari með káli, lauk, 2 sneiðum af osti, piparmajónesi og B.O.S.S-sósu.

1.079 KR.

B.O.S.S-borgari, 2 Hot Wings, franskar, gos og Risahraun.

1.849 KR.

SVOOO GOTT

PIPAR \ TBWA - SÍA - 153018

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

WOWAIR.IS

BAKÞANKAR
Snærósar Sindradóttur

Stjörnur á hátindi ferilsins

Ég mun seint gleyma tónleikasumrinu mikla 2004. Þá var ég tólf að verða þrettán ára gömul og gerðist svo fræg að sjá Kraftwerk og Pixies í Kaplakrika og Lou Reed, Sugababes, Pink og emórokksveitina Placebo í Laugardalshöll. Allt á einu sumri.

MINNINGIN um 2004 kveikti hjá mér vangaveltur um það hvaða risastóru hljómsveitir hefðu komið hingað til lands á toppi ferils síns. Það vill nefnilega oft þannig til að við fáum afgangana. Restar goðsagnakenndra tónlistarmanna. Fjóra af níu. Forna frægð. Og svo fáum við hingað tónlistarmenn sem verða risavaxnir ári síðar. Hafandi troðið upp á Gauki á Stöng undir súð en fylla svo heilu leikvangana af grátandi aðdáendum. Og koma þá aldrei aftur.

ÁRIÐ 1970 komu Led Zeppelin og kenndu okkur að rokka. Íslenskir aðdáendur sátu eftirvæntingarfullir á steyptu gólfi Laugardalshallarinnar. Nákvæmlega eins og þeir voru vanir að sitja á gulbrúnu teppalögðu gólfi í stofunni sinni við eina plötuspilara heimilisins. Deep Purple kom tveimur árum síðar á hátindi ferilsins. The Stranglers mætti svo með síðpönkið árið 1978, þegar pönkið var í blóma, og tveimur árum síðar kom Clash, pönksveitin sem allir geta sungið með. Þvílíkur áratugur.

Á þessari öld hafa vissulega komið stór bönd á hátindinum. Rammstein-menn voru heimsfrægir á Íslandi árið 2001. Konur rifu sig úr að ofan og þakið ætlaði af Laugardalshöll í bókstaflegri merkingu. Nick Cave hefur nokkrum sinnum komið, oft þegar hann hefur verið upp á sitt vinsælasta. 50 Cent var guð í hugum þrettán ára stráka árið 2004 og Snoop Dogg var virkilega stór.

MÉR myndi ekki endast plássið til að telja upp öll þau bönd sem hafa haldið tónleika hér á landi þegar stjarna þeirra er tekin að síga. En það skiptir samt ekki máli. Það var örugglega gaman á tíundu tónleikum Jethro Tull eða þegar Bryan Ferry tók Slave to Love í Hörpu.

Boltinn rúllar
hjá Gaman Ferðum!

Vertu á staðnum!
Yfir 200 fótboltaferðir á leiki í ensku úrvalsdeildinni voru að koma í sölu
Fáðu stemninguna beint í æð!

Arsenal - Liverpool 23.-25. ágúst
Frá: **109.900 kr.**
Innifalið er flug til London, gisting í 2 nætur miðað við 2 saman í herbergi, morgunmatur og miði á leikinn.



Liverpool - Norwich 18.-21. september
Frá: **109.900 kr.**
Innifalið er flug til London, gisting í 3 nætur miðað við 2 saman í herbergi, morgunmatur, aðgangur að veitingastað á Anfield fyrir leik, leikskrá leiksins og miði á leikinn.

Man. United - Sunderland 25.-28. sept.
Frá: **99.900 kr.**
Innifalið er flug til London, gisting í 3 nætur miðað við 2 saman í herbergi, morgunmatur, aðgangur að veitingastað á Old Trafford fyrir leik, leikskrá leiksins og miði á leikinn.

Chelsea - Southampton 2.-5. október
Frá: **119.900 kr.**
Innifalið er flug til London, gisting í 3 nætur á Chelsea hótelinu miðað við 2 saman í herbergi, morgunmatur, þriggja rétta máltíð, leikskrá leiksins, skoðunarferð um völlinn og miði á leikinn.

Gaman Ferðir

Gaman Ferðir fljúga með WOW air

www.gaman.is / gaman@gaman.is / Sími 560 2000 /